Janúar 2020

# KYNFERÐISLEG FRIÐHELGI

## UMFJÖLLUN UM RÉTTARVERND OG ÁBENDINGAR TIL ÚRBÓTA

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Útgefandi:
Forsætisráðuneytið

Greinargerð til stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi

Janúar 2020

©2020 María Rún Bjarnadóttir

ISBN 978-9935-482-15-0

# Efnisyfirlit


Inngangur ..... 13

1. Almennt ..... 15

1.1 Afmörkun umfjöllunar ..... 15

1.2 Aðferðafræði ..... 16

1.3 Hugtakanotkun ..... 18

**1.4** Umfang og afleiðingar ..... 28

1.4.1 Fjöldi mála ..... 28

1.4.2 Brotaþolar ..... 31

1.4.3 Afleiðingar ..... 33

2. Reynsla annarra ríkja ..... 37

2.1 Bandaríkin ..... 39

2.2 Svíþjóð ..... 42

2.3 Danmörk ..... 45

2.4 Noregur ..... 48

2.5 England og Wales ..... 51

2.6 Skotland ..... 55

2.7 Ástralía ..... 56

3. Lagasetning um kynferðislega friðhelgi ..... 59

3.1 Þörf á lagasetningu ..... 59

3.1.1 Samfélagslegar breytingar ..... 61

3.1.2 Takmarkanir í ríkjandi réttarframkvæmd ..... 67

3.1.3 Pólitískur vilji ..... 98

3.2 Álitaefni við útfærslu lagasetningar ..... 100

3.2.1 Refsiákvæði eða einkaréttarleg úrræði ......101
3.2.2 Samhverft brot ......102
3.2.3 Refsirammi ......104
3.2.4 Verknaðarþættir ......107
3.2.5 Staða 15-18 ára einstaklinga ......114
3.2.6 Hlutleysi gagnvart tækni og miðlum ......116
4. Stefnumótandi aðgerðir ......118
4.1 Forvarnir og fræðsla ......118
4.1.1 Inntak ......119
4.1.2 Fyrirkomulag ......121
4.2 Úrræði fyrir brotaþola ......123
4.2.1 Lagaleg og tæknileg ráðgjöf ......123
4.2.2 Uppbygging með víðtækri aðkomu ......125
4.2.3 Endurgjaldslaus þjónusta fyrir þolendur ......127
4.3 Meðferð mála innan réttarvörslukerfisins ......127
4.3.1 Þjálfun réttarvörslukerfisins ......127
4.3.2 Endurskoðað verklag ......131
4.3.3 Aðföng ......132
5. Niðurstaða og tillögur ......134
5.1 Tillaga um lagabreytingar ......135
5.1.1 Nýtt ákvæði 199. gr. a hgl. um kynferðislega friðhelgi ......135
5.1.2 Breytingar á ákvæðum friðhelgiskafla almennra hegningarlaga ......137
5.1.3 Ný málsgrein bætist við 210. gr. a hgl. um barnaníð ......139
5.1.4 Breyting á 83. gr. laga um meðferð sakamála ......140
5.2 Tillaga að stefnumiðandi aðgerðum ......140
5.2.1 Aldursmiðuð fræðsla og forvarnir ......140
5.2.2 Úrbætur innan réttarvörslukerfisins ......141

5.2.3 Koma aðstoð við brotaþola í skýran farveg ....................................................142
Heimildaskrá ........................................................................................................143
Lagaskrá ...............................................................................................................155
Íslensk lög..............................................................................................................155
Ensk lög.................................................................................................................155
Skosk lög ...............................................................................................................155
Bandarísk lög .........................................................................................................155
Norsk lög ...............................................................................................................155
Sænsk lög..............................................................................................................155
Dönsk lög...............................................................................................................156
Dóma- og úrskurðaskrá .........................................................................................156
Dómar Hæstaréttar Íslands ...................................................................................156
Dómar og úrskurðir Landsréttar ...........................................................................156
Dómar héraðsdómstóla .........................................................................................156
Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu ...................................................................157
Dómar bandarískra dómstóla ................................................................................157
Dómar norskra dómstóla.......................................................................................157
Vefsíður..................................................................................................................157

# Myndaskrá

Mynd 1 Myndrænt kynferðisofbeldi á sér margar birtingarmyndir og ólíkar ástæður ...............22

Mynd 2 Henry, Flynn og Powell fjalla um myndrænt kynferðisofbeldi sem eina birtingarmynd tæknistudds kynferðisofbeldis (e. technology facilitated sexual violence). ..........24

Mynd 3 Yfirlit yfir íslensk hugtök sem notuð hafa verið um háttsemina ..................................27

Mynd 4 Fjöldi barna undir 18 ára aldri sem Barnahús hefur haft aðkomu að í tengslum við kynferðislegar myndbirtingar 2014-2017 ..............................................................30

Mynd 5 Mörk kynferðisbrota í gildandi lögum ...........................................................................70

Mynd 6 Í hverju brotið er falið? Fullorðnir þolendur þegar brotið er gegn kynferðislegri friðhelgi með stafrænum hætti. Íslensk dómaframkvæmd 2008-2019 .................74

Mynd 7 Í hverju brotið er falið? Þolendur börn (undir 18 ára). Brotið gegn kynferðislegri friðhelgi með stafrænum hætti. Íslensk dómaframkvæmd 2008-2019. ................76

# Samantekt

Meginniðurstöður greinargerðarinnar eru þær að þörf er á lagasetningu til þess að tryggja heildstæða og fullnægjandi réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga í íslenskum rétti. Enn fremur þarf að fylgja lagabreytingum eftir með þríþættum stefnumótandi aðgerðum sem lúta að forvörnum og fræðslu, úrbótum á meðferð mála innan réttarvörslukerfisins og stuðningi við þolendur. Til grundvallar þessari niðurstöðu liggur greining á lagaumgjörð og réttarframkvæmd í íslenskum rétti, sem einnig er tekin til skoðunar í samanburði við löggjöf annarra ríkja og leiðir í ljós ósamræmi í dómframkvæmd og veikleika í löggjöfinni. Þá er stuðst við niðurstöður úr viðtalsrannsókn við hagsmunaaðila sem starfa innan réttarvörslukerfisins, innlenda og erlenda sérfræðinga og sjónarmið þolenda brota gegn kynferðislegri friðhelgi. Þær aðgerðir sem lagt er til að ráðist verði í eru til þess fallnar að skýra réttarvernd fyrir friðhelgi einstaklinga í ljósi aukinnar tækninotkunar í mannlegum samskiptum.

Þá er lagt til að hugað verði að lagabreytingum sem falla utan þess ramma sem greinargerð þessari er markaður. Að mati höfundar er rétt að stjórnvöld ráðist sem fyrst í heildstæða endurskoðun á annars vegar refsingum fyrir kynferðisbrot og hins vegar á refsivernd friðhelgi einkalífs og rannsóknarúrræðum vegna stafrænna brota.

## Tillaga um lagabreytingar

Ýmsar leiðir eru færar til þess að styrkja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi í íslenskum rétti. Sú leið sem hér er lögð til byggist á tvíþættum skilningi á háttseminni sem um ræðir og felur í sér breytingar á tveimur köflum almennra hegningarlaga auk breytinga á ákvæðum laga um meðferð sakamála.

<u>Tvær breytingar eru lagðar til í XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot:</u>

1) Ný grein, 199. gr. a, um kynferðislega friðhelgi
2) Breytingar á 210. gr. a um barnaníðsefni

Tillaga að nýju ákvæði sækir meðal annars fyrirmynd til nýlegra lagabreytinga í Svíþjóð, en tekur jafnframt mið af þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram við setningu og framkvæmd laga í Englandi og Wales, Skotlandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Við orðalag er hugað að samræmi við hugtakanotkun í almennum hegningarlögum og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæðið er til þess fallið að skýra réttarframkvæmd og bæta réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga

á Íslandi. Með tillögunni er tekinn úr sambandi siðferðislegur grundvöllur refsinæmis og réttindamiðuð nálgun styrkt. Þá er komið til móts við þær áskoranir sem áhrif tækniframfara á samskipti hafa haft á vernd friðhelgi einstaklinga.

Tillaga um breytingu á ákvæði almennra hegningarlaga um barnaníð felur í sér að heimilt verði að lækka refsingu eða láta hana falla niður þegar háttsemi á sér stað á milli jafningja. Við útfærslu er stuðst við orðalag 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum og byggt á reynslu Norðmanna af sambærilegri heimild í þarlendri refsilöggjöf. Með breytingunni yrði refsiábyrgð vegna kynferðislegra samskipta jafningja afnumin, en sú nálgun styður við skýrari skilning á samþykkishugtakinu í kynferðisbrotakaflanum og tekur mið af veruleika íslenskra ungmenna.

<u>Breytingar á ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs:</u>

1) Ákvæði 228. gr. og 229. gr. endurskoðuð
2) Orðalagsbreyting í 242. gr.

Friðhelgiskafli almennra hegningarlaga er úreltur og veitir ekki nægilega réttarvernd í ljósi þeirra tækni-, samfélags- og samskiptabreytinga sem hafa átt sér stað. Tímabært er að taka kaflann til heildstæðrar endurskoðunar, en engu að síður eru hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum 228. gr., 229. gr. og 242. gr. Þessar tillögur miða að því að jafna réttarstöðu einstaklinga sem verða fyrir brotum gegn kynferðislegri friðhelgi og tryggja að alvarleg brot sæti ákæru.

<u>Breytingar á lögum um meðferð sakamála:</u>

1) Breyting á 2. mgr. 83. gr.

Í því skyni að tryggja fullnægjandi rannsóknarúrræði lögreglu til þess að bregðast við stafrænum brotum gegn kynferðislegri friðhelgi er lögð til breyting á 2. mgr. 83. gr. laga um meðferð sakamála þannig að við upptalningu ákvæða bætist ný grein, 199. gr. a hgl. Ekki er lagt til að heimildin nái einnig til breytinga sem lagðar eru til á friðhelgiskafla almennra hegningarlaga í þágu samræmis við önnur ákvæði kaflans.

## Tillaga að stefnumiðandi aðgerðum

Samhliða lagasetningu er lagt til að stjórnvöld ráðist í stefnumótandi aðgerðir til þess að auka vernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga. Mikilvægt er að hafa samhljóm á milli lagasetningar og stefnumótandi aðgerða til að tryggja virka framkvæmd og eftirfylgni laganna, en það er einnig til þess fallið að styrkja samfélagsleg áhrif lagasetningarinnar og þau varnaðaráhrif sem í henni geta falist. Þá má binda vonir við að öflugar

forvarnir, sem taka skýrt mið af lagaumgjörðinni og beinast bæði að hugsanlegum gerendum og þolendum, leiði til færri brota.

Í þessu skyni er lagt til að stjórnvöld grípi til þrenns konar aðgerða:

### Aldursmiðuð fræðsla og forvarnir

Staðið verði fyrir aldursmiðaðri fræðslu og forvörnum um stafræna kynferðislega háttsemi í samstarfi við félagasamtök og stofnanir. Við efnistök verði hugað að því að mismunandi hópar í samfélaginu geta haft ólíka afstöðu til kynferðislegrar friðhelgi og haft misgóða þekkingu og færni í notkun stafrænnar tækni.

### Úrbætur innan réttarvörslukerfisins

Með hliðsjón af reynslu annarra ríkja, upplifun þolenda af meðferð mála innan réttarvörslukerfisins og sjónarmiðum sem komið hafa fram í viðtölum við viðmælendur er ljóst að tækifæri eru til úrbóta í meðferð mála sem varða kynferðislega friðhelgi einstaklinga í íslensku réttarvörslukerfi. Tillögurnar eru settar fram í þremur liðum.

#### Þjálfun starfsfólks innan réttarvörslukerfisins

Færnistig starfsfólks innan réttarvörslukerfisins við meðferð brota gegn kynferðislegri friðhelgi verði hækkað í því skyni að mannafli nýtist sem best og til að koma í veg fyrir að undirliggjandi viðhorf geti haft hamlandi áhrif á framgang slíkra mála. Huga þarf að þjálfun allra sem koma að slíkum málum; ekki aðeins lögreglu heldur einnig handhafa ákæruvalds og eftir atvikum dómara.

#### Endurskoðun á verklagi

Verklag við öflun sönnunargagna verði bætt, annars vegar með þjálfun lögregluþjóna og hins vegar með setningu verklagsreglna og viðmiða um öflun, form og framsetningu stafrænna sönnunargagna. Leitast verði við að koma á skýrum verkferlum og boðleiðum í samskiptum lögreglu við tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla sem starfa á heimsvísu. Lagabreytingarnar myndu að líkindum hafa í för með sér breytingar á upplýsingasöfnun um brot gegn kynferðislegri friðhelgi, sem gagnast gæti við tölfræðisöfnun og mat á umfangi brotanna og hugsanlega einnig við áætlun og úthlutun aðfanga.

#### Lagasetningu fylgt eftir með upplýsingum um markmið og tilgang

Mikilvægt er að tryggja öflugt upplýsingaflæði til lögreglu um breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga og hvaða áhrif þær hafa á rannsókn og saksókn mála til að lagasetningin skili sér sem best í framkvæmd.

### Aðstoð við brotaþola komið í skýran farveg

Endurgjaldslaus sálræn, tæknileg og lögfræðileg aðstoð verði aðgengileg þolendum. Upplýsingagjöf til almennings verði bætt þannig að einstaklingar geti leitað ráða og aðstoðar hvort heldur sem þeir velja að veita málinu í farveg réttarvörslukerfisins eða ekki.

# Summary

The main findings of the report are that the in light of societal and technological changes, the Icelandic General Penal Code is not fit for purpose to ensure efficient protection of sexual privacy. This is based on a court case analysis highlighting a fractured application of current provisions, interviews with stakeholders, survivor's perspectives, and an extensive comparative legal analysis exposing gaps and overlaps in the current legal framework. The report suggests a comprehensive response to enhance the protection of sexual privacy in Iceland. It calls for a criminal law reform combined with a threefold policy reform addressing preventative measures, victim support and adjustments to the process and resources attributed to the issue within the criminal justice system.

Further, the research underpinning the recommendations has cast a light on issues that lie outside of the remit of the report, but the author recommends the Icelandic Government addresses and reforms. Firstly, an inconsistency in the sentencing framework of the sexual violations chapter of the General Penal Code. Second, the Icelandic statutory criminal protection of privacy are outdated and does not provide sufficient protection for privacy in the digital age. Both issues call for a comprehensive overhaul of the current frameworks.

## Criminal Law Reform

The current legal framework provides insufficient legal protection for breaches of sexual privacy and is not fit for purpose. The report acknowledges this can be addressed in a number of ways, but recommends a tailored legislative response built on a dualistic framing of the issue. Proposed changes in the General Penal Code affect both the chapter on sexual and privacy violations.

<u>Two changes are suggested to the chapter on sexual violations</u>

1) New clause 199 a on sexual privacy
2) Amend clause 210 a on child sexual exploitation material

The new provision draws i.e. on recent legal reforms in Sweden, extensive legal scholarship and experience of other legal initiatives. The violation is classified as a sexual offence by placing it in the relevant chapter, but addresses the privacy core of the violation in its framing. The sexual offence classification ensures victims access to legal aid and recognises the socio-cultural context of sexual harm. The clause is two tiered, allowing for a harsher sentencing framework in cases of malignant, targeted, or

mass violation of sexual privacy. It does not demand the perpetrator had the intent to cause harm, or indeed that direct harm was caused by their action. It takes note of the possibilities presented by deep-fakes and is framed in a technology and medium neutral way in order to address the underlying interests at stake. Further, the framing is aimed at focusing on the important personal rights that the clause aims to protect, rather than the social and moral context the provisions currently scarcely applied rely on. The amendment to the child sexual exploitation material is aimed at decriminalize young people´s sexual behaviour in a way that both protects their right to express themselves, and strengthens the criminal protection of their sexual privacy

3) Revise clauses 228 and 229 on privacy
4) Amend clause 242 on public prosecution for privacy violations

The current criminal protection offered to privacy rights in Icelandic legislation are outdated. Despite a comprehensive review of the chapter is timely, it is important the current frameworks adequately provides minimum safeguards for sexual privacy. The statutory distinction between injured parties depending on their relationship with their perpetrator should be eliminated, and serious breaches of privacy should be prosecuted under the general public prosecution system, and not depend on the injured party to take action.

<u>Proposed changes to the Code of Criminal Procedure:</u>

5) Amend clause 88 to allow for police investigatory powers in sexual privacy violation cases.

## Policy Reform

The findings emphasise the importance of comprehensive government backed action to enhance the protection of sexual privacy in the digital age. Any amendments to the legal framework need the support of strong policy reform in order to ensure efficient implementation and enforcement of the legislation. This also contributes to the wider societal impact of the legislation, and possible preventive impact it may have. Focused training, education and prevention that is both directed at possible victims and perpetrators might as well reduce the number of violations taking place. To this end, a threefold policy reform is recommended.

### Age responsive information and prevention systematically available

Age responsive information and preventive material should be made available building on knowledge, current institutional frameworks and in

cooperation with NGOs. In this context, though must be given to underlying harmful views that may manifest in breaches of sexual privacy, as well as enhancing digital security skills among citizens of all generations.

## System update within the criminal justice system

Training of staff within the criminal justice system.

This both applies to professional and practical training to ensure a basic level of skills within the criminal justice system, as well as personal and specific cultural attitudes with regards to violations of sexual privacy.

Revision of protocols and internal guidelines

Streamline protocols in terms of investigation, evidence gathering and communication with third parties such as online intermediaries or online content hosts. Revise classification of online violations could provide a stronger statistical foundation to build on with regards to estimate of recourses.

Supported roll-out within the system

Those working within the criminal justice system need to be systematically introduced to the nature and content of the legal amendments and any subsequent policy changes. This particularly applies to support available to victims and update of internal prococols.

## Comprehensive support for victims

Establishing legal, technical and psychological support for victims, that builds on reigning support frameworks within the criminal justice system. Advice should be made available to the public, and access to information about next possible steps for victims, irrespective of if they choose to take their case through the criminal justice system or not.

# Inngangur

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að ríkisstjórnin muni standa fyrir gerð áætlunar um að „útrýma kynbundnu ofbeldi, ekki síst stafrænu kynferðisofbeldi“.[1] Greinargerð þessi er þáttur í þeirri vinnu sem stýrt er af stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi. Grunnforsenda greinargerðarinnar er þannig það markmið stjórnvalda að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi í íslensku samfélagi.

Greinargerðin er unnin af Maríu Rún Bjarnadóttur, lögfræðingi og doktorsnema við Sussex háskóla í Englandi, en efnisumfjöllunin stendur í nánum tengslum við doktorsrannsókn hennar um áhrif internetsins á inntak skyldu ríkja að tryggja virka mannréttindavernd.

Höfundur kynnti frumniðurstöður og tillögur á málþingi sem stýrihópurinn stóð fyrir 18. febrúar 2019 í Háskólanum í Reykjavík. Á málþinginu komu fram ábendingar og tillögur frá viðstöddum, sem nýttust við útfærslu lokaútgáfu greinargerðarinnar. Þá hefur höfundur notið ráða Kolbrúnar Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara og Ragnheiðar Bragadóttur, prófessors við Háskóla Íslands, auk Danielle Citron við Boston-háskóla í Bandaríkjunum og Clare McGlynn við Durham-háskóla í Englandi. Höfundur færir þeim allra bestu þakkir.

Í fyrsta hluta er að finna almenna umfjöllun um viðfangsefnið, skilgreiningar og afmörkun umfjöllunarinnar. Þá er leitast við að marka umfang háttseminnar og fjallað um afleiðingar hennar.

Annar hluti fjallar um hvernig öðrum ríkjum hefur tekist að vernda kynferðislega friðhelgi, bæði með lagasetningu og stefnumótandi aðgerðum. Þess er þó gætt að skoða erlenda framkvæmd í samhengi við íslenska lagahefð. Við undirbúninginn sótti höfundur tvö málþing um umfjöllunarefnið á Englandi. Annars vegar *Responding to Image-Based Sexual Abuse: Next steps for law, policy and practice* á vegum Durham-háskóla 26. nóvember 2018. Hins vegar málþing á vegum Mariu Miller, þingkonu breska Íhaldsflokksins, í breska þinginu 1. júlí 2019 þar sem kynntar voru tillögur breskra, ástralskra og nýsjálenskra fræðimanna að úrbótum á löggjöf og

[1] 'Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis.' *Stjornarradid.is* <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>, bls. 29.

stefnumótandi aðgerðum til þess að bæta réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi.

Í þriðja hluta greinargerðarinnar eru greindar ástæður þess að rétt væri að ráðast í lagasetningu til þess að styrkja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi á Íslandi. Í þeim hluta er bæði horft til samfélagslegra þátta og álitaefna sem vaknað hafa við framkvæmd gildandi laga. Þar er stuðst við greiningu á lagaumgjörð og lögskýringargögnum, en einnig niðurstöður dómarannsóknar um heimfærslu háttseminnar undir ákvæði almennra hegningarlaga. Þær tillögur sem settar eru fram í því augnamiði að stuðla að úrbótum á íslenskri lagaumgjörð taka einnig mið af reynslu annarra ríkja, sjónarmiðum brotaþola og niðurstöðum úr viðtalsrannsókn við fulltrúa réttarvörslukerfisins sem unnin var í tengslum við doktorsrannsókn höfundar.

Í fjórða hluta er fjallað um þrjú svið sem er rétt að beina sjónum að varðandi stefnumarkandi aðgerðir og verkefni; fræðslu og forvarnir, úrræði fyrir brotaþola og úrbætur á málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins. Við tillögugerðina var stuðst við sjónarmið sem komu fram í viðtalsrannsókn höfundar við einstaklinga sem starfa innan íslenska réttarvörslukerfisins, en einnig viðtöl höfundar við aðila sem sinna fræðslu, forvörnum og ráðgjöf fyrir þolendur kynferðisbrota erlendis.

Í niðurstöðukafla eru dregnar saman meginályktanir umfjöllunarinnar og settar fram heildstæðar tillögur til úrbóta. Þær lúta annars vegar að breytingum á ákvæðum kynferðisbrota- og friðhelgisbrotaköflum almennra hegningarlaga auk laga um meðferð sakamála. Meðal annars er lagt til nýtt ákvæði sem ætlað er að vernda kynferðislega friðhelgi sérstaklega. Hins vegar er lagt til að stjórnvöld ráðist í stefnumarkandi aðgerðir sem beinast bæði að gerendum og þolendum. Þar á meðal er markviss aldursmiðuð forvarnar- og fræðslustarfsemi, úrbætur á meðferð mála innan réttarvörslukerfisins með breytingum á verklagi og reglubundinni þjálfun og stuðningur við þá sem verða fyrir rofi á kynferðislegri friðhelgi.

# 1. Almennt

## 1.1 Afmörkun umfjöllunar

Hér er að finna greinargerð um stafrænt kynferðisofbeldi út frá lagalegu sjónarhorni. Gerð verður grein fyrir íslenskri löggjöf og þeim lagaákvæðum sem stafrænt kynferðisofbeldi hefur verið heimfært undir. Jafnframt verður fjallað um stefnumótun og löggjöf um stafrænt kynferðisofbeldi í þeim löndum sem þykja hafa sýnt gott fordæmi í baráttunni gegn stafrænu kynferðisofbeldi og kynbundinni áreitni á internetinu.

Ekki verður fjallað um að hvaða leyti stjórnvöld ættu að setja reglur um starfsemi einkaaðila á netinu almennt heldur einvörðungu um hvernig samskiptum á milli slíkra aðila gæti verið fyrirkomið í þeim tilgangi að tryggja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi í stafrænu samhengi. Umfjöllunin einskorðast þannig við hlutverk ríkisvaldsins við að annars vegar tryggja réttindi þeirra sem verða fyrir þeirri háttsemi sem kölluð hefur verið stafrænt kynferðisofbeldi og hins vegar stefnumótandi aðgerðir sem stjórnvöld geta gripið til svo að framkvæmd laga verði sem virkust og nái tilgangi sínum.

Þá er mikilvægt að því sé haldið til haga að kynferðislegar myndir verða ekki sjálfkrafa taldar brot á friðhelgi þeirra sem á þeim eru. Kynferðisleg tjáning nýtur verndar í ljósi tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs og getur verið mikilvægur þáttur í mótun sjálfsmyndar einstaklinga.[2] Það er óraunhæft að ætla að tækniframfarir í samskiptum hafi ekki áhrif á form og inntak kynferðislegra samskipta einstaklinga, rétt eins og á aðra þætti í mannlegum samskiptum. Þess þarf að gæta að lagaleg viðbrögð til að tryggja kynferðislega friðhelgi einstaklinga hafi ekki takmarkandi áhrif á kynferðisleg samskipti sem eiga sér stað með samþykki, vilja og vitund allra hlutaðeigandi. Af þessu leiðir að kynferðislegar myndir sem dreift er með stafrænum hætti þarf að skoða í samhengi þegar hugsanlegt refsinæmi vegna tilvistar þeirra, birtingar eða dreifingar er metið.

Enn fremur skal áréttað að megininntak umfjöllunarinnar snýst um brot þar sem bæði gerandi og þolandi eru sakhæfir og lögráða. Þegar um er að ræða myndræna framsetningu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum er yfirleitt um að ræða barnaníð. Barnaníð er sérstakt umfjöllunarefni sem hefur fengið umfjöllun í fræðilegri og almennri umræðu á Íslandi sem og annars staðar. Eins og ljóst má vera eru slík mál af öðrum toga en þegar

[2] Danielle Keats Citron, 'Sexual Privacy' (2019) 128 Yale Law Journal 1870.

um er að ræða fullorðið fólk. Þá hefur Ísland undirgengist mikilvægar alþjóðlegar skuldbindingar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á löggjöf og framkvæmd laga til þess að endurspegla þessar skuldbindingar, auk þess sem íslensk stjórnvöld hafa ráðist í margþættar stefnumótandi aðgerðir til þess að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Þrátt fyrir þetta hefur við vinnslu greinargerðarinnar orðið ljóst að í tengslum við kynferðislega friðhelgi er mikilvægt að huga að réttarstöðu einstaklinga sem hafa náð sakhæfisaldri og kynferðislegum samþykkisaldri en eru enn þá börn að lögum, þ.e. þeirra sem eru á aldrinum 15-18 ára. Vegna þessa verður stuttlega vikið að stöðu þeirra í tengslum við umfjöllun og tillögur að lagasetningu. Að öðru leyti miðar umfjöllunin við stöðu fullorðinna, sakhæfra einstaklinga.

Að lokum er rétt að árétta að útgangspunktur umfjöllunarinnar er að viðfangsefnið varði ekki siðferðiskennd einstaklinga heldur stjórnarskrárvarin réttindi þeirra, sem samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum eiga að njóta fullnægjandi réttarverndar. Í því augnamiði eru settar fram tillögur til þess að styrkja refsivernd kynferðilegrar friðhelgi, styðja við forvarnir og fræðslu og aðgengi að virkum réttarúrræðum og tryggja að viðhorf og verkferlar innan réttarvörslukerfisins taki mið af þeim ríku persónulegu hagsmunum sem eru til umfjöllunar.

## 1.2 Aðferðafræði

Við vinnslu greinargerðarinnar er stuðst við tvíþætta aðferðafræði; annars vegar hefðbundna lagalega aðferð sem nær bæði til greiningar á lagaumgjörð og réttarframkvæmd og hins vegar viðtalsrannsókn við einstaklinga sem starfa innan eða í nánum tengslum við réttarvörslukerfið.[3] Blandaðri aðferðafræði hefur í auknum mæli verið beitt við lagalegar greiningar sem undirbyggja breytingar á lagaumgjörð eða stefnubreytingar.[4] Við hina lagalegu greiningu er stuðst við innlenda og erlenda fræðiumfjöllun, skýrslur og úttektir í tengslum við undirbúning lagasetningar og mat á gildandi réttarframkvæmd á vegum erlendra stjórnvalda, hugveitna og rannsóknarstofnana auk hefðbundinna lögskýringargagna sem stuðst er við í íslenskum rétti.[5] Tilgangur viðtalsrannsóknanna er fyrst og fremst að veita dýpri innsýn í réttarframkvæmdina sem varpar ljósi á bæði það sem gengur

[3] Rétt er að geta þess að viðtölin eru einnig þáttur í doktorsrannsókn höfundar.

[4] Terry Hutchinson, 'The Doctrinal method: incorporating Interdisciplinary Methods in Reforming the Law.' [2015] ELR 130.

[5] Með vísun til hefðbundinnar lagalegrar aðferðar er hér átt við aðferðafræðina sem kallast doctrinal methodology á ensku. Sjá nánari umfjöllun í: Terry Hutchinson; Nigel Duncan, 'Defining and Describing What We do: Doctrinal Legal Research' (2012) 17 Deakin Law Review 83.

vel og það sem má bæta.[6] Við val á viðmælendum var notast við snjóboltaaðferð og leitast við að nálgast þá með í gegnum mismunandi leiðir.[7] Tekin voru tíu hálfstöðluð sérfræðingaviðtöl á tímabilinu 20. september 2017 til 8. maí 2018. Þau áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu á Íslandi og í Haag í Hollandi. Níu viðmælendur hafa faglega reynslu af meðferð brota gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga og starfa á mismunandi stöðum innan hins hefðbundna réttarvörslukerfis sem rannsakendur, laganna verðir og/eða handhafar ákæruvalds. Einn viðmælandi starfar utan hins hefðbundna réttarvörslukerfis, en hefur faglega reynslu af málaflokknum og meðferð mála sem varða kynferðislega friðhelgi einstaklinga innan og utan réttarvörslukerfisins. Níu viðtöl áttu sér stað á vinnustað viðmælanda eða vinnuaðstöðu höfundar, eitt viðtal fór fram utan vinnustaðar. Rætt var við átta viðmælendur einslega, en í einu viðtali voru tveir viðmælendur. Stysta viðtalið tók 40 mínútur, það lengsta þrjár klukkustundir.

Í tengslum við umfjöllun um stefnumótandi aðgerðir fundaði höfundur einnig með fagaðilum sem sinna forvörum og fræðslu fyrir fullorðna og börn í tengslum við vernd kynferðislegrar friðhelgi og aðilum sem veita þolendum slíkra brota ráðgjöf og aðstoð við úrvinnslu sinna mála. Á tímabilinu 15. september 2018 til 5. júlí 2019 fundaði höfundur með starfsfólki og fyrirsvarsfólki eftirtalinna aðila:

Í Danmörku:

- *Samtakanna Digitalt Ansvar* sem sinna fræðslu og forvörnum gegn stafrænu kynferðisofbeldi og veita þolendur slíkra brota lögfræðiaðstoð og stuðning við meðferð slíkra mála í gegnum refsivörslukerfið.
- *Samtakanna Red Barnet* sem sinna fræðslu og forvörnum fyrir börn og ungt fólk um stafrænt öryggi, þar á meðal varðandi stafrænt kynferðisofbeldi. Þá veita samtökin leiðbeiningar og ráðgjöf í gegnum vefsíðu og eiga í góðu samstarfi við opinbera aðila á borð við lögregluyfirvöld og fulltrúa alþjóðlegra tæknifyrirtækja og samfélagsmiða. Starfsemin er hluti af alþjóðlega samstarfsnetinu InHope.

Á Englandi:

[6] Bob Matthews and Liz Ross. Research Methods: a practical guide for the social sciences. 1st Ed. Pearson. 2010. Bls. 221.

[7] Alan Bryman. *Social Research Methods* (5th edn Oxford University Press 2016) Bls. 415.

- *Lagaráðgjafar Queen Mary-háskólans* í London þar sem laganemar veita þolendum myndræns kynferðisofbeldis endugjaldslausa lögfræðiráðgjöf undir handleiðslu sérþjálfaðra lögmanna.

- *Revengeporn helpline* sem veitir margþætta neyðaraðstoð fyrir þolendur myndræns kynferðisofbeldis í öflugu samstarfi við fulltrúa opinberra aðila og alþjóðlegra tæknifyrirtækja og samfélagsmiðla. Verkefnið er að meginstefnu til fjármagnað af breskum stjórnvöldum.

## 1.3 Hugtakanotkun

Við umfjöllun um lagasetningu er skýr hugtakanotkun mikilvæg. Í því skyni þarf að tryggja að notuð séu hugtök sem eru lýsandi fyrir háttsemina og að mörkin milli refsiverðrar háttsemi og háttsemi sem er ekki refsiverð séu eins skýr og unnt verður. Þetta á ekki síst við um háttsemi sem varðar stjórnarskrárbundin réttindi á borð við tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs eins og fjallað er um í samhengi við að búa til og dreifa stafrænu efni sem varðar einkamál fólks. Því er mikilvægt að gæta þess að hugtök og efnistök umfjöllunarinnar nái utan um viðeigandi verknaðarþætti, en séu jafnframt í samfélagslegu og menningarlegu samhengi. Því þarf að gæta þess að lagasetning nái yfir þá hagsmuni sem ætlunin er að verja, en taki um leið fullnægjandi mið af öðrum stjórnarskrárbundnum réttindum einstaklinga. Þá er tekið undir með Kolbrúnu Benediktsdóttur og Þorbjörgu S. Gunnlaugsdóttur um að þegar refsiverð háttsemi er skilgreind sé mikilvægt að komst að niðurstöðu um heiti brotsins að lögum.[8]

Fyrst fór að bera á umræðu um heimildarlausa dreifingu kynferðislegra mynda á netinu í íslenskri samfélagsumræðu á árunum 2013 og 2014. Erlendis hafði hugtakið *revenge porn* náð nokkurri fótfestu. Þetta kom til vegna þess að þau mál sem fengu mikla umfjöllun í fjölmiðlum vörðuðu gjarnan óheimilar myndbirtingar karlmanna af konum sem þeir höfðu verið í sambandi með. Myndirnar voru birtar í hefndarskyni eftir sambandsslitin og var þeim ætlað að valda konunum tjóni. Þetta var ríkjandi hugtakanotkun framan af, í almennri umræðu jafnt sem orðræðu fagaðila og í skrifum fræðimanna.[9] Hugtakið var beinþýtt yfir á íslensku sem *hefndarklám* og náði fótfestu, meðal annars með framlagningu frumvarps um háttsemina á

---

[8] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. ‘Afbrotið hefndarklám: Vandamál við saksókn brots sem ekki hefur verið skilgreint í lögum’ (2015) 3. tbl. 68. árg. Úlfljótur. 68 425-437. Bls. 427.

[9] Dæmi um þetta eru heiti samtaka sem hafa verið leiðandi í baráttu gegn háttseminni í Bandaríkjunum. Stofnheiti þeirra var „End Revenge Porn“, en heiti þeirra er nú „Cyber Civil Rights Initiative“ og í umfjöllun samtakanna er nú stuðst við hugtakið „non-consented pornography“.

Alþingi árið 2015.[10] Í áhættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra um net- og tölvubrot frá árinu 2016 kemur fram að hefndarklám sé „alvarlegt afbrot þar sem fórnarlömb þess geta beðið skaða af“. Umfjöllunin stendur í tengslum við uppgang hulduneta sem eru ekki jafn aðgengileg almenningi og hinn almenni hluti internetsins. Þar segir að með tilkomu hulduneta hafi orðið til vettvangur fyrir ýmsa vafasama háttsemi meðal annars „myndbirtingar af ungum íslenskum stúlkum á erlendum netsíðum“.[11] Þá kemur fram að á huldunetum „þekkist einnig svokallað hefndarklám, þar sem einstaklingar skiptast á myndum á internetinu af fyrrverandi mökum sínum eða öðrum, nöktum eða í kynferðislegum athöfnum. [...] Markmiðið með dreifingu slíks efnis er þó ekki ávallt hefnd. Þess þekkjast dæmi á Íslandi að menn hafi tekið upp og selt slíkt myndefni eingöngu í hagnaðarskyni.“[12]

Einnig hefur hugtakið *hrellikám* verið notað yfir háttsemina. Hugtakið var tillaga að bættu orðalagi sem á rætur í vinnu á vegum Kvenréttindafélags Íslands. Markmiðið var að finna hugtak sem fæli ekki í sér hefnd og gæfi þar af leiðandi til kynna að verknaðurinn væri hefnd fyrir eitthvað sem þolandinn hefði gert og gæti þannig haft þau áhrif að þolanda yrði kennt um. Nú eru flestir á þeirri skoðun að hvorki orðið hrelliklám né hefndarklám sé viðeigandi yfir háttsemina þar sem bæði orðin séu gildishlaðin og villandi og lýsi ekki raunverulegu inntaki háttseminnar og afleiðingum hennar.[13]

Fleiri tilraunir hafa verið gerðar til að skilgreina háttsemina. Höfundur stakk til að mynda árið 2017 upp á hugtakinu *kynferðisleg netáreitni* sem væri skilgreind svo: „Heimildarlausar birtingar á netinu eða annar staðar á kynferðislegu eða viðkvæmu efni í formi myndar, hreyfimyndar eða með öðrum hætti, með eða án tilvísunar til annarra eða frekari persónuupplýsinga um viðkomandi.“ [14]

[10] Sjá til að mynda umfjöllun fjölmiðla um framlagningu frumvarpsins: Þórgnýr Einar Albertsson, 'Hefndarklám notað til að kúga' *Visir.is* (14. september 2015) <http://www.visir.is/g/2015150919492/hefndarklam-notad-til-ad-kuga-> Síðast sótt 30. mars 2019. Sjá einnig: *Citron* (n 2).

[11] Greiningardeild ríkislögreglustjóra. 'Tölvu- og netglæpir. Áhættu- og ógnarmat.' 2016. Reykjavík. <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/04/lokask%C3%BDrsla-cyber-2016.pdf> Bls. 9.

[12] Ibid, bls. 20.

[13] Dæmi um þetta er þróun hugtakanotkunar á vegum Kvenréttindafélags Íslands sem setti upp heimasíðuna www. stodvumhrelliklam.is árið 2015 til þess að berjast gegn háttseminni. Tveimur árum síðar var síðan uppfærð í ljósi breyttrar hugtakanotkunar og nú er vísað til háttseminnar sem stafræns kynferðisofbeldis á síðunni.

[14] María Rún Bjarnadóttir. 'Hrelliklám' (Lagadagurinn, Reykjavík maí 2017).

Þá hafa saksóknararnir Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir vísað til háttseminnar í fræðilegri umfjöllun þannig að um sé að ræða „opinbera birtingu á kynferðislegu myndefni án samþykkis þess sem sýndur er eða kemur fram í myndefninu. Gerandinn er sá sem birtir eða dreifir efninu og afleiðing er sú að efni sem var ætlað til einkanota er orðið opinbert.“[15]

Hugtakið *kynlífskúgun*, sem samsvarar til enska hugtaksins *sextortion*, hefur einnig verið notað í íslenskri umræðu til þess að lýsa því þegar hótun um birtingu nærgönguls efnis, yfirleitt af kynferðislegum toga, er beitt til þess að kúga brotaþola til kynferðislegra samskipta eða til fjárkúgunar.[16] Sambærilegt orðfæri hefur verið notað í norskum og bandarískum fjölmiðlum um sambærileg mál þarlendis.[17] Bandaríska dómsmálaráðuneytið skilgreindi kynlífskúgun sem eina alvarlegustu hættu sem steðjar að börnum á netinu í úttekt árið 2016.[18] Hugtakið er ekki að finna í íslenskum rétti.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna, er fjallað um *stafrænt kynferðisofbeldi.* Þó svo að hugtakið sé hvorki skilgreint í íslenskri löggjöf né orðabók hefur það á síðustu misserum náð nokkrum stöðugleika í umræðu sem hugtak sem lýsir þeirri háttsemi að dreifa stafrænt og án heimildar mynd eða myndefni af einstaklingi sem er nakinn eða í kynferðislegum stellingum.[19]

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur tvívegis lagt fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem varðar stafrænt kynferðisofbeldi, ásamt þingmönnum úr flokkum þvert á hið pólitíska litróf.

---

[15] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8 bls. 426).

[16] Sjá til að mynda fjölmiðlaumfjöllun um dómsmál þar sem maður var sakfelldur fyrir tilraun til nauðgunar með því að hóta birtingu kynferðislegra mynda af öðrum einstaklingi nema viðkomandi myndi stunda með sér kynlíf. Freyr Gígja Gunnarsson. 'Dæmdur fyrir kynlífskúgun í gegnum snapchat'. Ruv.is 16. maí 2016. <https://www.ruv.is/frett/daemdur-fyrir-kynlifskugun-gegnum-snapchat> Síðast sótt 12. október 2019.

[17] Ola Solheim. '"Pål" ble lurt til å kle av sig, og presset for penger'. *Nrk.no* (18. ágúst 2018) <https://www.nrk.no/norge/_pal_-ble-lurt-til-a-kle-av-seg_-og-presset-for-penger-1.14165210> Síðast sótt 25. nóvember 2018; Tom Jackman. '"Sextortion" growing online problem worldwide' *Washingtonpost.com* (10. maí 2016) <https://www.washingtonpost.com/news/true-crime/wp/2016/05/10/sextortion-growing-online-problem-worldwide-victimizes-two-george-mason-students/?utm_term=.c14001b456a4> Síðast sótt 10. janúar 2019.

[18] U.S. Department of Justice, 'The National Strategy for Child Explotation Prevention and Inderdiction.' A report to Congress April 2016. <https://www.justice.gov/psc/file/842411/download> Síðast sótt 12. júní 2019.

[19] Sjá til að mynda umfjöllun fjölmiðla þar sem fjallað er um stafrænt kynferðisofbeldi í fyrirsögn frétta: Hulda Hólmkelsdóttir 'Stafrænt kynferðisofbeldi: „Það er eins og einhver hafi tekið öll leyndarmálin þín og sýnt þau öllum“' *Visir.is* (23. febrúar 2017) <http://www.visir.is/g/2017170229600/stafraent-kynferdisofbeldi---thad-er-eins-og-einhver-hafi-tekid-leyndarmalin-thin-og-synt-thau-ollum-> Síðast sótt 22. mars 2019.

Samkvæmt frumvarpinu á það að varða refsingu að dreifa, birta eða framleiða mynd- eða hljóðefni sem sýnir nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings án samþykkis. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með nekt sé átt við það þegar einstaklingur er án klæða og sýnir bert hold sem hann myndi að jafnaði ekki sýna. Með kynferðislegri hegðun sé svo átt við kynlíf og allt framferði sem kann að tengjast kynlífi, þó ekki ef ætla má að hegðunin geti talist eðlileg á almannafæri.[20] Orðið stafrænt í þessu samhengi á rætur að rekja til þess að flest mál sem komið hafa til umfjöllunar réttarvörslukerfisins og fjölmiðla eru stafræn í þeim skilningi að tilurð, vistun eða dreifing efnisins er með stafrænum hætti. Í ársskýrslu Stígamóta er fjallað um stafrænt kynferðisofbeldi sem eina tegund þeirra brota sem skjólstæðingar leita til samtakanna með. Samtökin skilgreina háttsemina sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir- eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt gegn vilja hennar.[21] Í skilgreiningunni er ekki sérstaklega vikið að hinum stafræna þætti brotanna, þrátt fyrir að hún taki mið af stafrænum eiginleikum nútímasamskipta. Þá er ekki ljóst hvort skilgreiningin taki bæði til mynda sem teknar eru með heimild en dreift án heimildar eða aðeins þeirra sem eru bæði teknar og dreift án heimildar. Enn fremur vekur athygli að fjallað er um að geyma efni.

Hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi hefur það fram yfir önnur hugtök sem lögð hafa verið til að það fangar ágætlega það inngrip sem háttsemin getur falið í sér gagnvart kynfrelsi og friðhelgi einstaklinga. Þá eiga flest brot sér stað með stafrænum hætti, til dæmis þannig að mynd er tekin á síma eða henni dreift í gegnum samfélagsmiðil. Hins vegar er lýsingarorðið stafrænn ekki tæknihlutlaust. Brot sem á sér stað með því að mynd sé framkölluð á pappír og henni dreift verður til að mynda illa heimfært undir „stafrænt" brot samkvæmt lögum. Þrátt fyrir að hinn stafræni þáttur í brotunum hafi vakið athygli á háttseminni á síðustu árum er ekkert nýtt að kynferðisleg friðhelgi einstaklinga sé rofin með aðstoð tækninnar. Nektarmyndir hafa verið teknar og þeim dreift löngu áður en internetið kom til sögunnar. Þetta hefur einnig átt sér stað án heimildar þeirra sem á myndinni eru. Árið 1984 var konu til dæmis dæmdar bætur af bandarískum dómstól fyrir brot gegn friðhelgi hennar og æru þegar tímaritið *Hustler*, sem gerir út á birtingu klámfenginna mynda, birti nektarmynd af konunni sem nágrannar hennar

[20] Frumvarp til laga um breytingu á almenningum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi). Löggjþ. 149. Þksj. 15. 2018-2019. Bls. 1 og 5.

[21] Stígamót, 'Ársskýrsla 2017' <https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrsla2017.pdf> Síðast sótt 30. mars 2019.

höfðu stolið frá henni og sent tímaritinu til birtingar.[22] Hinn stafræni þáttur brotanna hefur þó þau áhrif að dreifimöguleikar efnisins eru margfalt meiri en hafa þekkst áður og hugsanlegar afleiðingar því mögulega alvarlegri fyrir þolendur slíkra brota.




Mynd 1 Myndrænt kynferðisofbeldi á sér margar birtingarmyndir og ólíkar ástæður

Yfirlitið er unnið upp úr rannsóknum Henry o.fl. á birtingarmyndum myndræns ofbeldis í Ástralíu.[23]

Í fyrstu útgáfu tillagna á grundvelli þessarar greinargerðar, sem kynntar voru á málþingi í Háskólanum í Reykjavík 18. febrúar 2019, vakti höfundur athygli á mikilvægi þess að hugtak sem fjallaði um rof á kynferðislegri friðhelgi einstaklinga væri tæknihlutlaust, ekki síst í ljósi þess að í dómaframkvæmd hefði reynt á mál þar sem dreifing kynferðislegra einkamynda hafði átt sér stað með hlutrænum en ekki stafrænum hætti. Þess er dæmi að maður hafi prentað út kynferðislega mynd af fyrrverandi sambýliskonu, ljósritað myndina og stungið inn um bréfalúgu á heimili foreldra konunnar.[24] Með hliðsjón af mikilvægi tæknihlutleysis, sem og því að flest mála af þessum toga varða birtingu mynda eða myndskeiða, lagði höfundur til að í stað þess að vísa til stafræns kynferðisofbeldis yrði sérstakt ákvæði sett í almenn hegningarlög sem vísaði til *myndræns kynferðisofbeldis*, en samhliða yrðu ákvæði almennra hegningarlaga um friðhelgi einkalífs uppfærð til þess að veita annars konar kynferðislegri tjáningu en myndrænni fullnægjandi refsivernd. Hugtakið myndrænt

[22] Wood v Hustler Magazine Inc. 736 F.2d 1084 (1984).

[23] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell, 'Policing image-based sexual abuse: stakeholder perspectives' [2018] Police Practice and Research, 19:6, 565-581.

[24] Málið hefur ekki verið gert aðgengilegt á leitarvél dómstólanna. Það er fjallað um það í Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8).

kynferðisofbeldi tekur ekki síst mið af enska hugtakinu *image-based sexual abuse* sem er ríkjandi í breskri, ástralskri og nýsjálenskri fræðiumfjöllun. Þar er hugtakið notað sem eins konar yfirheiti og greint sérstaklega á milli hinna mismunandi birtingarmynda. Þannig er talað um *revenge porn* þegar myndbirting á sér stað í hefndarskyni, *upskirting* eða *down-blousing* þegar fjallað er um að taka mynd af kynfærum eða öðrum líkamsstöðum undir fatnaði án samþykkis og *image-based sexual abuse* þegar kynferðislegt myndefni af öðrum er búið til, þess aflað, því stolið eða dreift án samþykkis eða þegar hótað er að gera það. Hugtakið hefur einnig verið notað þó svo að um sé að ræða efni sem er falsað eða hefur verið breytt með einhverjum hætti. Gerendur geta verið nákomnir, fyrrverandi eða núverandi makar, kunningjar eða ókunnugir og hvatar þeirra verið af ýmsum toga, eins og að þvinga fram háttsemi, fjárkúgun, hefnd, kynferðisleg ánægja, grín, félagsleg viðurkenning, niðurlæging, tjónsásetningur eða fjárhagslegir hvatar.[25] Þessi aðgreining er gagnleg, ekki síst í fræðilegu samhengi þar sem ástæður, aðstæður og afleiðingar hverrar háttsemi fyrir sig er sérgreind. Hins vegar, eins og kom fram í ábendingum frá fulltrúum Stígamóta og ákæruvaldsins við kynningu tillögunnar, getur slík hugtakanotkun verið takmarkandi í íslensku samhengi þar sem dæmi eru um að brot gegn kynferðislegri friðhelgi séu framin með því að dreifa upplýsingum um kynferðislega háttsemi með öðrum hætti en myndrænum; til að mynda með textaskilaboðum.[26] Þó svo að horfið sé frá því að leggja til hugtakanotkunina *myndrænt kynferðisofbeldi* í tillögum þessarar greinargerðar af þeim sökum verður stuðst við greiningar fræðimanna sem fjalla um myndrænt kynferðisofbeldi sem eina birtingarmynd rofs á kynferðislegri friðhelgi einstaklinga. Henry, Flynn og Powell fjalla um myndrænt kynferðisofbeldi sem eina birtingarmynd *tæknistudds kynferðisofbeldis* (e. technology facilitated sexual violence) sem feli í sér notkun stafrænnar tækni til þess að brjóta gegn kynferðislegri friðhelgi annarra.[27] Þær eru sammála McGlynn, Rackley og Houghton um að myndrænt kynferðisofbeldi sé hluti af stærri mynd kynferðisbrota, en þær síðarnefndu styðjast þar við kenningar Liz Kelly um *ás kynferðisbrota* (e. continuum of sexual violence). [28]

---

[25] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23).

[26] Sjá dóm héraðsdóms Reykjavíkur S-670/2018 frá 19. febrúar 2019. Ummæli á samfélagsmiðli og vefsíðu talin brot gegn 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 233 gr. b hgl. um stórfelldar ærumeiðingar í nánu sambandi.

[27] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23, bls. 565-566).

[28] Clare McGlynn, Ericka Rackley & Ruth Houghton 'Beyond 'Revenge Porn': The Continuum of Image-Based Sexual Abuse' Fem Leg Stud (2017) 25: 25.




Mynd 2 Henry, Flynn og Powell fjalla um myndrænt kynferðisofbeldi sem eina birtingarmynd tæknistudds kynferðisofbeldis (e. technology facilitated sexual violence).[29]

Í ensku er hugtakið *abuse* yfirleitt notað um kynferðisbrot, en það felur ekki endilega í sér beitingu ofbeldis í þröngri merkingu. Bókstafleg merking *abuse* er misnotkun eða misneyting, eins og má til að mynda merkja í íslenskri þýðingu hins svokallaða Lanzarote-samnings.[30] Ljóst má vera af þeirri þróun sem hefur orðið í hugtakanotkun um háttsemina, bæði innan lands og erlendis, að mikilvægt er að hugtakanotkunin taki mið af alvarleika brotanna í fræðilegri, lagalegri og almennri umfjöllun.[31] Það er ekki síst með hliðsjón af þessu sem áhersla hefur verið lögð á að fjalla um háttsemina sem kynferðisofbeldi hér á landi. Hugtakið *kynferðislegt ofbeldi* heyrir ekki undir tiltekna háttsemi sem lýst er í sérstöku ákvæði almennra hegningarlaga. Hugtakið er notað í flokkunarkerfi barnaverndar á Íslandi til þess að lýsa háttsemi sem kveðið er á um í almennum hegningarlögum og barnaverndarlögum.[32] Þá má ljóst vera að það hefur skýra merkingarlega skírskotun bæði í almennri og fræðilegri umræðu, sem refsiverð háttsemi gegn kynferðislegum hagsmunum. Þannig mætti velta því upp hvort ofbeldi, í þröngri merkingu, sé órjúfanlegur þátturl í málum sem varða heimildarlausa birtingu eða dreifingu kynferðislegra mynda sem ætlaðar eru til einkanota. Í íslenskri nútímamálsorðabók er kynferðisofbeldi ekki

[29] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell, (n 23, bls. 565-566.)

[30] Samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá 25. október 2007.

[31] Clare McGlynn og Erika Rackley. 'Image-Based Sexual Abuse' Oxford Journal of Legal Studies. Vol. 37, No. 3 (2017) pp. 534-561. P. 537.

[32] Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 'Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)' 2. útgáfa. <http://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-2015.pdf> Síðast sótt 12. október 2019.

skilgreint, en ofbeldi er skilgreint sem „beiting krafta eða valds til að meiða annan líkamlega eða andlega“.[33]

Rétt er að geta þess að til umfjöllunar eru brot sem snúa að því að búa til efni, til dæmis að taka mynd, sem og sýna, birta eða dreifa efni. Myndatakan sjálf, eða óvissa um hvort hún hafi átt sér stað, er inngrip í friðhelgi þess sem í hlut á.[34] Það sama á við ef efnið er tekið ófrjálsri hendi, til að mynda með því að fara í heimildarleysi inn á gagnageymslu sem tengd er við farsíma eða með því að taka afrit af efni sem ekki var ætlað til frekari dreifingar, til dæmis með skjáskoti. Hvað varðar dreifingu skiptir ekki öllu máli hvert umfang dreifingarinnar er; það getur falið í sér brot gegn sömu hagsmunum að sýna einhverjum mynd í heimildarleysi og að hlaða mynd inn á vinsæla vefsíðu þó svo að umfang, aðferð og samband milli brotaþola og geranda geti verið ólíkt. Dæmi eru um að sérstakar vefsíður hafi verið settar upp í þeim tilgangi einum að deila kynferðislegu efni af öðrum án heimildar. Tilgangurinn hefur bæði verið að valda brotaþolum sem mestu tjóni og að hagnast fjárhagslega.[35] Þá þekkjast þess dæmi að síðurnar sem efnið er gert aðgengilegt á séu settar þannig fram að hægt sé að leita eftir myndum eftir landfræðilegri staðsetningu þolenda; til dæmis íbúum í tilteknu þorpi eða landssvæði. .[36] Þó svo að ásetningur gerenda sé mismunandi geta afleiðingar brotanna verið aðrar, meiri eða minni, en ásetningur brotamanna stóð til. Þannig getur dreifing til eins aðila, vegna stöðu hans eða tengsla við brotaþola, haft umfangsmeiri afleiðingar fyrir viðkomandi en dreifing sömu myndar á nafnlausan vettvang með mikilli vefumferð. Hagsmunirnir sem brotið er gegn eru þó ávallt þeir sömu; kynferðisleg friðhelgi brotaþola.

Danielle Citron hefur lagt til að í stað þess að áhersla sé lögð á verknaðaraðferðir og ásetning brotamanna í hugtakanotkun sé heldur miðað við þá verndarhagsmuni sem brotin beinast að. Þannig sé rétt að vísa til *kynferðislegrar friðhelgi* sem er kjarninn í háttseminni hvort sem brotin eigi sér stað með stafrænum eða hliðrænum hætti, birtingarmynd þeirra sé myndræn eða annars konar. Sú hugtakanotkun taki mið af því að brotið

---

[33] Íslensk nútímamálsorðabók er á slóðinni: <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob#lleit> Síðast sótt 12. október 2019.

[34] Sjá til að mynda niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur S-611/2017 frá 20. nóvember 2017.

[35] 'FTC, Nevada Obtain Order Permanently Shutting don Revenge Porn Site MyEx' (*ftc.com*, 22. júní 2018) <https://www.ftc.gov/news-events/press-releases/2018/06/ftc-nevada-obtain-order-permanently-shutting-down-revenge-porn> Síðast sótt 18. júlí 2019.

[36] 'Victim´s warning after finding revenge porn from 'every UK city'' *bbc.cu.uk* (17. maí 2019) <https://www.bbc.co.uk/news/uk-scotland-48306203?fbclid=IwAR2t0RbaVUSTF8xJqtACO52wovMx4WCJDPy8L353ugK_hCzkfBvIhdrB_1Q> Síðast sótt 22. júní 2019.

sé bæði gegn kynferðislegum hagsmunum og friðhelgi einstaklinga með háttseminni.[37] Hún vísar til kenninga Pozens um að greina þurfi á milli þeirra hagsmuna sem njóta verndar friðhelgi einstaklinga með tilliti til þess að þeir hafi mismikið vægi og krefjist því mismikillar verndar.[38] Kynferðislega friðhelgi telur Citron vera í flokki þeirra hagsmuna sem krefjast hámarksverndar. Þetta viðhorf er í sjálfu sér ekki nýlunda, hvorki í íslenskum né erlendum rétti. Þess sér meðal annars stað í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ýmsum ákvæðum laga sem setja miðlun upplýsinga takmarkanir þar sem upplýsingar um kynhegðun einstaklinga eru taldar viðkvæmar persónulegar upplýsingar og því mikilvægir hagsmunir í húfi sem krefjist ríkrar verndar.[39] Þá hefur vernd tilfinningasambanda og kynferðissambanda við aðra verið slegið fastri í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, sem og auðkenni einstaklinga og sjálfsmynd sem felst meðal annars í að ráða kynímynd sinni og kynhneigð.[40] Kynferðisleg friðhelgi einstaklinga krefst þó ekki aðeins verndar svo að einstaklingar geti stofnað til og notið sambanda við aðra, heldur gegnir hún mikilvægu hlutverki við mótun og þróun sjálfsmyndar sem skiptir sköpum fyrir uppvöxt og velferð þeirra í lífinu.[41] Við endurskoðun kynferðibrotakafla almennra hegningarlaga var vernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga meðal þeirra hagsmuna sem stefnt var að því að vernda. Í því samhengi er hugtakið *kynferðisleg friðhelgi* notað í víðu samhengi sem grundvallarþáttur sem varðar öll brot gegn kynfrelsi einstaklinga; þar á meðal nauðganir og kynferðislega áreitni. Þrátt fyrir að það sé víðfeðmt hugtak, sem hefur í framkvæmd breiða skírskotun til hagsmuna sem njóta verndar laga, lýsir það mjög vel þeim hagsmunum sem brotið er gegn með stafrænum og myndrænum kynferðisbrotum. Til viðbótar er hugtakið tæknihlutlaust og laust við gildishlaðna merkingu.

---

[37] Danielle Keats Citron (n 2).

[38] Pozen, D Privacy-Privacy Tradeoffs, 83 University of Chicago Law review 221 (2016), sem vísað er til í Danielle Keats Citron (n 2).

[39] C-liður 3. tölul. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, kveður á um að upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð sé dæmi um viðkvæmar persónuupplýsingar. Sjá einnig 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, um takmarkanir að upplýsingum á grundvelli einkahagsmuna. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu sem varð að þeim lögum eru upplýsingar um kynlíf og kynhegðun tilgreindar sem dæmi um viðkvæmar persónuupplýsingar sem vernd ákvæðisins taki til, sbr. frumvarp til upplýsingalaga, þskj. 223, 141. löggjþ. (2012-2013).

[40] Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*. Bls. 290 og 292.

[41] Danielle Keats Citron (n 2, bls. 4-6, 9 og 16).

| **Hugtak** | **Skýring** |
|---|---|
| Hefndarklám | Samsvarar erlendri hugtakanotkun um revenge porn. Hugtakið sem er notað í fyrstu tillögum að lagasetningu á Íslandi. Heimildarlaus birting nektarmynda sem „hefnd" vegna slita ástarsambands. |
| Hrelliklám | Tillaga að bættu orðalagi sem fjarlægði háttsemina frá hefnd. Heimildarlaus birting nektarmynda til þess að hrella viðkomandi. |
| Myndrænt kynferðisofbeldi | Vísar til myndrænnar framsetningar brotanna, sem er algengasta form háttseminnar. Samsvarar erlendri hugtakanotkun um *image based sexual abuse* sem er ríkjandi í enskumælandi fræðasamfélagi. |
| Stafrænt kynferðisofbeldi | Er ríkjandi hugtakanotkun í íslensku um þessar mundir. Felur í sér endurskoðaða hugtakanotkun í þeirri viðleitni að fjarlægast gildishlöðnu orðin *hefnd* og *klám* sem voru merkingarþrungin í þeim samsettu orðum sem notuð voru framan af. Lýsingarorðið *stafrænn* í þessu samhengi á rætur að rekja til þess að flest kærumál eru stafræn, efnið er tekið upp eða vistað með stafrænum hætti, eða því dreift með stafrænum hætti. |
| Kynlífskúgun | Samsvarar erlendri hugtakanotkun um *sextortion*, samsett af *sex* og *extortition*. Hótun um birtingu nærgönguls efnis, yfirleitt af kynferðislegum toga, er beitt til þess að kúga brotaþola til kynferðislegra samskipta eða til fjárkúgunar. |
| Kynferðisleg friðhelgi | Samsvarar erlendri hugtakanotkun um *sexual privacy* og á rætur að rekja til kenninga Danielle Citron. Hugtakið varpar ljósi á hina tvíþættu verndarhagsmuni sem reynir á, en er laust við gildishlaðna orðanotkun og tekur hvorki mið af tæknilegum né efnislegum þáttum við framsetningu brotanna. |

Mynd 3 Yfirlit yfir íslensk hugtök sem notuð hafa verið um háttsemina

Með vísan til framangreinds verður í þessari umfjöllun fjallað um heimildarlausa gerð, birtingu eða dreifingu kynferðislegs eða nærgönguls efnis, hvort heldur sem er með stafrænum eða hlutrænum hætti, óháð umfangi eða dreifingaraðferð efnisins og hvort sem brotaþoli og gerandi eru nákomnir eða ekki, sem rof á kynferðislegri friðhelgi einstaklinga. Þó verður eftir atvikum vísað til hugtaka í þrengri merkingu um tiltekna háttsemi af þessum toga, hvort sem um er að ræða stafænt eða myndrænt kynferðisofbeldi, tæknistutt kynferðisofbeldi eða kynlífskúgun.

## 1.4 Umfang og afleiðingar

### 1.4.1 Fjöldi mála

Tölfræðigreining lögregluyfirvalda tekur mið af ákvæðum laga um refsibrot. Næsta ómögulegt er að kortleggja umfang brotanna heildstætt á grundvelli gildandi laga vegna þess að ekki er að finna sérstakt ákvæði um stafræna kynferðislega friðhelgi. Þá hafa brotin verið heimfærð undir ákvæði laga með mismunandi hætti, bæði í fræðilegum rannsóknum og í dómaframkvæmd, sem á einnig þátt í því að tölfræði er áfátt. Þetta kom meðal annars fram í skriflegu svari við fyrirspurn *Vísis* til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2017, en samkvæmt því bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sjö tilkynningar um stafrænt kynferðisofbeldi frá árinu 2013 til ársins 2017. Rannsókn hafði verið hætt í þremur málanna, en rannsókn stóð enn yfir í fjórum þeirra.[42] Í samnorrænni úttekt á upplifun þolenda af því að fara með mál af þessum toga í gegnum réttarvörslukerfið var áberandi að þeir þolendur stafrænna kynferðisbrota sem rannsakendur komust í samband við hér á landi höfðu ekki leitað réttar síns í gegnum réttarvörslukerfið og gátu því ekki lýst upplifun sinni af meðferð málanna, ólíkt þolendum í Noregi og Danmörku.[43] Ástæðan fyrir því að þolendur leituðu ekki til réttarvörslukerfisins á Íslandi var sú að þeir höfuð ekki trú á því að kerfið virkaði og töldu því ekkert stoða að leita réttar síns innan þess.[44] Fulltrúi lögreglu sem rætt var við í rannsókninni áætlaði að lögreglunni bærust 3-4 tilkynningar um stafrænt kynferðisofbeldi í viku þó svo að ákæra væri gefin út í fæstum málanna. Megnið af tilkynningunum voru frá ungum konum á aldrinum 15-25 ára.[45] Miðað við þær tölur mætti

---

[42] Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. 'Fjöldi tilkynninga um stafrænt kynferðisofbeldi.' 30. mars 2017.

[43] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen. *Online Violence against Women in the Nordic Countries*. 2017. <https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/online-violence-against-women-in-the-nordic-countries/page/1> Síðast sótt 18. október 2018.

[44] Ibid, bls. 13.

[45] Ibid, bls. 49.

áætla að lögreglunni bærust um 150 tilkynningar um stafrænt kynferðisobeldi á ári, en það er nokkuð meira en svör lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til fjölmiðla gefa til kynna.

Eins og ráða má af umfjöllun um dómaframkvæmd í öðrum hluta greinargerðarinnar er ekki að um að ræða mikinn fjölda mála fyrir íslenskum dómstólum sem varða brot gegn kynferðislegri friðhelgi, þó að þeim hafi farið fjölgandi síðustu ár.

Í tengslum við stefnumótun stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi vann ríkislögreglustjóri sérstakt áhættumat árið 2016 til þess að „skilgreina með formlegum hætti helstu ógnir á sviði net- og upplýsingaöryggis og hverjir eru mikilvægir innviðir samfélagsins í því sambandi“.[46] Þar er stafrænt kynferðisofbeldi ekki á meðal helstu ógna, en fjallað er um að nokkur dæmi séu frá Íslandi um hefndarklám þegar „maki eða fyrrum maki deilir kynferðislegu efni á netið án heimildar á huldunetum“, en ekki er frekar fjallað um umfang þeirra eða málafjölda.[47] Þá eru nefnd tvö tilvik þar sem myndefni er notað til kúgana, hvort sem það er til að fá viðkomandi til að samþykkja kynferðislegt samneyti eða láta af hendi fjármuni, hafi verið tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og að embættinu sé kunnugt um eitt slíkt mál til viðbótar. Að mati ríkislögreglustjórans geta slík mál einnig fallið undir brotastarfsemi sem krefst skipulags, en í báðum tilvikum var um að ræða erlenda aðila sem komist höfðu yfir myndefni af viðkomandi og nýtt það til fjárkúgunar.[48] Þessi lýsing rímar við það sem vísað hefur verið til sem kynlífskúgunar, en ekki er fjallað sérstaklega um í íslenskum lögum þó að eftir atvikum mætti heimfæra háttsemina undir hótana- eða fjárkúgunarákvæði almennra hegningarlaga.

Stígamót veita þolendum kynferðisbrota stuðning og aðstoð við úrvinnslu sinna mála. Í ársskýrslu samtakanna fyrir árið 2016 var í fyrsta sinn gerð grein fyrir stafrænu kynferðisofbeldi í tölfræði um starfsemina, en þá höfðu 24 einstaklingar leitað til samtakanna vegna þess.[49] Árið 2017 voru þeir 52, eða 7,1% þeirra sem leituðu til samtakanna.[50] Árið 2018 voru þeir 43. Um var að ræða einstaklinga sem höfðu orðið fyrir því að myndefni eða

---

[46] Greiningardeild ríkislögreglustjóra. 'Tölvu- og netglæpir. Áhættu- og ógnarmat.' 2016. Reykjavík. <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/04/lokask%C3%BDrsla-cyber-2016.pdf>

[47] Ríkislögreglustjórinn (n 11, bls. 20).

[48] Ibid, bls. 21.

[49] Stígamót, 'Ársskýrsla 2016' <https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/stigamot-arsskyrsla-2016-loka.pdf> Síðast sótt 18 júlí 2019.

[50] Stígamót, 'Ársskýrsla 2017' <https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrsla2017.pdf> Síðast sótt 18. júlí 2019.

annars konar efni, sem sýndi þá á kynferðislegan hátt, hafði verið búið til, því dreift eða það geymt án þeirra samþykkis, eða þeim hótað að slíkt yrði gert. Í einhverjum tilvikum höfðu þolendur einnig orðið fyrir annars konar kynferðisbrotum.[51]

Barnaverndarstofa hefur frá 1. janúar 2014 haldið tölfræði um mál sem komið hafa til meðferðar í Barnahúsi vegna kynferðislegra mynda. Yngsta barnið var 8 ára, en ekki er fjallað sérstaklega um afdrif eða meðferð málanna. Þá virðist málum heldur hafa fækkað en fjölgað á tímabilinu 2014-2017. [52]




Mynd 4 Fjöldi barna undir 18 ára aldri sem Barnahús hefur haft aðkomu að í tengslum við kynferðislegar myndbirtingar 2014-2017

Með hliðsjón af framangreindu verður því ekki skorið úr um fjölda mála varðandi kynferðislega friðhelgi, sem koma upp á Íslandi, né heldur hvert umfang þeirra er innan réttarvörslukerfisins, enda eru upplýsingar að einhverju leyti misvísandi hvað þetta varðar. Þá bendir samnorræn rannsókn til þess að brotaþolar á Íslandi leiti ekki til réttarvörslukerfisins.[53] Það bendir til þess að þær tölfræðiupplýsingar sem þó eru til varpi ekki raunsönnu ljósi á umfang brotanna í íslensku samfélagi. Ljóst er að þessi skortur á tölfræðilegum gögnum er óheppilegur. Bætt tölfræði myndi gefa skýrari yfirsýn og treysta undirstöður viðbragða á vegum stjórnvalda og annarra sem láta sig málaflokkinn varða. Til að tölfræði á vegum löggæsluyfirvalda geti gefið raunsanna mynd af umfangi brota sem framin eru með stafrænum hætti gegn kynferðislegri friðhelgi þarf að koma til lagabreyting, ellegar

[51] Stígamót, 'Ársskýrsla 2018' <https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/stigamot_arsskyrsla_2018_vef.pdf> Síðast sótt 20. október 2019.

[52] Barnaverndarstofa. 'Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi) - 37. mál', dbnr. 469, þskj. 37, 148. löggjþ. (2017-2018).

[53] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen (n 43).

breytingar á verklagi við skráningu og utanumhald tölfræðiupplýsinga um brot gegn kynferðislegri friðhelgi hjá lögregluyfirvöldum.

### 1.4.2 Brotaþolar

Erlendar rannsóknir benda til þess að konur verði frekar fyrir stafrænu kynferðisofbeldi en karlar. Þetta á við hvort sem um ræðir fullorðna einstaklinga eða börn.[54] Þá bendir tölfræði frá Bandaríkjunum til þess að oft sé brotið á maka eða fyrrverandi maka.[55] Vísbendingar eru um að samkynhneigðir, sérstaklega þeir sem hafa ekki opinberað kynhneigð sína, verði frekar fyrir brotum af þessum toga en gagnkynhneigt fólk.[56] Við skoðun dóma sem varða kynferðislega friðhelgi og þar sem brot eru heimfærð undir 209. gr. hgl. og 199. gr. hgl. er ljóst að konur verða frekar fyrir innrás í friðhelgi einkalífs en karlar og þegar um er að ræða karlkyns brotaþola er oftast um að ræða karlmenn í samkynhneigðum samböndum.[57] Samkvæmt skoðun Kolbrúnar Benediktsdóttur og Þorbjargar S. Gunnlaugsdóttur virðast algengustu málin sem koma til kasta íslenskrar lögreglu og tengjast stafrænu kynferðisofbeldi vera tengd einstaklingum sem eru í eða hafa nýlega slitið nánum ástarsamböndum. Þrátt fyrir að eiga þetta sameiginlegt eru málin ólík innbyrðis. [58]

Í áhættumati ríkislögreglustjóra um net- og tölvubrot frá 2016 greindi embættið þær tegundir tölvubrota sem íslensku samfélagi stæði ríkust ógn af. Stafrænt kynferðisofbeldi var ekki þar á meðal, en varað var við áhrifum tölvutækninnar á kynferðisbrot gegn börnum. „[...] internetið og tölvutæknin hafa í senn skapað nýja möguleika við sjálfa framkvæmd afbrotanna og gefið þeim nýtt form. Sem dæmi um þetta má nefna að internetið hefur getið af sér nýja tegund ofbeldis gegn börnum.“[59] Fjallað var um að þekkt væri að menn notuðu samfélagsmiðla til þess að komast í kynni við ungmenni og fá þau svo til þess að bera sig eða senda sér nektarmyndir. Í framhaldinu væri myndunum dreift á netinu þar sem brotamenn skiptust

---

[54] Danielle Keats Citron. *Hate Crimes in Cyberspace*. Harvard University Press. 2014.

[55] Í úttekt á meðal bandaríska netnotenda á vegum netöryggisfyrirtækisins MacAfee árið 2013 hafði 1 af hverjum 10 orðið fyrir því að fyrrverandi maki hótað því að setja á netið viðkvæmar myndir. Í 60% tilvika hafi hótunin orðið að veruleika. Greg Davis. ‘Love, Relationships and #SextRegret; It´s Time to Take Back the Web.’ *Securingtomorrow.mcafee.com* (4. febrúar 2013.) <https://securingtomorrow.mcafee.com/consumer/consumer-threat-notices/love-relationships-and-sextregret-its-time-to-take-back-the-web/> Síðast sótt 10. október 2019.

[56] Ari Ezra Waldman. ‘Law, Privacy and Online Dating: “Revenge porn” in Gay Online Communities’ (2019) 44, 4, Law & Social Inquiry, 987-1018.

[57] Sjá nánar umfjöllun um takmarkanir í ríkjandi réttarframkvæmd.

[58] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8 bls. 428-429).

[59] Ríkislögreglustjórinn (n 11, bls. 6).

á þeim og óskuðu jafnvel eftir myndum af tilteknum stúlkum.[60] Þessar lýsingar falla vel að því sem Hildur Friðriksdóttir greindi frá í rannsókn sinni á vefsvæðinu chansluts.com í júlí 2017. Sérstakt spjallborð á síðunni er ætlaðr til myndbirtinga og upplýsinga um Íslendinga og fara samskipti þar fram að meginstefnu til á íslensku. Í rannsókn Hildar var að finna 56 síður af efni á síðunni, en greining hennar náði til fyrstu 10. Á þeim var að finna 2.062 myndir, þar af 730 nektarmyndir, eða um 35%. Í 96% tilvika voru myndirnar af stúlkum, 2,5% af strákum og 1,5% af báðum kynjum. Í mörgum tilvikum var samhliða að finna persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem voru á myndinni; svo sem nafn, í hvaða bæjarfélagi þau byggju og í hvaða skóla þau gengju. Af þeim tilvikum sem aldur viðkomandi var tilgreindur voru flestir á aldrinum 15-18 ára, eða 63%.[61] Vefsvæðið er enn starfrækt. Í ágúst 2019 var þar að finna 157 síður af efni, rúmlega 100 fleiri en þegar greining Hildar fór fram árið 2017. Þær myndir sem er að finna á síðunni bera margar með sér að vera sannarlega teknar af viðkomandi, þ.e. ófalsaðar, og með samþykki. Heimild til frekari dreifingar, jafnvel í tengslum við dreifingu á frekari persónulegum upplýsingum, er hins vegar óljós. Mál þar sem unglingsstúlkur hafa sent unglingsdrengjum myndir af sér, sem síðan rata í víðtækari dreifingu með margföldunaráhrifum keðjusendinga, hafa komið til meðferðar íslenskra dómstóla.[62] Samkvæmt tölfræðirannsókn á vegum bresku samtakanna Internet Watch Foundation taka börn allt frá 7 ára aldri af sér kynferðilegar myndir og senda öðrum. Í 90% tilvika fara myndirnar í frekari dreifingu en upphaflega var ætlað.[63] Rannsóknir á vegum Háskólans í Reykjavík gefa til kynna að sending nektarmynda, eða kynferðislegra og ögrandi mynda, sé algeng hjá unglingum á Íslandi og að unglingsstúlkur finni fyrir þrýstingi og ætlast sé til þess að þær deili nektarmyndum af sér með öðrum.[64] Niðurstöður úr rýnihópum á vegum Kvenréttindafélags Íslands árið 2015 gáfu til kynna að

---

[60] Ibid, bls. 19.

[61] Hildur Friðriksdóttir. 'Kynferðisofbeldi í formi myndbirtinga' Prezi - kynning 7. desember 2017. <https://prezi.com/5xmfprygvjug/hrelliklam/> Síðast sótt 20. október 2019.

[62] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 428-429).

[63] Internet Watch Foundation og Microsoft. 'Emerging Patterns and Trends Report #1 Online Produced Sexual Content.' 10. mars 2015. <https://www.iwf.org.uk/sites/default/files/inline-files/Online-produced_sexual_content_report_100315.pdf> Síðast sótt 12. janúar 2019.

[64] Sólveig Klara Ragnarsdóttir. 'Stór hluti ungmenna sendir ögrandi myndir.' *ruv.is* (18. febrúar 2019) <https://www.ruv.is/frett/stor-hluti-ungmenna-sendir-ograndi-myndir> Síðast sótt 12. október 2019.

stúlkur væru líklegri til að senda nektarmyndir til maka eða kærasta, en strákar væru líklegri til þess að deila slíku efni í gríni.[65]

Þrátt fyrir að tölfræðiupplýsingar séu af skornum skammti bendir margt til þess að iðulega sé brotið gegn kynferðislegri friðhelgi sömu þjóðfélagshópa, hvort sem er á Íslandi eða annars staðar. Þannig eru brotaþolar oftar konur og gerendur karlar og í áhættuhóp er ungt fólk, samkynhneigðir og makar eða fyrrverandi makar.

### 1.4.3 Afleiðingar

Afleiðingar brota gegn kynferðislegri friðhelgi, hvort heldur sem um er að ræða myndrænt eða stafrænt kynferðisofbeldi, geta verið alvarlegar, sérstaklega þegar myndefni er deilt með frekari upplýsingum um viðkomandi, eins og nafni, heimilisfangi eða upplýsingum um samfélagsmiðlareikninga. Þessar afleiðingar geta verið alvarlegri í litlu samfélagi eins og á Íslandi. Það trúnaðarbrot sem felst í að birta efni sem einstaklingi var trúað fyrir til einkanota getur haft áhrif á orðspor brotaþola, atvinnustöðu, persónuleg sambönd og jafnvel allt líf viðkomandi.[66]

Í samnorrænni rannsókn af upplifun þolenda af því að fara með mál tengt stafrænu kynferðisofbeldi í gegnum réttarvörslukerfið var nokkur greinarmunur á svörum þolenda um afleiðingar brotanna. Þeim var lýst sem mismiklum, enda brotin sem um ræddi ekki eins að öllu leyti. Þolendur áttu þó sammerkt að ótti þeirra við að efnið færi í frekari dreifingu olli alvarlegum áhyggjum. Þá lýstu þolendur líkamlegum áhrifum, svo sem minni orku, kvíða og óútskýrðum verkjum. Einn þolandi lýsti því að hafa fengið taugaáfall í kjölfar brotsins og annar óttaðist um líf sitt.[67] Í málum sem ratað hafa til dómstóla hafa þolendur lýst afleiðingum á borð við kvíða, depurð, einangrun og skömm og erfiðleika dagsdaglega.[68] Þolendur hafa lýst því að brotin hafi haft slæm áhrif á vanda sem þeir hafi glímt við fyrir, svo sem kvíða og félagsfærni sem hafi versnað til muna.[69] Þá eru dæmi um að heimildarlaus dreifing kynferðislegs efnis hafi valdið því að slitnaði upp úr sambandi sem brotaþoli var í og meiri háttar rof hafi orðið á daglegu lífi viðkomandi.[70] Dæmi eru til, erlendis frá, um að þolendur brota

[65] Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, *Stöðvum hrelliklám. Löggjöf um umræða.* (Kvenréttindafélag Íslands 2015). <https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/stodvum-hrelliklam-loggjof-og-umraeda-vigdis-frida-thorvaldsdottir/page/1> Síðast sótt 20. mars 2019.

[66] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 427).

[67] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen (n 43, bls. 16).

[68] Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur S-670/2018 frá 19. febrúar 2019.

[69] Dómur Hérarðsdóms Reykjaness S-158/2018 frá 3. janúar 2019.

[70] Dómur Landsdóms nr. 79/2018 frá 22. júní 2018.

gegn kynferðislegri friðhelgi hafi framið sjálfsmorð vegna ótta við að myndir af þeim yrðu birtar eða í kjölfar þess að þeim var dreift.[71] Eins og dæmin sýna hefur háttsemin ekki síður áhrif á einstaklinga sem eru í sterki félagslegri stöðu. Heimsfræg bandarísk leikkona varð fyrir heimildarlausri dreifingu nektarmynda sem aflað hafði verið með því að brjótast inn á stafræna gagnageymslu sem tengd var við símann hennar. Hún lýsti upplifun sinni af þessu kynferðisofbeldi og sagði að það hefði haft þær afleiðingar að hún fyndi fyrir auknu óöryggi.[72]

Þessar lýsingar ríma við lýsingar Clare McGlynn og Erika Rackley á afleiðingum myndræns kynferðisofbeldis. Í því samhengi fjalla þær um að brotið sé gegn margþættum hagsmunum sem birtist með mismunandi hætti í hverju máli, en geti haft djúpstæðar afleiðingar. Þær nefna sérstaklega andlega og líkamlega friðhelgi einstaklinga, reisn þeirra, persónuvernd og kynferðislega tjáningu.[73] Danielle Citron telur afleiðingarnar einnig geta haft langtímaáhrif á einstaklinga og möguleika þeirra til þess að móta sjálfsmynd sína, kynferðisleg mörk og hæfni til þess að stofna til og viðhalda nánum samböndum.[74]

Í dómaframkvæmd má sjá áhrif afleiðinga í ljósi fjárhæðar miskabóta sem brotaþolum eru dæmdar á grundvelli ákvæða laga um skaðabætur. Þá er það dreifing, eða öllu heldur óvissa brotaþola varðandi dreifingu, sem er kjarninn í ákvörðuninni. Dæmi um þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-670/2018 frá 19. febrúar 2019. Í dómsorði kemur fram að:

„Þó svo ekki liggi fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brotsins, eru brot sem þessi til þess fallin að valda brotaþola miskatjóni. Er til þess að líta að upplýsingar sem sendar eru inn á vefsíður, eins og ákærði gerði, dreifast um samfélagsmiðla og er engin leið að vita hvar þær eru niðurkomnar. Þá liggja fyrir upplýsingar um að textar við myndir á vefmiðlinum [x], samkvæmt ákæru, eru enn inni á þeim vefmiðli. Býr brotaþoli því við að upplýsingar um hana, sem hér er ákært fyrir, verði varðveittar um óvissa framtíð inni á vefsíðunni. Er miskatjón brotaþola því

[71] Danielle Keats Citron. *Hatecrimes in Cyberspace* (Harvard Unisversity Press 2014). Sjá einnig fjölmiðlaumfjöllun, til að mynda: 'Police investigate suicide of woman after 'revenge porn' sex tape.' *Thelocal.es.* (29. maí 2019) <https://www.thelocal.es/20190529/police-investigate-suicide-of-woman-after-revenge-porn-sex-tape> Síðast sótt 20. júní 2019.

[72] Jessica Glenza. 'Jennifer Lawrence denounces nude photos hack as sex crime' *The Guardian* (7. október 2014) <https://www.theguardian.com/film/2014/oct/07/jennifer-lawrence-nude-photo-hack-sex-crime> Síðast sótt 2. júní 2018.

[73] Clare McGlynn og Ericka Rackley (n 31, bls. 545-549).

[74] Danielle Keats Citron (2, bls. 12-17).

mikið. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 1.600.000 krónur í miskabætur.“

Svipaða nálgun er að finna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-335/2015 frá 10. febrúar 2017. Dómurinn taldi hina ólögmætu meingerð gagnvart brotaþola ekki aðeins felast í því að hafa tekið myndskeið í heimildarleysi og sýnt öðrum það, heldur væri ótti við frekari dreifingu til þess fallinn að valda brotaþola frekara tjóni. Að sama skapi hefði hugarró um að myndskeiðið hefði ekki farið í frekari dreifingu dregið úr vanlíðan brotaþola og samkvæmt umsögn sálfræðings einnig dregið úr einkennum áfallastreitu brotaþola. Þá segir jafnframt: „hafa ber þó í huga að brot það sem ákærði er sakfelldur fyrir er þess eðlis að brotaþoli getur seint eða jafnvel aldrei haft fullvissu um að myndefnið sé ekki enn til“. Við mat á miskabótum var einnig horft til þeirra alvarlegu afleiðinga sem brotið hafði í för með sér, meðal annars þær að hún treysti sér ekki til að halda áfram námi.

Þá hafa dómstólar fallist á miskabótakröfur í málum sem varða tilraun til heimildarlausrar töku nektarmynda. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-611/2017 frá 20. nóvember 2017 var brotaþoli talinn eiga rétt á miskabótum þó svo að rannsókn á síma og tölvu hefði ekki leitt í ljós að saknæmt efni væri að finna á tækjunum og að engin sérfræðileg gögn lægju fyrir um afleiðingar brotsins fyrir brotaþola. Þrátt fyrir að um tilraun hefði verið að ræða væri háttsemin bótaskyld þó miskinn væri minni en ef brotið hefði verið fullframið, þar sem brotaþolinn gat ekki vitað hvort myndir hefðu verið teknar af henni.

Clare McGlynn og Erika Rackley segja að afleiðingar myndræns kynferðisofbeldis séu ekki einvörðungu bundnar við þá einstaklinga sem fyrir brotunum verða. Þær telja að andvaraleysi gagnvart myndrænu kynferðisofbeldi hafi samfélagslegar afleiðingar. Það sé til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á viðhorf, leiði til menningar sem samþykki myndrænt kynferðisofbeldi og geri lítið úr þeim afleiðingum sem það hefur á einstaklinga. Þær telja áhrifa þessa meðal annars birtast í því að kynferðisofbeldi er normalíserað og mörk friðhelgi máist út sem grefur undan mikilvægi samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Í einhverjum tilvikum geti skapast menning fyrir því að dreifa myndefni í „gríni“ jafnt sem tjónstilgangi á netinu, sem ýti undir kvenfjandsamleg viðhorf og geti til lengri tíma haft takmarkandi áhrif á þátttöku kvenna á netinu.[75] Þær aðstæður sem þær fjalla um minna um margt á íslenska vettvanginn sem

[75] Clare McGlynn og Ericka Rackley (n 31, bls. 549-551).

Hildur Friðriksdóttir afhjúpaði í rannsókn sinni á vefsvæðinu chansluts.com þar sem heimildarlaus dreifing nærgöngulla mynda hélst oft í hendur við niðrandi umræðu um viðkomandi einstakling og um konur almennt.[76]

Afleiðingar brota eru því háðar málsatvikum hverju sinni, en geta verið umfangsmiklar og alvarlegar fyrir einstaklinga sem fyrir þeim verða, bæði til skemmri og lengri tíma. Af íslenskri framkvæmd má ráða að við mat á miskabótum taka dómstólar tillit til þeirra afleiðinga sem óvissa um dreifingu nærgöngulla mynda á netinu án samþykkis getur haft fyrir einstaklinga. Fræðimenn halda því einnig fram að brotin hafi jafnframt neikvæð samfélagsleg áhrif sem stuðli meðal annars að því að háttseminni sé viðhaldið og grafi þar af leiðandi undan jafnri stöðu kynjanna í samfélaginu og mikilvægi samþykkis í kynferðislegum samskiptum.

[76] Hildur Friðriksdóttir (n 61).

# 2. Reynsla annarra ríkja

Í flestum ríkjum heims hefur netið haft í för með sér breytingar á lagaumgjörð er varða samskipti einstaklinga. Þær áskoranir sem ríki hafa staðið frammi fyrir hafa birst og verið teknar til skoðunar með mismunandi hætti, en stjórnarfar og samfélagsleg menning og viðmið hafa mikið um það að segja hver viðbrögð ríkisvalds eru hverju sinni. Í Tyrklandi hefur netvæðing samskipta til dæmis kallað fram þau viðbrögð stjórnvalda að loka á tilteknar miðlaþjónustur innan landamæra ríkisins. Þessar aðgerðir þóttu ekki samrýmast Mannréttindasáttmála Evrópu og hefur Mannréttindadómstóll Evrópu bent á að aðgerðir ríkja til þess að hamla eða takmarka samskipti eða samskiptaleiðir í gegnum netið verði að samrýmast reglum sáttmálans, meðal annars varðandi vernd tjáningarfrelsis.[77]

Bandaríkin, og þá sérstaklega Kaliforníuríki, hafa af sögulegum ástæðum verið mikilvæg lögsaga fyrir internetið; bæði innviði þess og nettengda starfsemi á borð við samfélagsmiðla og leitarvélar. Lykilþáttur í mótun hinnar lagalegu umgjarðar netsins var setning laga sem takmarkaði ábyrgð milliaðila á efni sem þriðji aðila veitti á miðilinn. 230. gr. alríkislaga um samskipti í fjarskiptum felur í sér takmörkun ábyrgðar hýsingaraðila á efni sem gert er aðgengilegt á netinu.[78] Þannig verður sá sem starfrækir miðilinn sem efni er gert aðgengilegt á ekki látinn sæta ábyrgð á efni þess nema í undantekningartilvikum sem taka aðeins til efnis sem telst vera barnaníð eða höfundarréttarbrot. Í þessu birtist meðal annars hinn skýri greinarmunur sem gerður er á ábyrgð netmiðla á borð við samfélagsmiðla annars vegar og ábyrgð fjölmiðla hins vegar sem bera ritstjórnarlega ábyrgð á því efni sem þeir birta og eftir atvikum ýmiss konar lagalega ábyrgð. Reglan um takmarkaða ábyrgð hýsingaraðila hefur haft víðtæk áhrif og efnislega sambærilega reglu má finna í evrópureglum um rafræn viðskipti sem meðal annars hafa verið leidd í lög á Íslandi.[79] Þannig er meginreglan sú í

---

[77] *Ahmet Yildirim v. Turkey* App no. 3111/10 (ECtHR, 18. March 2013).

[78] 47 USC 230: Protection for private blocking and screening of offensive material.

[79] 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, um takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar. Þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægi þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið:

1. vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim,

2. beina vitneskju um að um sé að ræða ólöglega starfsemi eða upplýsingar og, að því er varðar skaðabótaábyrgð, honum sé kunnugt um staðreyndir eða aðstæður svo að ljóst megi vera

íslenskum rétti að hýsingaraðili verði ekki látinn sæta ábyrgð á efni sem þriðji aðili setur inn á viðkomandi svæði.

Staðsetning margra stærstu netmiðla og netveitna Vesturlanda er á vesturströnd Bandaríkjanna, þaðan sem þau hafa rekið alþjóðlega starfsemi. Innri viðmið og reglur margra þeirra netmiðla sem öðlast hafa veigamikinn sess í samskiptum einstaklinga í ríkjum um allan heim taka því mið af bandarískum viðmiðum um inntak réttinda á borð við tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Á síðustu árum hefur þessi lagalega heimsmynd tekið nokkrum breytingum í kjölfar lagasetningar og reglusetningar á vegum Evrópusambandsins. Dæmi um þetta er endurskoðun reglna um persónuvernd, sem tóku gildi á innri markaðinum árið 2018 og háar sektir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt á alþjóðlega internetrisa á borð við Google vegna brota á samkeppnislöggjöf. Þar að auki stendur yfir stefnumótandi vinna á vegum Evrópusambandsins varðandi notkun samfélags- og netmiðla til framsetningar og dreifingar efnis sem varðar við lög í flestum ríkjum sambandsins, meðal annars varðandi haturstal og hryðjuverkaáróður. Ekki hefur verið mótuð sérstök stefna á vegum Evrópusambandsins um kynferðislega friðhelgi eða stafrænt kynferðisofbeldi, en í mörgum aðildarríkjum hefur verið gripið til lagasetningar til þess að bregðast við slíkri háttsemi á netinu. Hið sama á við um fleiri ríki sem ekki eiga aðild að sambandinu.

Á vegum brasilísku rannsóknarstofnunarinnar InternetLab hefur verið unnin samanburðarrannsókn á lagaumgjörð víðs vegar um heiminn, sem er ætlað að vernda kynferðislega friðhelgi einstaklinga, en þó sérstaklega lögum sem beinast gegn myndrænu kynferðisofbeldi.[80] Í flestum ríkjum sem gripið hafa til sérstakrar lagasetningar til þess að taka á háttseminni hefur verið um að ræða breytingar á refsilöggjöf. Ýmist hafa þær breytingar lotið að ákvæðum um friðhelgi einstaklinga eða um kynferðisbrot, en í einhverjum tilvikum hefur háttsemin verið skilgreind sem áreitni.[81] Annars vegar hefur

að um ólöglega starfsemi eða upplýsingar er að ræða,

3. vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám.

Ákvæði 1. mgr. um takmörkun ábyrgðar gildir ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda.

[80] Internetlab.org ‘How do countries fight the dissemination of non-Consented intimate images?’ (25. maí 2018) <http://www.internetlab.org.br/en/inequalities-and-identities/how-do-countries-fight-the-non-consensual-dissemination-of-intimate-images/> Síðast sótt 19. október 2019.

[81] Ísrael kvað fyrst ríkja sérstaklega á um að háttsemin væri kynferðisbrot. Umfjöllun um löggjöfina er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins: ‘Cybercrime Community. Country status report.’ *Coe.int* (5. mars 2017) <https://www.coe.int/en/web/octopus/country-wiki/-/asset_publisher/hFPA5fbKjyCJ/content/israel/pop_up?_101_INSTANCE_hFPA5fbKjyCJ_viewMode=print&_101_INSTANCE_hFPA5fbKjyCJ_languageId=nb_NO> Síðast sótt 10. júlí 2019.

verið um að ræða breytingar á gildandi lögum þannig að ljóst væri að þau tækju til brota gegn kynferðislegri friðhelgi eða myndrænu kynferðisofbeldi. Hins vegar hafa verið sett ný og sérstök ákvæði um háttsemina, eða ákveðna þætti hennar, ýmist í refsilöggjöf eða einkaréttarlega löggjöf.

Hér verður nánar fjallað um lagasetningu og stefnumótandi aðgerðir sem gripið hefur verið til erlendis og miða að því að styrkja vernd kynferðislegrar friðhelgi á stafrænum tímum. Sérstaklega er leitast við að draga fram löggjöf sem hugsanlega mætti líta til við íslenska lagasetningu til þess að styrkja vernd kynferðislegrar friðhelgi í ljósi þeirra áskorana sem hin stafræna bylting hefur haft í för með sér og stefnumótandi aðgerða sem nýta mætti sem lærdóm eða fyrirmynd í íslensku samhengi. Þetta er þó gert með þeim fyrirvara um að ýmsir þættir í lagaumgjörð ríkjanna eru ólíkir, til að mynda varðandi reglur um sakhæfisaldur og uppbyggingu réttarkerfanna.

## 2.1 Bandaríkin

Af 50 ríkjum Bandaríkjanna hafa 43 sett sérstök ákvæði um myndrænt kynferðisofbeldi og/eða kynferðislega friðhelgi í lög. Fyrst þeirra var New Jersey árið 2003, en í janúar 2019 tók nýjasta löggjöfin gildi í New York-ríki.[82] Nokkur munur er á löggjöf hinna ýmsu ríkja, þannig eru einhver ríki sem fella háttsemina undir refsilög en önnur undir svið einkaréttar. Þá eru mismunandi þættir lagðir til grundvallar varðandi saknæmisskilyrði; í einhverjum ríkjum þarf að sanna ásetning geranda til þess að valda þolanda tjóni, en í öðrum ríkjum er nóg að dreifing hafi átt sér stað. Þá er ýmist greint á milli þeirra verknaðarþátta sem fallið geta undir háttsemina, eða ekki, og þannig getur dreifing myndar verið refsiverð, þó að ekki sé endilega refsivert að taka hana, eða öfugt. Fá lög taka til falsaðs efnis til viðbótar við efni sem sannarlega er af brotaþolum. Í nýlegum lögum sem sett voru í Virginíuríki var þó sérstaklega tekið fram að lagalega verndin næði einnig til falsaðs myndefnis.[83] Lagasetningin hefur ekki verið gagnrýnislaus í nokkrum ríkjum og því hefur verið haldið fram að löggjöf sem gerir sendingu nærgöngulla mynda án samþykkis brjóti í bága við tjáningarfrelsið sem nýtur verndar fyrsta viðauka bandarísku

[82] Danielle Keats Citron (n 71) og Vivian Wang. ‘Revenge porn’ Law Finally Passes in New York.’ *New York Times* (28. febrúar 2019) <https://www.nytimes.com/2019/02/28/nyregion/revenge-porn-law.html> Síðast sótt 10. júlí 2019.

[83] Caitlin Morris. ‘Virgina General Assebly Expands Revenge Porn Law.’ *Alexandriagazette.com* (6. mars 2019) <http://www.alexandriagazette.com/news/2019/mar/06/virginia-general-assembly-expands-revenge-porn-law/> Síðast sótt 10. júlí 2019.

stjórnarskrárinnar.[84] Áfrýjunardómstóll í Texas taldi lögin í því ríki til að mynda brjóta gegn hinu stjórnarskrárvarða tjáningarfrelsi þar sem refsinæmi háttseminnar samkvæmt lögunum var of víðfeðmt að mati dómstólsins. Þetta taldi dómstóllinn sérstaklega eiga við varðandi þá sem dreifðu mynd óafvitandi um afstöðu þess sem á myndinni væri til dreifingar myndarinnar. Það væri því of mikil rannsóknarskylda lögð á þann aðila að ætla að vita afstöðu þess á myndinni til dreifingarinnar. Málið bíður meðferðar hæstaréttar Texas.[85] Þá hefur hin nýlega löggjöf í New York sætt gagnrýni fræðimanna og lögmanna sem sérhæfa sig í málaflokknum. Gagnrýnin lýtur meðal annars að því að háttsemin er skilgreind sem tegund af áreitni, en ekki brot gegn friðhelgi einstaklinga. Enn fremur er skilyrði laganna um að ásetningur brotamanns standi til þess að valda brotaþola tjóni með háttseminni gagnrýnt á þeim forsendum að áhrif á brotaþola eigi heldur að vera þungamiðja ákvæðisins enda geti afleiðingar brotanna verið alvarlegar óháðar ásetningi brotamanns.[86]

Engin alríkislöggjöf er í gildi í Bandaríkjunum sem kveður sérstaklega á um heimildarlausar birtingar kynferðislegra mynda af fullorðnum. Þingkonan Jackie Speier hefur lagt fram frumvarp þess efnis en það hefur ekki fengið framgang.[87] Hún hefur tilkynnt að frumvarpið verði endurflutt.[88] Tilgangur frumvarpsins er að skýra ábyrgð þeirra sem búa til, birta og dreifa myndrænu kynferðisofbeldi án þess þó að hreyfa við reglunni um takmarkaða ábyrgð hýsingaraðila. Þá á að tryggja rannsóknarúrræði lögreglu í málum af þessum toga. Þingmaðurinn lagði einnig fram frumvarp til þess að bregðast við myndrænu kynferðisofbeldi innan bandaríska hersins, sem felur í sér að deili hermaður nærgöngulu myndefni án

---

[84] Deanna Paul. 'Is revenge porn protected by the Constitution? Some states might say so.' *Washingtonpost.com* (19. maí 2019) <https://www.washingtonpost.com/nation/2019/05/19/is-revenge-porn-protected-by-constitution-some-states-might-say-yes/?fbclid=IwAR2Ncr77s4FpX5YitS0kxvqCt2wcTefwTGdO9IfghdiljJiLjpg7PexmjKE&noredirect=on&utm_term=.88acbd504479> Síðast sótt 10. júlí 2019.

[85] Emma Platoff. 'Is revenge porn protected free speech? Texas Court of Criminal Appeals to weigh in.' *Texas Tribune* (21. desember 2018) <https://www.texastribune.org/2018/12/12/revenge-porn-free-speech-texas-court-criminal-appeals/> Síðast sótt 10. júlí 2019.

[86] Danielle Citron og Mary Ann Franks. 'Evaluating New York´s "Revenge Porn" Law: a Missed Opportunity to Protect Sexual Privacy.' *Harvard Law Review* (19. mars 2019) <https://blog.harvardlawreview.org/evaluating-new-yorks-revenge-porn-law-a-missed-opportunity-to-protect-sexual-privacy/> Síðast sótt 10. júlí 2019.

[87] H.R. 5896 114th Congress (2016-2017). 'Intimate Private Protection Act of 2016' <https://www.congress.gov/114/bills/hr5896/BILLS-114hr5896ih.pdf> Síðast sótt 15. júlí 2019.

[88] 'Actor and Advocate Amber Heard Joins Rep. Speier in Call for Bipartistan Bill Banning Nonconsensual Sharing of Intimate Images' *Speier.house.gov* (20. maí 2019) <https://speier.house.gov/media-center/press-releases/actor-and-advocate-amber-heard-joins-rep-speier-call-bipartisan-bill> Síðast sótt 15. júlí 2019.

heimildar geti það varðað brottrekstri hans úr hernum.[89] Jafnframt geta hermenn sem verða fyrir myndrænu kynferðisofbeldi farið fram á tafarlausan flutning hvort sem þeir kæra málið og veita því í refsiréttarfarveg eða ekki.[90] Við undirbúning frumvarpanna naut þingmaðurinn fulltingis Mary Ann Franks prófessor sem hefur sett saman handbók um lagasetningu gegn myndrænu kynferðisofbeldi í tengslum við starf sitt fyrir samtökin CCRI.[91] Í krafti stöðu sinnar innan samtakanna hefur Mary Ann Franks verið ötul baráttumanneskja fyrir lagasetningu um myndrænt kynferðisofbeldi og hefur aðstoðað við undirbúning slíkra laga í þó nokkrum þeirra ríkja sem gripið hafa til lagasetningar. Í úttekt Kvenréttindafélags Íslands frá árinu 2015 var lagt til að tillögur CCRI yrðu hafðar til hliðsjónar við lagasetningu á Íslandi um óheimilar birtingar nektarmynda á netinu.[92] Rétt er að hafa í huga að margþættur munur er á íslenskri og bandarískri lagaumgjörð. Þrátt fyrir þetta geta ýmsir þættir og undirliggjandi sjónarmið við lagasetninguna gagnast við setningu laga til þess að styrkja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi á Íslandi. Í fyrirmyndarlöggjöf samtakanna er lögð áhersla á tvö atriði sem eru talin skipta meginmáli við að tryggja fullnægjandi lagalega vernd gegn myndrænu kynferðisofbeldi. Þau eru:

- Skilgreiningar hugtaka svo að skýrt sé hvað átt sé við með dreifingu, myndefni, einkamálefni og kynferðislegri háttsemi.
- Undantekningar frá meginreglunni sem tryggja að einstaklingum verði ekki gerð refsing fyrir að eiga kynferðisleg samskipti, til að mynda með rafrænum myndsendingum, þegar það er gert með samþykki og undantekningar sem fela í sér refsilausa meðferð efnis í tengslum við rannsókn og saksókn refsimála, fjölmiðlaumfjöllun og í læknisfræðilegum tilgangi.[93]

Skipulag rannsókna og ákærumeðferða mála er með nokkuð öðrum hætti í Bandaríkjunum. Af reynslu þeirra má þó draga þá ályktun að mikilvægt

[89] H.R. 1588 115th Congress (2017-2018). 'Servicemember Intimate Privacy Protection' <https://www.congress.gov/115/bills/hr1588/BILLS-115hr1588ih.pdf> Síðast sótt 10. júlí 2019. Elisabeth Warren hefur einnig leitt þverpólitískan hóp sem lagði fram sambærilegt frumvarp: 'Warren, Sullivan introduce bipartisan Protecting Servicemembers Online Act.' *warren.senate.gov* (2017) <https://www.warren.senate.gov/newsroom/press-releases/warren-sullivan-introduce-bipartisan-protecting-servicemembers-online-act-of-2017> Síðast sótt 18. október 2019.

[90] Richard Sisk. 'Navy Victims of Stalking, Revenge Porn.' *Military.com* (9. maí 2019) <https://www.military.com/daily-news/2019/05/09/navy-victims-stalking-revenge-porn-now-eligible-expedited-unit-transfer.html> Síðast sótt 10. júlí 2019.

[91] Heimasíða samtakanna sem áður hétu End Revenge Porn: <https://www.cybercivilrights.org/>

[92] Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir (n 65).

[93] 'Model state law' *Cybercivilrights.org* <https://www.cybercivilrights.org/model-state-law/> Síðast sótt 15. júlí 2019.

sé að gæta að því að gefa málum sem þessum vægi í rannsókn og saksókn og tryggja að til staðar sé þekking hjá ákæruvaldinu á sérstöðu þeirra.[94]

## 2.2 Svíþjóð

Sænsk stjórnvöld réðust í heildstæða úttekt á refsivernd friðhelgi einkalífs í sænskum rétti árið 2014. Skipuð var nefnd sérfræðinga sem skilaði úttekt og tillögum að lagabreytingum árið 2016. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að bætt yrði sérstöku ákvæði við almenn hegningarlög til þess að styrkja refsivernd friðhelgi einkalífs einstaklinga í ljósi þess að hinn stafræni veruleiki þrengdi í auknum mæli að friðhelgi. Sérstaklega var fjallað um mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs á stafrænum tímum og mikil áhersla lögð á að við útfærslu tillögu til úrbóta væri gætt að jafnvægi á milli þessara réttinda. Lagt var til að ákvæðinu yrði fundinn staður í kafla hegningarlaga sem varðar friðhelgi, en jafnframt að gripið yrði til lagasetningar sem styrkti réttarvernd gegn hótunum, röskun á friði og ærumeiðingum bæði í refsilögum og í fjölmiðlalöggjöf.[95] Að lokinni tilskilinni þinglegri meðferð urðu tillögur nefndarinnar að lögum um mitt ár 2017. Ákvæði sem vörðuðu heimildarlausar myndbirtingar tóku gildi 1. janúar 2018 og taka til heimildarlausrar dreifingar á nærgöngulu efni, hvort sem efnið er í myndrænu formi eða öðru.[96]

Í ákvæðinu sem gerir heimildarlausa birtingu nærgönguls efnis refsiverða er um að ræða stigskipta nálgun sem tekur mið af ásetningi og umfangi brotsins. Þannig varðar háttsemin allt að tveggja ára fangelsisrefsingu fyrir minni háttar brot, en að lágmarki sex mánaða og að hámarki fjögurra ára fangelsisrefsingu þegar dreifingin felur í sér gróft brot. Við mat á því hvað felist í grófu broti skal horft til þess hvernig dreifingin átti sér stað, umfangs hennar og inntaks upplýsinganna. Þá er refsilaust að dreifa efni þegar það er forsvaranlegt, til dæmis í þágu fjölmiðlunar eða löggæslu.[97] Í öðru ákvæði er kveðið á um að myndatökur úr laumi á stöðum þar sem búast má við

---

[94] 'When the internet turns violent and abusive.' (Pallborðsumræður á SWXS-hátíðinni í Texas 9. mars 2019) Sjá sérstaklega umfjöllun Mona Sedky, saksóknara í bandaríska dómsmálaráðuneytinu. <https://schedule.sxsw.com/2019/events/PP86459> Síðast sótt 22. september 2019.

[95] SOU 2016:7 'Olaga integritetsintrång. Integritet och straffskydd' Betänkande av Utredningen om ett modernt och starkt straffrättsligt skydd för den personliga integriteten. 2016. <https://www.regeringen.se/contentassets/207048837827439b9d1dce919d0dd6f9/integritet-och-straffskydd-sou-20167> Síðast sótt 11. febrúar 2019.

[96] 'Ett starkt straffrättsligt skydd för den personliga integriteten.' *Regeringen.se* (17. september 2017) <https://www.regeringen.se/rattsliga-dokument/proposition/2017/09/prop.-201617222/> Síðast sótt 22. febrúar 2019.

[97] Lag (2017:1136).

friðhelgi, svo sem í íþróttastöð, séu refsiverðar. Það varði þó ekki refsingu þegar um sé að ræða forsvaranlegar aðstæður með tilliti til tilgangs og aðstæðna upptökunnar og ekki heldur þegar um er að ræða aðgerðir sem eru í þágu opinberra eftirlitsaðila.

Í skýrslu nefndarinnar var enn fremur fjallað um ákvæði laga í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna, sem hægt væri að beita eftir atvikum. Þar var vísað til ákvæðis um kynferðislega áreitni (s. sexuellt ofrädande), sem er þó líkara ákvæðum 3. mgr. 99. gr. bvl. og 209. gr. hgl. sem vernda blygðunarsemi en ákvæðum annarra íslenskra laga sem fjalla um kynferðislega áreitni. Þannig er kveðið á um að refsivert sé að viðhafa kynferðislega háttsemi gegn barni, en einnig að refsivert sé að sýna sig nakinn (s. blotta) og misbjóða þannig kynferðislegri friðhelgi annarra.

Þau ákvæði sem fjallað er um í skýrslunni eru eftirfarandi:

Um dreifingu nærgöngulla upplýsinga eða myndefnis:

*6 c §* *Den som gör intrång i någon annans privatliv genom att sprida*

1. *bild på eller annan uppgift om någons sexualliv,*
2. *bild på eller annan uppgift om någons hälsotillstånd,*
3. *bild på eller annan uppgift om att någon utsatts för ett brott som innefattar ett angrepp mot person, frihet eller frid,*
4. *bild på någon som befinner sig i en mycket utsatt situation, eller*
5. *bild på någons helt eller delvis nakna kropp*

2 st. *döms, om spridningen är ägnad att medföra allvarlig skada för den som bilden eller uppgiften rör, för olaga integritetsintrång till böter eller fängelse i högst två år.*

3 st. *Det ska inte dömas till ansvar om gärningen med hänsyn till syftet och övriga omständigheter var försvarlig.*

4 kap. *6 d §* *Om brott som avses i 6 c § är grovt, döms för grovt olaga integritetsintrång till fängelse i lägst sex månader och högst fyra år.*

2 st. *Vid bedömningen av om brottet är grovt ska det särskilt beaktas om gärningen med hänsyn till bildens eller uppgiftens innehåll eller sättet för eller omfattningen av spridningen var ägnad att medföra mycket allvarlig skada för den som bilden eller uppgiften rör.*

4 kap. *7 §* *Den som fysiskt antastar någon annan eller utsätter någon annan för störande kontakter eller annat hänsynslöst agerande döms, om gärningen är ägnad att kränka den utsattes frid på ett kännbart sätt, för ofredande till böter eller fängelse i högst ett år.*

Um myndatökur úr laumi:

*6 a § Den som olovligen med tekniskt hjälpmedel i hemlighet tar upp bild av någon som befinner sig inomhus i en bostad eller på en toalett, i ett omklädningsrum eller ett annat liknande utrymme, döms för kränkande fotografering till böter eller fängelse i högst två år.*

2 st. *Till ansvar ska det inte dömas om gärningen med hänsyn till syftet och övriga omständigheter är försvarlig.*

3 st. *Första stycket gäller inte den som med tekniskt hjälpmedel tar upp bild av någon som ett led i en myndighets verksamhet.*[98]

Um kynferðislega áreitni, sem þó samsvarar að einhverju leyti ákvæðum íslenskra laga um blygðunarsemi:

6 kap. *10 § Den som, i annat fall än som avses förut i detta kapitel, sexuellt berör ett barn under femton år eller förmår barnet att företa eller medverka i någon handling med sexuell innebörd, döms för sexuellt ofredande till böter eller fängelse i högst två år.*

2 st. *Detsamma gäller den som blottar sig för någon annan på ett sätt som är ägnat att väcka obehag eller annars genom ord eller handlande ofredar en person på ett sätt som är ägnat att kränka personens sexuella integritet.*[99]

Samhliða lagabreytingunni sem gerði dreifingu nærgönguls efnis refsiverða var opnað á að brotaþolar gætu sótt bætur úr brotaþolasjóði.[100] Sjóðurinn starfar á grundvelli laga og geta brotaþolar sótt bætur í sjóðinn vegna brota sem þeir verða fyrir en geta af mismunandi ástæðum ekki sótt þær bætur úr hendi brotamanns. Ákvarðanir um bótagrundvöll og fjárhæð eru teknar af sérstakri bótanefnd. Fyrstu ákvarðanirnar sem brotaþolasjóðsnefndin tók vegna slíkra brota voru birtar í júní 2019, en þannig lagði nefndin línurnar um hvaða fjárhæðum þolendur mættu búast við úr sjóðnum vegna óheimilla birtinga nektarmynda. Tekið er mið af aðstæðum hverju sinni við ákvörðun bótafjárhæðar, en einnig horft til þeirra viðmiða sem sett eru fram í ákvæðinu og varða til að mynda eðli og umfang dreifingar efnisins. Meðal fyrstu málanna var mál manns sem hafði berað sig fyrir framan vefmyndavél, en þeim myndum var síðan dreift til

---

98 Lag (201:366).

99 Lag (2005:90).

100 'Får ersettning efter at nakedbilder sprids.' *Brottsoffermyndingheten.se* (20. júní 2019) <https://www.brottsoffermyndigheten.se/nyheter/far-ersattning-efter-att-nakenbilder-spridits> Síðast sótt 23. júní 2019.

ættingja hans, vina og atvinnurekanda. Brotamaðurinn hafði einnig stofnað samfélagsmiðlareikninga undir mismunandi nöfnum og notað þá til þess að skrifa athugasemdir á samfélagsmiðla um að maðurinn væri barnaníðingur. Brotaþoli fékk 10.000 SEK í bætur.[101] Í öðru máli taldi nefndin rétt að veita konu 40.000 SEK bótagreiðslu vegna ljósmynda og kvikmynda sem þáverandi kærasti hennar hafði tekið af henni og þeim við kynferðislegar athafnir og gert efnið aðgengilegt á klámsíðu á netinu.[102]

## 2.3 Danmörk

Í skýrslu danska afbrotavarnaráðsins *Når forbrydelser bilver digitale,* sem kom út árið 2016, var fjallað um áhrif stafræns veruleika á afbrot og brotastarfsemi í dönsku samfélagi.[103] Meðal þess sem var til umfjöllunar var stafrænt kynferðisofbeldi og birtingarmyndir þess, sérstaklega hvað varðar börn og ungt fólk. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar og mikilli umfjöllun, bæði í fjölmiðlum og í samfélaginu, réðust dönsk stjórnvöld í aðgerðir til þess að berjast gegn stafrænu kynferðisofbeldi (d. digitale sexkrænkelser).[104] Aðgerðirnar fólu meðal annars í sér endurskoðun á verklagi lögreglu, margþættar aðgerðir varðandi fræðslu og forvarnir fyrir ungt fólk og fjármögnun aðstoðar fyrir ungt fólk sem verður fyrir stafrænu kynferðisofbeldi.[105]

Refsiréttarnefnd í Danmörku var árið 2015 falið að taka til skoðunar refsivernd friðhelgi einkalífs og æruvernd einstaklinga með hliðsjón af hinum stafræna veruleika. Nefndin skilaði greinargerð 2017 og lagði til að ráðist yrði í lagabreytingar þar sem gildandi lagaumgjörð veitti ekki nægilega vernd í ljósi þeirra miklu breytinga sem aukin stafvirknivæðing hefðu í för með sér. [106] Nefndin taldi þó ekki ástæðu til þess að ráðast í breytingar

[101] Miðað við gengi íslensku krónunnar 15. nóvember 2019 er það jafnvirði tæplega 130.000 ISK.

[102] Miðað við gengi íslensku krónunnar 15. nóvember 2019 er bótafjárhæðin jafnvirði rúmlega 500.000 ISK.

[103] Det Kriminal Prevæntive Råd. 'Når forbrydelser bilver digitale.' (Kaupmannahöfn. 2016) <https://www.dkr.dk/materialer/it-kriminalitet/naar-forbrydelser-bliver-digitale/> Síðast sótt 23. júní 2019.

[104] Eins og kemur fram í skýrslu refsiréttarnefndar um refsivernd friðhelgi og æruverndar er hugtakið ekki skilgreint í danskri löggjöf, en hefur náð fótfestu í almennri umræðu og fræðiskrifum í Danmörku. Justitisministeriet. 'Straffulovrådets betænkning um freds- og ærekrænkelser. Betænking nr. 1563.' 2017. <http://www.justitsministeriet.dk/sites/default/files/media/Pressemeddelelser/pdf/2017/bet1563.pdf> Síðast sótt 23. júní 2019.

[105] Regeringen. 'Skjærpet Indsats mod Sexuale Krænkelser' <http://www.justitsministeriet.dk/sites/default/files/media/Pressemeddelelser/pdf/digitale_sexkraenkelser_udspil.pdf> Síðast sótt 22. júlí 2019.

[106] Justitieministeriet (n 104).

á ákvæðum laga vegna stafrænna kynferðisbrota þar sem beita mætti ákvæðum hegningarlaga um dreifingu einkamálefna annars vegar og um blygðunarsemi hins vegar samhliða í slíkum málum og þau veittu þannig fullnægjandi vernd.[107] Þá væri mögulegt fyrir einstaklinga að leita réttar síns gagnvart öðrum einstaklingum á grundvelli ákvæða persónuverndarlaga um óheimilar myndbirtingar og þegar reyndi á myndefni af börnum kæmi til ákvæða hegningarlagaum barnaníðsefni Enn fremur megi ráða af dómafordæmum að þeir sem verði fyrir barðinu á myndfölsun geti gert einkaréttralega bótakröfu á grundvelli skaðabótalaga og því þurfi ekki að koma til frekari lagabreytinga í því samhengi.[108] Danski dómsmálaráðherrann mælti þrátt fyrir þetta fyrir frumvarpi til laga um breytingu á hegningarlögum, fjölmiðlalögum og persónuverndarlögum og byggðust breytingarnar meðal annars á tillögum refsiréttarnefndarinnar, en einnig öðrum sjónarmiðum. Frumvarpið fól til að mynda í sér að skerpt var á ákvæði hegningarlaga nr. 264d um dreifingu einkamálefna til þess að styrkja refsivernd kynferðislegrar friðhelgi þegar nektarmyndum væri dreift án heimildar. Lagabreytingin fól í sér að dreifing og áframsending samskipta eða mynda sem vörðuðu einkalíf annarra og væru augljóslega ekki ætluð fyrir opinbera birtingu varðaði sektum eða fangelsisvist í allt að sex mánuði.[109] Eins og í Svíþjóð er ákvæðið bæði friðhelgisbrot og stigskipt þannig að það varðar allt að þriggja ára fangelsisrefsingu ef inntak eða dreifingarmáti upplýsinganna er þess eðlis. Ákvæðið orðast eftir svo breytingarnar:

***§ 264 d.** Med bøde eller fængsel indtil 6 måneder straffes den, der uberettiget videregiver meddelelser eller billeder vedrørende en andens private forhold eller i øvrigt billeder af den pågældende under omstændigheder, der åbenbart kan forlanges unddraget offentligheden. Bestemmelsen finder også anvendelse, hvor meddelelsen eller billedet vedrører en afdød person.*

*Stk. 2. Foreligger der under hensyn til oplysningernes eller videregivelsens karakter og omfang eller antallet af berørte personer særligt skærpende omstændigheder, kan straffen stige til fængsel indtil 3 år.*

Hvað varðar dreifingu á myndefni af börnum vakti nýlega danskt mál mikla athygli, en það fjallaði um umfangsmikla heimildarlausa dreifingu í gegnum samfélagsmiðla á myndbandi af ungu fólki í kynlífsathöfnum. Í umfjöllun

[107] Ibid, bls. 98.

[108] Ibid, bls. 102-103.

[109] Straffelovens § 264.

hefur verið vísað til málsins sem regnhlífarmálsins (d. umbrellasagen). Í málinu var nærri þúsund einstaklingum birt ákæra fyrir að dreifa myndbandinu. Við rannsókn málsins lagði lögreglan mikla áherslu á að fylgja eftir samskiptum á milli aðila til þess að tryggja að ná til fleiri en þeirra sem dreifðu myndbandinu upphaflega og höfðu það að markmiði að draga alla sem dreifðu myndbandinu til ábyrgðar. Við rannsókn málsins skipti samstarf lögreglunnar við Europol höfuðmáli, en auk þess var samfélagsmiðillinn sem í hlut átti samstarfsfús og veitti allar nauðsynlega upplýsingar enda hafði verið brotið gegn skilmálum hans.[110] Í kjölfar málsins komst á skýr samstarfsvettvangur fyrir upplýsingamiðlun á milli lögregluyfirvalda í Danmörku og helstu samfélagsmiðla sem starfa á dönskum markaði.

Í Danmörku hafa stjórnvöld aftur á móti ekki komið að sérstakri upplýsingagjöf fyrir fullorðna þolendur eða veitt þeim aðstoð. Samtökin Digital Ansvar voru stofnuð árið 2018 til þess að veita þolendum aðstoð og ráðgjöf við að leita réttar síns, auk þess sem samtökin standa fyrir fræðslu fyrir fagaðila og ungt fólk um mörk stafrænnar friðhelgi.[111] Aðild að samtökunum eiga danska kvenréttindafélagið, lögmannsstofan Njord, sem hefur sinnt fjölmörgum málum af þessum toga, fræðimenn og aðgerðasinnar sem hafa fjallað um jafnréttismál, kynferðisbrot og stafræna ábyrgð með mismunandi hætti. Samtökin eru að þessu leyti ólík sambærilegri starfsemi í Englandi sem rekin er undir yfirskriftinni Revengepornhelpline þar sem stjórnvöld eiga hvorki aðkomu að uppbyggingu né fjármögnun starfseminnar í Danmörku. Þá hafa dönsku samtökin ekki komið á sterkum tengslum við tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla um samvinnu við að fjarlægja efni eða grípa til aðgerða til þess að takmarka dreifingu þess eins og ensku samtökin hafa gert. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirsvarsmönnum félagsins hefur þetta reynst ljóður á starfseminni, enda er meginmarkmið margra sem leita aðstoðar samtakanna að koma í veg fyrir frekari stafræna dreifingu frekar en að leita réttar síns í gegnum réttarvörslukerfið. Þá hefur starfsemi samtakanna varpað ljósi á að langflestir sem leita til samtakanna vegna birtingar eða hótunar um birtingu nektarmynda eru makar eða fyrrverandi makar þeirra sem hafa yfir efninu að ráða. Vegna þessa verður meginþungi starfseminnar nú og næstkomandi ár fólginn í samstarfi við kvennaathvörf að því leyti að farið verður í kvennaathvörf og boðið upp á

[110] Louise Dalsgaard, 'Umbrella-sag vokser: Polititet sikter yderligere 148 unge for at dele børneporno' *dr.dk* (11. mars 2019) <https://www.dr.dk/nyheder/indland/umbrella-sag-vokser-politiet-sigter-yderligere-148-unge-dele-boerneporno> Síðast sótt 4. október 2019.

[111] Nánari upplýsingar um samtökin má finna á heimasíðu þeirra: <https://digitaltansvar.dk/>

fræðslu í tengslum við úrræði og aðstoð við meðferð mála í gegnum réttarvörslukerfið.

Upplýsingagjöf og aðstoð er í boði fyrir börn í Danmörku á vegum Red Barnet, systursamtaka Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Þau starfrækja vefsíðuna SletDet, eða „eyddu því“ á íslensku.[112] Fyrirmyndin að starfseminni er meðal annars fengin frá Noregi, en gott samstarf er á milli aðila. Starfsemin er rekin af Red Barnet og er að meginstefnu til fjármögnuð af stjórnvöldum sem hafa skuldbundið sig til þess að veita 2 milljónir DKK til starfseminnar á næstu fjórum árum. Í krafti aðildar að InHope-verkefninu hefur reynst auðvelt fyrir samtökin að koma á samvinnu við alþjóðleg tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla, en samkvæmt upplýsingum frá samtökunum eiga þau sérstaklega gott samstarf við fulltrúa Facebook. Starfsemin hófst í maí 2016 og tekur til ýmiss konar hegðunar sem á sér stað á netinu, ekki aðeins óheimillar myndbirtingar. Þannig er á síðunni að finna fræðslu og forvarnarefni gegn myndrænu kynferðisofbeldi en einnig netníði, haturstali, fölskum samfélagsmiðlareikningum og einelti í gegnum netið. Á síðunni má finna ráð um hvernig megi nýta friðhelgisstillingar samfélagsmiða og ábendingar um hvernig sé hægt að fá samfélagsmiðla og tæknifyrirtæki til þess að fjarlægja efni sem dreift hefur verið í gegnum þá. Þrátt fyrir að fyrirmyndin sé að mörgu leyti sótt til norsku vefsíðunnar slettMig.no er umfang starfsemi dönsku síðunnar nokkuð meira og hún beinist aðeins að börnum. Reynslan hefur sýnt að upplýsingar á síðunni gagnist einnig aðstandendum barna, ekki síst foreldrum, til þess að miðla viðmiðum um viðurkennda hegðun á netinu. Samtökin *Sex og samfund*, sem eru að hluta til fjármögnuð af opinberu fé, veitir einnig fræðslu fyrir foreldra og börn um mörk og markaleysi í kynferðislegum samskiptum á netinu.[113]

## 2.4 Noregur

Þó nokkur mál sem varða stafrænt kynferðisofbeldi hafa komið upp í Noregi á síðustu árum. Í dómaframkvæmd hefur nokkrum ákvæðum refsilaga verið beitt til þess að bregðast við háttseminni. Þegar um er að ræða börn reynir á ákvæði hegningarlaga nr. 311 um barnaklám. Í ákvæðinu er einnig að finna heimild sem kveður á um refsilausa háttsemi þegar um er að ræða samskipti sem eiga sér stað með samþykki beggja aðila á aldrinum 16-18 ára, sem eru báðir á svipuðum aldri og á svipuðu þroskastigi.[114] Með

[112] Nánari upplýsingar má finna á síðunni: <https://redbarnet.dk/sletdet/>

[113] Nánari upplýsingar má finna á síðunni: <https://sexogsamfund.dk/>

[114] §311. Fremstilling av seksuelle overgrep mot barn eller fremstilling som seksualiserer barn

undantekningunni er komið í veg fyrir að kynferðisleg samskipti ungmenna séu glæpavædd vegna þess eins að þau eigi sér stað með hjálp nútímatækni.

Í dómaframvæmd hefur reynt á ákvæði friðhelgisbrota- og kynferðisbrotakafla norsku refsilaganna. Þar á meðal veitir 266. gr. refsilaga um friðhelgi vernd gegn gáleysislegri háttsemi (n. hensynslös atferd). Á þetta hefur reynt í málum þar sem þolendur hafa verið fullorðnir sem og börn í skilningi laga.[115] Lagagreinin kveður á um að refsivert sé að veita öðrum eftirför eða brjóta gegn friðhelgi þeirra með því að hræða eða valda óþægindum eða sýna annars konar gáleysislega hegðun. Þá hefur óheimil dreifing kynferðislegra mynda verið heimfærð undir 298. gr. refsilaga um kynferðislega móðgandi hegðun (n. seksuelt krenkende atferd). Ákvæðinu hefur verið beitt þegar brotið er gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga án þess að snerting eigi sér stað, til að mynda í almannarými eða í návist annarra án þeirra samþykkis.[116] Enn fremur hefur reynt á ákvæði

Med bot eller fengsel inntil 3 år straffes den som

a) Produserer fremstilling av seksuelle overgrep mot barn eller fremstilling som seksualiserer barn,
b) Utgir, tilbyr, selger, overlater til en annen, gjør tilgjengelig eller på annen måte søker a utbre fremstillinger som nevnt i bokstav a,
c) Anskaffer, innfører eller besitter femstillinger som nevnt i bokstav a, eller forsettlig skaffer seg tilgang til skilt materiale,
d) Holder offentlig foredrag eller istandbringer offentlig forestilling eller utstilling av fremstillinger som nevnt i bokstav a,
e) Forleder noen undr 18 år til å la sig avbilde som ledd in kommersiell fremstilling av rørlige eller urørlige bilder med seksuelt innhold.

Med barn menes i denne paragrafen personer som er eller fremstår som under 18 år.

Den som uaktosomt foreetar handling som nenvt i første ledd, straffes med not eller fengsel inntil 6 måneder. På samme måte straffes den innehaver eller overordnede som forsettig eller uaktsomt unnlater å hindre at det i en virksomhet blir foretakk handling som nevns i første ledd.

Straffen kan falle bort for den sem tar og sesitter et vilde av en person mellom 16-18 år , dersom denne har gitt sitt samtykke og de to er omrent jevnbyrdige i alder og utvikling.

Bestemmelsen rammer ikke fremstiller som må anses forsvarlige ut fra et kunstnerisk, vitenskapelig, informativt eller lignende formål. Bestemmelsen gjelder heller ikke for film eller videogram som Mediatillsynet ved forhåndskontroll har godkjent til ervervsmessig fremvisning eller omsetning.

[115] Frank Haugsbø, 'Dømt for å ha filmet sex med kjæresten og delt pa Snapchat' *Vg.no* (4. febrúar 2018) <https://www.vg.no/nyheter/innenriks/i/7ld5a8/doemt-for-aa-ha-filmet-sex-med-kjaeresten-og-delt-paa-snapchat> Síðast sótt 15. ágúst 2019.

[116] § 298 Seksuelt krenkende atferd offentig eller uten samtykke

Med bot eller fengsel inntil 1 år straffes den som i ord eller handling utviser seksuelt krenkede eller annen uanstendig atfer

a) på offentig sted, eller
b) i nærvær av eller ovenfor noen som ikke har samtykket i det.

kynferðisbrotakaflans um klám og ákvæði höfundarréttarlaga í þessu samhengi. Dæmi um þetta er dómur Hæstaréttar Noregs í máli HR-2016-2263-A, en í málinu var manni gerð refsing fyrir höfundarréttarbrot og dreifingu á klámefni þegar hann hlóð niður og deildi áfram miklum fjölda nektarmynda og myndbanda af ungum konum án þeirra samþykkis. Í forsendum dómsins kom fram að ein ástæða þess að refsing sakborningsins var þyng á æðra dómstigi væri sú að mikilvægt væri að dómurinn hefði almenn fælingaráhrif þar sem um alvarleg brot gegn friðhelgi einstaklinga væri að ræða.[117]

Á vegum norsku stofnunarinnar KUN fór fram kortlagning á upplifun og afleiðingum af stafrænu kynferðisofbeldi og áreiti út frá kynjasjónarmiðum og lýstu viðmælendur eftir atvikum alvarlegum persónulegum afleiðingum.[118]

Í Noregi starfrækir norska netöryggisráðið[119] sem starfar á vegum stjórnvalda vefsíðuna SlettMig, sem útleggst sem „eyða mér“ á íslensku.[120] Þar er að finna upplýsingar og leiðbeiningar fyrir almenning um notkun samfélagsmiðla og friðhelgi einstaklinga. Þar eru ráð um hvernig sé hægt að óska eftir því að efni sé fjarlægt af helstu samfélagsmiðlum, hvernig megi bæta og breyta friðhelgisstillingum notenda og hvernig aðgangi að viðkomandi miðlum verður eytt. Vefsíðan er ætluð öllum óháð aldri, en að auki heldur ráðið úti sérstakri upplýsingasíðu fyrir aldraða auk almennra upplýsinga um netöryggi einstaklinga í Noregi.

Þá hefur forvarnarstarf á vegum Kripos, deildar lögreglunnar í Noregi og norska lögregluháskólans, vakið athygli en Kripos hefur meðal annars nýtt sérstaka Instagram-síðu sem sett var á laggirnar fyrir lögregluna til fræðslu og forvarna. Árin 2018 og 2019 hefur sérstakt átaksverkefni verið starfrækt þar sem nemendur í lögregluháskólanum ferðuðust á milli unglingaskóla og fræddu bæði ungt fólk og aðstandendur þeirra um stafræn kynferðisbrot og ýmis álitaefni er varða stafræna kynhegðun í tengslum við ákvæði laga. Samhliða var fræðsluefni birt á Instagram-síðunni með myllumerkinu #delbart, eða „deilanlegt“.[121] Með þessari nálgun næst ekki aðeins markmið um fræðslu og forvarnir gagnvart mikilvægum markhópi, heldur er lögreglan

[117] Ensk þýðing af niðurstöðu dómstólsins er á heimasíðu Evrópuráðsins: ‘Norway's Supreme Court - HR-2016-2263-A.’ *coe.int* <https://rm.coe.int/t-cy-2017-ple-17-norway-hrstr-avgjorelse-hr-2016-2263-a-en/168071cbc2> Síðast sótt 22. október 2019.

[118] Helga Eggbø, Lindis Sloan og Mari Helenedatter Aarbakke. ‘Erfaringar med Digitale krenkesler i Norge. N-rapport 2016:1’ 2016.

[119] Slóðin á síðuna er: <https://norsis.no/>

[120] Frekari upplýsingar má náglast á síðunni: <https://slettmeg.no/>

[121] Instagram-síða Kripos er á slóðinni: <https://www.instagram.com/kripos_ncis/> Síðast sótt 20. september 2019.

aðgengileg og sýnileg á samfélagsmiðlum, sem auðveldar ungu fólki að hafa samband við lögregluna. Þá hefur verkefnið orðið til þess að tryggja að lögreglunemar fá viðeigandi upplýsingar um verkferla í stafrænum kynferðisbrotamálum og öðlast þekkingu á málaflokknum samhliða fræðslu-starfseminni.

## 2.5 England og Wales

Með breytingu á lögum árið 2015 var gert refsivert að birta eða dreifa kynferðislegum myndum eða hreyfimyndum sem eru einkamálefni í því skyni að valda öðrum skaða eða tjóni.[122] Ákvæðið orðast svo á frummálinu:

*Disclosing private sexual photographs and films with intent to cause distress*

(1) It is an offence for a person to disclose a private sexual photograph or film if the disclosure is made –
(a) without the consent of an individual who appears in the photograph or film, and
(b) with the intention of causing that individual distress

Þá er í lögunum að finna undanþágu frá banninu sem felur í sér að refsilaust er að deila efni af þessum toga með þeim sem er á myndinni. Þá getur háttsemin verið réttlætanleg í því skyni að upplýsa um refsiverða háttsemi eða í þágu fjölmiðlunar, sé miðlunin í þágu almennings. Nánar er skilgreint hvað felst í birtingu og hvað teljist ljósmynd eða hreyfimynd í skilningi laganna og þá er skilgreint nánar hvernig myndir teljast einkamál eða kynferðislegar í skilningi laganna og njóta þar af leiðandi verndar ákvæðisins.[123] Hótun um birtingu eða dreifingu myndefnis, sem skilgreint er í ákvæðinu, er ekki refsiverð en á síðustu misserum hefur verið kallað eftir því að svo verði.[124]

Fleiri ákvæði laga taka á háttseminni. Stjórnvöld hafa talið að fella megi háttsemi sem felst í að senda mynd í heimildarleysi oftar en tvisvar sinnum undir refsiverða áreitni á grundvelli laga um vernd gegn áreitni.[125] Þá hefur

[122] Criminal Justice and Courts Act 2015. Greinar 33-35. <http://www.legislation.gov.uk/ukpga/2015/2/section/33/enacted> Síðast sótt 22. október 2019.

[123] Nánari umfjöllun um lagabreytinguna, aðdraganda hennar og skýringar er að finna á vefsvæði bresku ríkisstjórnarinnar á slóðinni: <https://www.gov.uk/government/publications/revenge-porn>

[124] Izzy Lions. 'Revenge porn threats should be made illegal review suggests.' *Telegraph.co.uk* ..(19. mars 2019) <https://www.telegraph.co.uk/news/2019/03/19/revenge-porn-threats-should-made-illegal-review-suggests-alice/> Síðast sótt 22. október 2019.

[125] Prohibition against Harassment Act 1997. <https://www.legislation.gov.uk/ukpga/1997/40/contents> Síðast sótt 22. október 2019.

myndrænt kynferðisofbeldi að einhverju leyti einnig verið fellt undir ákvæði kynferðisbrotalaga um sýniþörf (e. *voyeurism)*, sem má að mörgu leyti jafna við ákvæði íslenskra hegningarlaga um blygðunarsemi.[126] Samkvæmt ákvæðinu er brot gegn friðhelgi einstaklings, sem framið er í kynferðislegum tilgangi, refsivert enda sé sá sem fyrir brotinu verður grunlaus um verknaðinn. Nýlega voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um sýniþörf til þess að tryggja að þau tækju til þess sem kallað hefur verið *upskirting,* eða myndataka undir fatnaði fólks til þess að mynda kynfæri án vitundar þess eða vilja. Þrátt fyrir að slíka háttsemi hafi í einhverjum tilvikum áður verið hægt að fella undir ákvæði laga taldi ríkisstjórnin mikilvægt að setja nýtt ákvæði sem kvæði skýrlega á um refsinæmi háttseminnar. Ákvæðinu var einkum ætlað að snúa að tilvikum þar sem mynd væri tekin af léttúð eða í einhvers konar stríðni því að stjórnvöld töldu mikilvægt að enginn vafi léki á um að það væri refsiverð háttsemi þó svo að hvati sakbornings væri ekki kynferðislegur.[127] Þá hafa gengið dómar um heimildarlausa birtingu kynferðislegra mynda á netinu fyrir enskum dómstólum á grundvelli einkaréttarlegra ákvæða, sem kveða á um skaðabótaskyldu þess sem dreifði myndinni með vísan til laga um trúnaðarbrot (e. breach of confidence) og ákvæða laga um meðferð persónuupplýsinga.[128]

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum verður brotamanni gert að sæta takmörkuðum aðgangi að internetinu, ákveðinni rafrænni þjónustu og/eða samfélagsmiðlum sem hluta af refsingu vegna brota sem framin eru með stafrænum hætti. Í þessu getur meðal annars falist að einstaklingi sé bannað að stofna eða hafa aðgangsreikning að tilteknum samfélagsmiðli og/eða sé gert að eyða samfélagsmiðlareikningi sem hann hefur notað til þess að fremja brot.[129]

Enska löggjöfin hefur sætt nokkurri gagnrýni, bæði hvað varðar löggjöfina sjálfa og efnisþætti hennar, en einnig varðandi framkvæmd á grundvelli hennar. Því hefur verið haldið fram að hin lagalega vernd sé brotakennd, óstöðug og þjóni ekki tilgangi sínum og því rétt að endurskoða regluverkið. McGlynn og Rackley telja meginástæður þessa vera:

---

[126] 67. gr. Sexual Offence Act 2003. <https://www.legislation.gov.uk/ukpga/2003/42/section/67> Síðast sótt 22. október 2019.

[127] 'Upskirting law comes into force.' *Gov.co.uk* (12. apríl 2019) <https://www.gov.uk/government/news/upskirting-law-comes-into-force> Síðast sótt 22. október 2019.

[128] 'YouTube singer Chrissy Chambers wins revenge porn case.' *Bbc.co.uk* (17. janúar 2018) <https://www.bbc.co.uk/news/technology-42720869> Síðast sótt 22. október 2019.

[129] Leiðbeiningar ákæruvaldsins (Crown Prosecution Service) um beitingu úrræða um takmörkun á aðgangi að stafrænum miðlum og/eða þjónustu er að finna á slóðinni: <https://www.cps.gov.uk/legal-guidance/criminal-behaviour-orders> Síðast sótt 22. október 2019.

- Brotakennda löggjöf og mismunandi skilyrði eftir því hvort mynd var tekin með samþykki eða dreift án samþykkis.
- Hinn mikla greinarmun sem gerður er á heimfærslu undir ákvæði eftir því hvaða hvatir búi að baki brotinu.
- Mismunandi þröskuld fyrir ákærendur - sum brot krefjast sönnunar á ásetningi til þess að valda tjóni (distress), stundum þarf tjón að koma fram.
- Mismunandi flokkun brotanna - sum eru flokkuð sem kynferðisbrot og önnur ekki.[130]

Þrátt fyrir að tilkynningum um brot hafi fjölgað á milli ára frá lagasetningunni árið 2015 hefur málum sem fengið hafa framgang í réttarkerfinu fækkað.[131] Þannig hætta þolendur við að kæra mál sem tilkynnt hafa verið til lögreglu í einu af hverjum þremur málum sem tilkynnt eru.[132] Þar sem málin eru ekki skilgreind sem kynferðisbrot leiðir tilkynning til lögreglu ekki til kæru nema brotaþoli sé því samþykkur. Þetta virðist hafa mikil áhrif á tölfræðina. Meginástæður þessa virðast vera tvær. Annars vegar njóta kærendur ekki nafnleyndar við meðferð málsins og í dómsniðurstöðum vegna þess að brotin eru ekki kynferðisbrot, sem veldur brotaþolum ótta um að efnið komist í frekari dreifingu eða athygli verði vakin á málinu.[133] Hins vegar hefur verið bent á skort á stuðningi og skilningi frá réttarvörslukerfinu og að þolendur upplifi þolendaskömm frá fulltrúum lögreglunnar.[134]

Í nýlegri skýrslu sinni um kynbundið áreiti í opinberum rýmum lagði kvenna- og jafnréttisnefnd breska þingsins fram tillögur til úrbóta á löggjöf og framkvæmd til þess að tryggja betur frelsi og friðhelgi kvenna í hinu opinbera rými. Ein þeirra laut að því að ráðist yrði í endurskoðun laga svo að tryggt væri að einstaklingar nytu heildstæðrar verndar gegn myndrænu kynferðisofbeldi. Lagt var til að kveðið yrði á um í lögum að refsivert væri

---

130 Erica Rackley og Clare McGlynn. ''Upskirting' and 'revenge porn': the need for a comprehensive law.' Inforrm.org (17. júní 2018) <https://inforrm.org/2018/06/17/upskirting-and-revenge-porn-the-need-for-a-comprehensive-law-erika-rackley-and-clare-mcglynn/> Síðast sótt 22. október 2019.

131 Ben Robinsson og Nicola Downing. 'Revenge porn law 'not working', says victims group' *bbc.co.uk* (19. maí 2019) <https://www.bbc.co.uk/news/uk-48309752> Síðast sótt 22. október 2019.

132 Frá gildistök laganna árið 2015 hefur tilkynningu ekki verið fylgt eftir með kæru í 2.813 málum af 7.806. 'Revenge porn. One in three aligations dropped.' *Bbc.co.uk* (14. júní 2018) <https://www.bbc.co.uk/news/uk-england-44411754> Síðast sótt 22. október 2019.

133 North Yorkshire Police, Fire & Crime Commissioner. 'Suffering in Silence: Why revenge porn victims are afraid and unwilling to come forward because of a fear they´ll be named and shamed - and why that needs to change.' Image-based sexual abuse report 2018.

134 'Revenge porn. One in three aligations dropped.' (n 132).

að búa til og dreifa kynferðislegum myndum án samþykkis þess sem á myndinni væri, hvort sem myndin væri raunveruleg eða fölsuð. Þá var lagt til að það sama ætti að gilda um hótanir um að búa til, birta eða dreifa slíkum myndum. Nefndin lagði til að brotið yrði skilgreint kynferðisbrot sem ætti rætur að rekja til skorts á samþykki brotaþola frekar en hvötum brotamanns. Með því að skilgreina brotið sem kynferðisbrot myndu brotaþolar öðlast rétt til nafnleysis, eins og þolendur kynferðisbrota almennt í enskum rétti. Í svörum ríkisstjórnarinnar við tillögum nefndarinnar kemur fram að endurskoðun á ákvæðum laga um myndrænt kynferðisofbeldi standi fyrir dyrum á vegum dómsmálaráðuneytisins. Meginmarkmið skoðunarinnar sé að tryggja að lagaleg vernd einstaklinga gegn slíkum brotum verði heildstæð.[135] Verkefninu hefur verið ýtt úr vör og felur í sér heildarendurskoðun en stefnt er að því að ljúka tillögum árið 2021.[136]

Lagasetningunni um hrelliklám árið 2015 var fylgt úr hlaði með fræðslu- og forvarnarherferð á vegum stjórnvalda. Stjórnvöld settu á laggirnar vefsvæði og gerðu þar aðgengilegt ýmiss konar forvarnar- og fræðsluefni sem ætlað var til stafrænnar dreifingar.[137] Þá var samhliða lagasetningunni sett á laggirnar sérstök hjálparlína fyrir þolendur slíkra brota, Revengeporn helpline. Hægt er að hafa samband við ráðgjafa með því að mæta á staðinn, gegnum tölvupóst, senda skilaboð í gegnum heimasíðuna, hringja í gjaldfrjálst símanúmer og senda SMS, en einnig er hægt að skilja eftir nafnlaus skilaboð í gegnum Whisper, öruggan samskiptamiðil þar sem hægt er að óska eftir að ráðgjafi hafi samband við tiltekinn aðila á tilteknum tíma.[138] Þrátt fyrir að samfélagsmiðlar og tæknifyrirtæki eigi ekki beina aðild að starfseminni eru fulltrúar þeirra í nánu samstarfs við hjálparlínuna. Samkvæmt upplýsingum frá línunni er mikill hluti starfseminnar fólginn í að aðstoða og leiðbeina fólki í samskiptum við samfélagsmiðla og tæknifyrirtæki til að fjarlægja efnið af viðkomandi miðli. Þá er þolendum veitt sérhæfð ráðgjöf til þess að vinna úr áföllum sem kunna að fylgja brotunum. Þar sem hjálparlínan veitir þolendur ekki lögfræðiráðgjöf hefur hún átt í nánu samstarfi við Spite-verkefnið sem veitir endurgjaldslausa lögfræðiráðgjöf á vegum Queen Mary-háskólans í London. Laganemar veita

---

[135] Women and Equalities Committee, Sexual harassment of women and girls in Public Places: Governments response to the Committee's Sixth Report of Session 2017-2019. Eight Special Report of Session. (HC 2018-2019, 2148).

[136] Heimasíða verkefnisins er aðgengileg á slóðinni: <https://www.lawcom.gov.uk/project/taking-making-and-sharing-intimate-images-without-consent/> Síðast sótt 22. október 2019.

[137] Herferðin kallaðist Be aware b4 you share. Efnið er aðgengilegt á slóðinni: <https://www.gov.uk/government/publications/revenge-porn-be-aware-b4-you-share> Síðast sótt 22. október 2019.

[138] Heimasíða hjálparlínunnar er: <https://revengepornhelpline.org.uk/> Síðast sótt 22. október 2019.

þeim sem leita til Spite endurgjaldslausa ráðgjöf um lagaleg úrræði undir handleiðslu lögmanna. Samhliða sinna laganemarnir forvarnarfræðslu um myndrænt kynferðisofbeldi í skólum borgarinnar, bæði á barna- og unglingastigi.[139] Samkvæmt upplýsingum frá háskólanum eru það fyrst og fremst konur sem leita sér aðstoðar og í þeirra hópi er meiri hlutinn kominn yfir miðjan aldur. Þá hafa samkynhneigðir karlar, sem eru enn þá í skápnum, fengið ráðgjöf um lagaleg úrræði vegna mynda sem þeir hafa sent í gegnum stefnumótaöpp fyrir samkynhneigða karla en þeim hefur síðan verið dreift víðar.

Þegar kemur að birtingu kynferðislegra mynda af börnum leikur samstarfsfélagið Internet Watch Foundation (IWF) lykilhlutverk. Félagið er aðildarfélag InHope í Englandi og sinnir fræðslu, forvörnum og ráðgjöf fyrir þolendur barnaníðs, aðstandendur þeirra og rekur stuðningsnet. Þá hefur stofnunin víðtæk úrræði til þess að bregðast við myndbirtingum á netinu og hefur náð miklum árangri í að fjarlægja barnaníðsmyndefni af netinu. Þetta á ekki síst rætur að rekja til uppbyggingar félagsins, en lögregla, frjáls félagasamtök og tæknifyrirtæki og samfélagsmiðlar eiga öll beina aðkomu að félaginu.[140]

Í júlí 2019 var birt skýrslan „Shattering Lives and Myths: A Report on Image-Based Sexual Abuse“ þar sem afleiðingar myndræns kynferðisofbeldis í Englandi voru kortlagðar og lagðar til tillögur til úrbóta. Niðurstöðurnar voru þær að mikilvægt væri að grípa til heildstæðrar lagasetningar sem skilgreindi háttsemina sem kynferðisbrot, tryggja aðgengi að stuðningsúrræðum fyrir brotaþola, koma á laggirnar virkum og langvarandi forvörnum og fræðslu, sem væri meðal annars samþætt við námsskrá í grunnskólum, og uppfæra verkferla lögreglunnar um hvernig taka ætti á myndrænu kynferðisofbeldi.[141]

## 2.6 Skotland

Með lagasetningu árið 2016 var dreifing nærgöngulla ljós- og/eða hreyfimynda gerð refsiverð í Skotlandi.[142] Skosku kvenréttindasamtökin Scottish Women´s Aid (SWA) höfðu gengist fyrir herferð til þess að krefjast úrbóta á lagaumgjörðinni til þess að verja kynferðislega friðhelgi kvenna á

[139] Nánari upplýsingar eru á heimasíðu verkefnisins: <http://www.lac.qmul.ac.uk/advice/revenge-porn-free-legal-advice/index.html> Síðast sótt 22. október 2019.

[140] Nánar er fjallað um uppbygginu samtakanna á vefsíðu þeirra: <https://www.iwf.org.uk/> Síðast sótt 22. október 2019.

[141] Clare McGlynn, Erika Rackley, Kelly Johnson. ‘Shattering Lives and Myths: A Report on Image-Based Sexual Abuse.’ Júlí 2019.

[142] Abusive Behaviour and Sexual Harm Act (Scotland) 2016.

netinu.[143] Með lögunum varð refsivert að dreifa eða hóta að dreifa myndefni sem sýnir eða virðist sýna annað fólk í nærgöngulum aðstæðum. Þetta á við þegar ekki liggur fyrir samþykki eða ætlað samþykki fyrir dreifingunni en ekki þegar dreifingin er ætluð í lögmætum tilgangi, svo sem þegar hún er hluti af lögreglurannsókn eða umfjöllun sem á erindi til almennings. Ekki er gerð einhlít krafa um ásetning til þess að valda tjóni með birtingunni heldur dugir til gáleysi um afleiðingar brotsins. Brotið varðar sekt eða allt að fimm ára fangelsisvist.

Lagasetningunni var fylgt úr hlaði með fræðslu- og forvarnarherferð á vegum stjórnvalda, auk þess sem komið var á laggirnar upplýsingaþjónustu fyrir fólk sem verður fyrir myndrænu kynferðisofbeldi eða annars konar árás á kynferðislega friðhelgi þess. Einfalt er að nálgast upplýsingar um réttindi brotaþola, hvert megi leita til þess að fá aðstoð við úrvinnslu og möguleika á að tilkynna brotið til lögreglu.[144] Samhliða var sérstöku forvarnar- og fræðsluátaki hleypt af stað. Átakið var til eins árs og beindist sér í lagi að ungu fólki til þess að gera því ljóst að heimildarlaus dreifing kynferðismynda væri refsiverð. Hluti af herferðinni var myndband á YouTube sem vakti mikla athygli á efni og inntaki lagasetningarinnar. Það var tekið úr umferð eftir gagnrýni skosku kvenréttindasamtakanna þar sem í því var leikið með staðalímyndir kynjanna á hátt sem samtökin töldu niðrandi fyrir konur og vinna gegn tilgangi og markmiði lagasetningarinnar.

Lögreglan hefur sætt nokkurri gagnrýni fyrir framkvæmd laganna og hlutfallslega fá mál hafa komist á ákærustig. Meðal þess sem kallað hefur verið eftir af þolendum og samtökum sem standa vörð um réttindi þeirra er að lögreglan og aðrir aðilar réttarvörslukerfisins fái þjálfun og fræðslu um brotin til þess að tryggja betur framkvæmd laganna.[145]

## 2.7 Ástralía

Ástralía er sambandsríki og innan þess eru sjálfstæð ríki sem fara, hvert fyrir sig, með löggjafarvald. Löggjöf um myndrænt kynferðisofbeldi er ekki samræmd á milli allra ríkjanna, en það hefur verið talið einn þeirra þátta sem hefur neikvæð áhrif á framgang og rannsókn mála af þessum toga.[146]

---

[143] Fræðileg umfjöllun hafði einnig átt sér stað, sbr. Rachel Hill. 'Cyber-Misogyny: Should Revenge Porn be regulated in Scotland, and if so, how?' Scripted. Volume 12. Issue 2. December 2015.

[144] Vefsíða stjórnvalda er á slóðinni: <https://www.mygov.scot/intimate-image-victim-support/> Síðast sótt 22. október 2019.

[145] Marc Ellison. 'Less that half revenge porn cases passed to prosecutors.' *Bbc.co.uk* (6. mars 2018) <https://www.bbc.co.uk/news/uk-scotland-42689607> Síðast sótt 22. október 2019.

[146] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23, bls. 577).

Í Viktoríuríki var sett sérstök löggjöf árið 2007 til höfuðs þeim sem taka myndir í heimildarleysi af öðrum nöktum eða af kynfærum þeirra og/eða dreifa slíku efni.[147] Á grundvelli ákvæða hegningarlaga um nærgöngular myndir frá árinu 2017 í bæði New South Wales og á ástralska höfuðborgarsvæðinu er dreifing nærgöngulla mynda refsiverð. Þá er dómstólum veitt heimild til að kveða á um skyldu þess sem sakfelldur er fyrir slík brot til að grípa til viðeigandi aðgerða til að fjarlæga, eyða og/eða koma í veg fyrir frekari dreifingu myndefnisins. Grípi viðkomandi ekki til slíkra aðgerða getur það varðað allt að tveggja ára fangelsisvist.[148]

Rannsókn Henrys, Flynns og Powells leiddi í ljós að fyrir marga brotaþola í Ástralíu skipti mestu máli að myndirnar væru fjarlægðar af netinu eða úr símtækjum eða gripið til annars konar aðgerða sem gætu takmarkað frekari dreifingu þeirra.[149] Við þessu var brugðist á vegum áströlsku netöryggisstofnunarinnar. Stofnunin, sem er sjálfstæð stofnun á vegum stjórnvalda, lét útbúa kvörtunargátt á vefsíðu sinni árið 2017 þar sem þolendur geta tilkynnt óheimila dreifingu nærgöngulla mynda og fengið aðstoð stofnunarinnar við að fjarlægja efnið af netinu og aðgang að stuðningsúrræðum fyrir brotaþola. Hægt er að leita aðstoðar stofnunarinnar við að fjarlægja efni af netinu, annaðhvort með kvörtun eða með því að mótmæla framsetningu efnisins. Stofnunin aðstoðar einstaklinga í samskiptum við viðkomandi miðil í því skyni að fá efnið fjarlægt af vefsíðunni. Til þess að stofnunin bregðist við þurfa að vera tengsl við Ástralíu í viðkomandi máli. Dæmi um slík tengsl eru að kvartandinn eða sá sem setti efnið á netið sé ástralskur ríkisborgari eða að hýsingaraðilinn sem kvörtunin beinst að sé staðsettur í Ástralíu. Fyrirkomulagið byggist á sambærilegri gátt sem sett var á laggirnar til þess að aðstoða þolendur neteineltis og börn sem urðu fyrir stafrænu kynferðisofbeldi.[150]

Í viðtalsrannsókn við fulltrúa réttarvörslukerfisins og annarra hagsmunaaðila í Ástralíu kom fram að þrátt fyrir lagasetningu um refsinæmi háttseminnar hafi það ekki haft sjálfkrafa þau áhrif að sakfellingum fjölgaði. Þau atriði sem voru talin stuðla að óvirkni laganna voru ósamræmi í löggjöf, takmörkuð aðföng til málaflokksins, erfið sönnunarstaða og vandi við öflun sönnunargagna, lögsöguvandi og skömm þolenda innan réttarvörslukerfisins. Til þess að bæta virkni laganna leggja Henry, Flynn

[147] Summary offences amendment (Upskirting) 2007. (Victoria, AUS).

[148] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23, bls. 577).

[149] Ibid.

[150] Ábendingahnappurinn er á vefsíðu stofnunarinnar: <https://esafety.gov.au/image-based-abuse/action/remove-images-video/report-to-us> Síðast sótt 22. október 2019.

og Powell til að refsilöggjöfin verði gerð skýrari, lögregla þjálfuð og úrræði til þess að fjarlægja efni af netinu styrkt.[151]

[151] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23, bls. 576).

# 3. Lagasetning um kynferðislega friðhelgi

## 3.1 Þörf á lagasetningu

„Það er mikilvæg regla, sem er ekki ætíð virt af löggjafa og stjórnvöldum, að beita beri úrræðum refsivörslukerfisins í hófi og því aðeins, að önnur vægari úrræði nægi ekki til að bera niður á óæskilegri háttsemi. Kanna þarf í hverju tilviki, hvaða úrræði eigi best við og hvort þörf sé á nýrri eða breyttri refsiheimild. Ef svo er talið ætti að gæta þess betur en nú er gert, að sníða refsiheimildir skýrt og hnitmiðað að því atferli, sem nauðsynlegt þykir að leggja refsingu við.“[152]

Þessi varnaðarorð Jónatans Þórmundssonar eru mikilvæg áminning um að refsikennd viðurlög eru ekki alltaf gagnleg viðbrögð löggjafans við samfélagslegum álitaefnum. Við setningu eða endurskoðun laga er mikilvægt að hafa í huga hvort reglurnar eru yfirleitt nauðsynlegar og hvort fella megi þær úr gildi. Þannig má huga að því hvort viðteknar reglur samfélagsins dugi til þess að taka á því álitaefni sem til skoðunar er eða hvort nauðsynlegt sé að hafa lagareglu og hvernig hún geti gagnast í því sambandi.[153] Viðmið Stjórnarráðsins gera ráð fyrir því að við endurskoðun laga sé lagt mat á þörf á endurskoðun löggjafar og hvaða valkostir séu fyrir hendi til þess að bregðast við slíkri þörf.[154] Í því mati á að huga að því hvort þörf sé á að setja reglur um málefnið og að markmið lagasetningarinnar stuðli að skilgreindum almannahagsmunum. Þá þarf að gæta að samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og mannréttindasamninga og huga að áhrifum lagasetningarinnar á ólíka hópa og hagsmunaaðila í samfélaginu.[155]

Eins og ráða má af umfjöllun í almenna hluta greinargerðarinnar verður fingur ekki festur á hvert raunverulegt umfang brota gegn kynferðislegri friðhelgi er á Íslandi, hvort heldur sem um er að ræða stafrænt eða myndrænt kynferðisofbeldi. Þetta er meðal annars vegna þess að ekki er tekið sérstaklega á háttseminni í löggjöf, þó svo að hún hafi verið heimfærð

---

[152] Jónatan Þórmundsson. 'Einkenni auðgunarbrota. Tengsl þeirra innbyrðis og við önnur brot.' Tímarit lögfræðinga. 2008. Bls. 458.

[153] Garðar Gíslason. *Eru lög nauðsynleg?* 1991. Bls. 43.

[154] Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. 2007. Bls. 9.

[155] Ibid, bls. 14.

undir nokkur ákvæði laga í réttarframkvæmd. Sigríður Á. Andersen, þingmaður og fyrrverandi dómsmálaráðherra, hefur sagt að í ljósi þess að hægt sé að heimfæra háttsemina undir ákvæði gildandi laga sé ekki þörf á að bregðast við með lagasetningu. Í því samhengi hefur hún sérstaklega vísað til 209. gr. hgl. sem fjallar um blygðunarsemi og um 233. gr. b hgl. sem fjallar um ærumeiðingu í nánu sambandi.[156] Um þetta sjónarmið er þó ekki einhugur. Að mati héraðssaksóknara yrði ákvæði sem kveður á um refsinæmi stafræns kynferðisofbeldis til bóta, sérstaklega ef það yrði sett í almenn hegningarlög.[157] Þá telja saksóknararnir Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir að frá sjónarhóli ákærandans myndi það „auðvelda rannsókn og saksókn þessara brota ef fyrir lægi skýrt lagaákvæði með skilgreiningu á brotinu og verndarhagsmunir tilgreindir. Setning sérstaks lagaákvæðis um þetta afbrot fæli jafnframt í sér skýr skilaboð löggjafans þess efnis að um raunveruleg og alvarleg brot sé að ræða sem nauðsynlegt er að taka á og berjast gegn.“[158] Skoðun á dómaframkvæmd og virkni laga í tengslum við vernd stafrænnar kynferðislegar friðhelgi, sem fjallað er um hér síðar, styður enn fremur þetta sjónarmið. Þá er ljóst af viðtölum við fulltrúa réttarvörslukerfisins í tengslum við vinnslu greinargerðarinnar að skýrari lagaumgjörð myndi hafa jákvæð áhrif á framgang mála innan kerfisins. Í máli nokkurra viðmælanda kom einnig fram að jákvæð áhrif lagasetningar myndi ekki síður felast í því að senda sterk réttarpólitísk skilaboð og hafa forvarnargildi gegn brotum af þessum toga.

Með hliðsjón af hlutverki ríkisvaldsins, sem felst meðal annars í því að tryggja virk réttarúrræði og mannréttindavernd borgaranna, er rík ástæða til þess að taka til skoðunar lagalega vernd kynferðislegrar friðhelgi í íslenskum rétti. Þær aðstæður sem helst kalla á þetta eru þríþættar. Í fyrsta lagi þær samfélagslegu breytingar sem hafa átt sér stað í tengslum við tæknivæðingu samskipta og viðhorfsbreytingar til kynferðismálefna. Í öðru lagi verður ekki litið fram hjá vitnisburði, rannsóknum og úttektum sem gefa til kynna að þolendur stafræns kynferðisofbeldis fái ekki fullnægjandi réttarvernd í gildandi réttarframkvæmd. Þá verður í þriðja lagi horft til þess að þverpólitísk samstaða virðist vera að myndast um að mikilvægt sé að grípa til lagalegra úrræða til þess að styrkja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi. Þörf á lagasetningu í því augnamiði að tryggja

---

[156] ‘Hefndarklám er refsivert’ (*Sigríður Á. Andersen*, 28. janúar 2016) <http://sigridur.is/hefndarklam-er-refsivert/> Sótt 22. nóvember 2018.

[157] Héraðssaksóknari. ‘Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (stafrænt kynferðisofbeldi), 37. mál’, dbnr. 415, þskj. 37, 148. löggjþ. (2017-2018).

[158] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 435).

fullnægjandi refsivernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga í íslenskum rétti verður því skoðuð hér í þessu samhengi.

### 3.1.1 Samfélagslegar breytingar

Áhrif samfélagsþróunar á lagasetningu eru margþætt. Í eðli sínu er samfélag og löggjöf samtvinnuð, enda eru lög félagsleg staðreynd sem hefur áhrif á háttsemi fólks.[159] Af þeim sökum getur sú afstaða sem liggur til grundvallar lagasetningu á hverjum tíma tekið breytingum eða þróast yfir tímabil vegna ýmissa þátta á borð við efnahagslega þróun og breytingar á ríkjandi samfélagslegum viðhorfum.[160] Þetta getur haft þau áhrif að rétt þyki að ráðast í endurskoðun eða úrbætur á löggjöf þannig að hún endurspegli betur samfélagsþróunina eða farið er að túlka eða beita lögum með annars konar hætti en áður. Yfirleitt fylgir löggjöf þróun þjóðfélagsins, en því getur einnig verið öfugt farið, ekki síst þegar löggjöf staðfestir og fylgir eftir nýjum viðhorfum og breytingum í samfélaginu.[161] Gildandi lögum á hverjum tíma er almennt ætlað að endurspegla ríkjandi samfélagsviðhorf til skipulags á samskiptum á milli einstaklinga og hópa og við ríkisvaldið. Þannig er réttarkerfið í sífelldri mótun og réttarreglur geta breyst í samræmi við samfélagsvitund á hverjum tíma séu þjóðfélagslegar aðstæður þannig.[162]

Í samhengi við vernd kynferðislegrar friðhelgi í íslenskum rétti eru það fyrst og fremst tvær samfélagslegar breytur sem kalla á skoðun lagarammans. Þar er annars vegar hinar miklu breytingar sem hafa átt sér stað á samskiptum fólks með tilkomu stafrænnar tækni á síðustu árum. Hins vegar hafa samfélagsleg viðhorf til kynferðismála tekið nokkrum stakkaskiptum, en það má að einhverju leyti tengja áhrifum af sífellt auknum stafrænum samskiptum. Þetta á til dæmis við um samfélagsmiðla og hvernig þeir hafa nýst í umræðunni um kynferðislega áreitni og háttsemi í garð kvenna undir myllumerkinu #metoo og áhrif stefnumótaforrita á stefnumóta- og kynlífsmenningu víðs vegar í heiminum.

Áhrif tækninýjunga á samskipti

Tækninýjungar og breytingar í samskiptamynstri eru dæmi um þjóðfélagslega þróun sem getur haft áhrif á mat löggjafans á refsiþörfum

---

[159] Sigurður Líndal. Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga - réttarheimildir. 2002. Bls. 27.

[160] Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon. *Kaflar í réttarheimspeki.* 2014. Bls. 15.

[161] Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsiábyrgð I.* 1999. Bls. 25.

[162] Róbert R. Spanó. 'Nokkur orð um lög og rétt í íslensku réttarkerfi.' *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði.* 2017. Bls. 21.

samfélagsins.[163] Löggjöf fylgir þó ekki alltaf tækniframförum í samfélögum. Þannig verður reglusetning um atriði sem þegar eru til staðar í krafti tækniframfara oft til eftir að tækni eða notkun hennar er komin af stað. Áhrifa tækni á íslenska löggjöf gætir víða, bæði að efni og formi. Áhrifaþættir þessa hafa fyrst og fremst verið alþjóðlegar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Annars vegar er um að ræða þjóðarréttarsamninga sem innleiddir hafa verið í íslensk lög á tilteknum réttarsviðum. Áhrifamestur þessara samningar er líklega tölvubrotasamningur Evrópuráðsins, sem er mikilvægur grundvöllur fyrir alþjóðlegt samstarf við rannsókn tölvubrota, en á grundvelli hans hafa réttarreglur á ýmsum sviðum tekið breytingum með hliðsjón af tækniþróun. Þar má helst nefna lög um rafræn viðskipti, fjarskiptalög, fjölmiðlalög og nýlegar breytingar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Hinn stafræni veruleiki ögrar ríkjandi viðhorfum um einkarými og almannarými, en ekki síður um hlutverk og samspil einkaaðila og ríkisvalds. Þannig hefur hin tæknilega framþróun internetsins haft þau áhrif að handhafar ríkisvalds þurfa að reiða sig á aðstoð og aðkomu einkaaðila til þess að upplýsa og rannsaka mál sem varða refsiverða háttsemi og eiga sér stað á netinu. Þetta hefur valdið umræðu um mörk handhafa framkvæmdarvalds og að hve miklu leyti sé ásættanlegt að framkvæmdarvaldið geti átt aðgang að stafrænum samskiptum einstaklinga. Hin tæknilega uppbygging netsins, rekjanleiki samskipta og varanleikinn sem er eðli stafrænna samskipta felur þannig í sér nýjar og umfangsmiklar áskoranir er lúta að vernd friðhelgi einkalífs. Vegna þessa hafa dönsk og sænsk stjórnvöld meðal annars gripið til kortlagningar, lagasetningar og stefnumótandi aðgerða til þess að bregðast við. Sambærileg skoðun hefur ekki átt sér stað á Íslandi, sem þó ber af öðrum ríkjum hvað viðkemur mikilli notkun upplýsingatækni, internets og samfélagsmiðla í alþjóðlegum samanburði. Íslendingar hafa verið í fararbroddi þeirra þjóða sem hafa tekið stafrænni tækni fagnandi. Rúmlega 98% þjóðarinnar nota netið reglulega, samanborið við tæp 80% íbúa í Evrópu og tæp 46% á heimsvísu.[164] Þetta er einn af þeim þáttum sem gerir það að verkum að Ísland telst nú fremst í heiminum í notkun upplýsingatækni.[165] Þá hefur tilkoma snjallsíma og samfélagsmiðla haft áhrif

[163] Jónatan Þórmundsson. 'Refsiþarfir samfélagsins og lagaleg jafnvægislist.' Tímarit lögfræðinga. 2017. 2. hefti, 67. árg. Bls. 200.

[164] 'Measuring the Information Society, 2017. Vol. 2, Country profiles' The International Telecommunications Union. 2017. Bls. 79.

[165] Ibid. Suður-Kórea er næst á eftir Íslandi.

á bæði form og efni samskipta, enda upplýsingar og miðlun upplýsinga nú margfalt auðveldari en áður.

Ýmis tjáskipti njóta í íslenskum rétti verndar friðhelgi einkalífs, svo sem „bréfaskipti og tjáskipti augliti til auglitis, eða í síma, svo og orðaskipti í símskeyti, skjölum sem fara í myndsendi og önnur slík fjarskipti“.[166] Tæknin sem býður upp á samskiptin er ekki það sem skilgreinir réttarvernd tjáningarinnar heldur tjáningin sem slík. Tækniframfarir munu fyrr en síðar fela í sér enn frekari áskoranir er snúa að lagalegri vernd í þessu samhengi, meðal annars hvort og að hve miklu leyti manneskja þarf að hafa tekið þátt í ákvörðun um efnisinntak eða framsetningu tjáningar. Þrátt fyrir að aukin sjálfvirkni og gervigreind hafi þegar leitt af sér ýmsar áleitnar lagalegar og siðferðilegar spurningar um ábyrgð á tjáningu verður ekki fjallað um þessar áskoranir sérstaklega í þessari greinargerð að öðru leyti en því hvað varðar falsað efni sem telst vera myndrænt kynferðisofbeldi.

Rof á kynferðislegri friðhelgi einstaklinga með notkun tækninnar felur ekki í sér nýjan veruleika. Tækniþróunin hefur hins vegar boðið upp á nýjar leiðir til þess að taka, dreifa og vista efni. Prentvélavæðing, ljósmynda- og síðar kvikmyndatæknin höfðu ekki síður mikil áhrif fyrir tilkomu internetsins. Það sem hefur breyst með stafrænni tækni er tíðni brotanna, umfang þeirra og afleiðingar fyrir þolendur. Á sama tíma hefur vægi efnis sem birtist á netinu sífellt aukist í mannlegum samskiptum og samfélagi; birtingarmynd fólks á netinu verður þannig illa slitin frá birtingarmynd þess í hefðbundnum samskiptum. Þetta hefur ekki einvörðungu áhrif á það hvernig fólk sér eða upplifir annað fólk heldur eru vísbendingar um að ungt fólk geri ekki greinarmun á sjálfsmynd sinni eins og hún birtist á netinu og utan þess. Ungt fólk deilir frekar upplýsingum um sjálft sig á netinu en þeir sem eldri eru. Þetta þýðir þó ekki að þeim sé sama um friðhelgi einkalífs síns heldur hefur það ólíka sýn á friðhelgi og inntak hennar. Ýmislegt bendir til þess að ungt fólk telji samskipti sín á netinu tæknilega öruggari en þau eru í raun og veru. Þetta má meðal annars rekja til breyta á félagslegum viðmiðum um mörk einkalífs og hins opinbera sviðs og þess að fólk gerir sífellt minni greinarmun á félagslegum samskiptum sem eiga sér stað á netinu og utan þess. Enn fremur eru í ýmsum stafrænum samskiptum innbyggðir hvatar fyrir fólk til þess að deila upplýsingum um sig og efni; meira efni skapar meiri virkni sem fólk hefur bæði hagnast á félagslega og fjárhagslega.[167] Dæmi um þetta eru möguleikar einstaklinga á að hafa

[166] Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur.* 1997. Bls. 539.

[167] John Palfrey og Urs Gasser. Born digital: How Children Grow up in a Digital Age. 2016. Bls. 44-54.

tekjur af því að deila lífi sínu og persónulegum málefnum á ýmsum netmiðlum. Margir af áhrifamestu einstaklingum vestrænnar dægurmenningar hafa öðlast heimsfrægð með því að veita almenningi aðgang að einkalífi sínu; hvort heldur sem er í gegnum hefðbunda fjölmiðla eða netstudda miðla á borð við YouTube og Instagram.

Umfjöllun þessi markast af verkbeiðni sem tekur aðeins til stafræns kynferðisofbeldis og er því ekki rétt að ráðast í víðtækari umfjöllun. Þetta er þó sérstakt umhugsunarefni í ljósi áhrifa tækniþróunar á friðhelgi einkalífs og víðtækrar útbreiðslu upplýsingatækninotkunar á Íslandi. Með hliðsjón af þeim miklu tækniframförum sem fyrirséð er að muni eiga sér stað á næstu árum verður að telja tímabært að hugað sé að refsivernd friðhelgi einkalífs með víðtækum og heildstæðum hætti. Í þessu samhengi mætti byggja á þeirri ígrunduðu vinnu sem sænsk stjórnvöld hafa ráðist í og þær lagabreytingatillögur sem hér eru settar fram byggjast meðal annars á.

### Þróun viðhorfa til kynferðisbrota

Á vegum íslenskra stjórnvalda hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að úrbótum á meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins. Með útgáfu tillagna um aðgerðir um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins fyrir árin 2018-2022 var byggt á akademískum rannsóknum og fyrri kortlagningu á vegum stjórnvalda til þess að leita leiða við að bæta meðferð kynferðisbrota á Íslandi. Í tillögunum var sérstaklega tekið fram að lagaumgjörð varðandi stafrænt kynferðisofbeldi hefði verið til mikillar umræðu, en að skoðun á fýsileika lagabreytinga til þess að bregðast við slíkum brotum gæti ekki rúmast innan tímamarka eða umboðs hópsins.[168] Við síðustu endurskoðun kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga árið 2007 voru ákvæði 209. gr. ekki tekin til skoðunar. Á síðustu árum hefur hins vegar átt sér stað mikil umræða um kynferðisbrot, til að mynda í tengslum við #metoo-byltinguna og aðrar bylgjur sem hafa sprottið upp á samfélagsmiðlum. Frá árinu 2007 hafa líka orðið byltingarkenndar breytingar á samskiptum fólks með tilkomu samfélagsmiðla, snjalltækja og annarrar tækni. Kynferðisbrotakaflinn hefur þó ekki verið tekinn til endurskoðunar í þessu ljósi.

Þegar kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaganna var endurskoðaður árið 2007 kom fram í greinargerð með frumvarpinu að það væri meðal annars fram komið vegna samfélagslegrar umræðu um kynferðisbrot og

[168] ‘Um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins - Tillögur til aðgerða 2018-2022.‘ *stjornarradid.is* <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4404464a-b4d4-11e7-941e-005056bc4d74> Síðast sótt 10. október 2019. Bls. 3.

þeirrar gagnrýni sem fram hefði komið um nokkur þágildandi ákvæði - kaflans. Meðal sjónarmiða sem þessi gagnrýni byggðist á var að ákvæðin þóttu ekki veita brotaþolum nægilega réttarvernd og að enn eimdi eftir af gömlum og úreltum viðhorfum í afstöðu til kvenna.[169] Mikill meiri hluti brotaþola rofs á kynferðislegri friðhelgi, hvort heldur sem er með stafrænum eða hliðrænum hætti, er kvenkyns. Af þeim málum sem hafa farið til íslenskra dómstóla vegna heimildarlausrar gerðar, birtingar eða dreifingar kynferðislegra mynda hafa flestir brotaþolar verið kvenkyns og brotamenn karlkyns. Þetta er óháð aldri málsaðila. McGlynn og fleiri telja raunar að myndrænt kynferðisofbeldi sé birtingarmynd kynbundins ofbeldis og að ein meginorsök brota af þessum toga séu kynjamismunun og viðvarandi kvenfjandsamleg viðhorf.[170] Hvort sem fallist er á þá nálgun eður ei er ljóst að brot gegn kynferðislegri friðhelgi beinast í miklum meiri hluta tilvika gegn konum. Tölfræðiupplýsingar, auk upplifunar bæði þolenda og fulltrúa réttarvörslukerfisins sem tóku þátt í viðtalsrannsókn, benda til þess að lagaumgjörðin veiti ekki fullnægjandi vernd gegn háttseminni.

Óhætt er að fullyrða að veruleg vakning hefur átt sér stað um kynferðislega áreitni af ýmsum toga í hinum vestræna heimi í kjölfar #metoo-byltingarinnar sem nýtti samfélagsmiðla til þess að ögra viðteknum viðhorfum til kynferðislegrar áreitni og annarrar óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar. Þetta kallaði á skoðun á þeim mörkum sem samfélag, löggjöf og einstaklingar setja kynferðislegri hegðun og með hvaða hætti skuli bregðast við djúpstæðum áhrifum feðraveldisins. Byltingin var hluti af stærri bylgju sem lýst hefur verið sem fjórðu bylgju femínisma og á ekki síst rætur að rekja til þeirra verkfæra sem tækniframþróun hefur fært samfélögum.[171] Forveri þeirrar bylgju er hin svokallaða brjóstabylting, eða #freethenipple, sem gekk út á að hafna viðteknum viðhorfum um kvenlíkamann á borð við að brjóst kvenna væru fyrst og fremst kynferðisleg. Þannig vaknaði öflug umræða um siðgæðismörk sýnileika kvenlíkama, þá sérstaklega brjósta, í hinni almennu umræðu og hinu opinbera rými.[172] Þessar bylgjur hafa einnig staðið í tengslum við aukna áherslu á sjálfsákvörðunarrétt kvenna í tengslum við kynferðisleg málefni og tjáningu. Valdefling kvenna hefur til að mynda verið drifkraftur margra popplistakvenna sem hafa lagt mikið upp

[169] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot). Þskj. 20, 133. löggjþ. (2006-2007).

[170] Clare McGlynn, Ericka Rackley, Kelly Johnson (n 141, bls. 4-5).

[171] Sigríður Dúna Kirstmundsdóttir. 'Gosvirkni í íslenskri kvennabaráttu.' Tímarit Máls og menningar. 77. árg., 4. tbl. Desember 2016. Bls. 4-23.

[172] Annadís G. Rúdólfsdóttir og Ásta Jóhannsdóttir. 'Fuck Patriarchy! An analysis of digital mainstream media discussion of the #frethenipple activities in Iceland in March 2015.' Feminism & Psychology. 28. árg. 1. tbl. Bls. 133-151.

úr því að klæðast ögrandi fatnaði á eigin forsendum en ekki annarra. Þetta sjónarmið hefur einnig birst í tengslum við druslugönguna sem gengin er til þess að minna á að konur megi klæða sig eins „druslulega“ og þeim sýnist en í því felist ekki samþykki fyrir kynferðislegri áreitni eða annars konar kynferðisbrotum. Í þessu samhengi hefur sending nektarmynda og kynferðislegra mynda í misnánum samskiptum einstaklinga ekki aðeins verið þróun í inntaki samskipta heldur í viðhorfi til kynferðislegar tjáningar kvenna.

Þá verður ekki horft fram hjá þeim tengslum sem eru á milli nektar og kláms þó svo að mikilvægt sé að að greina skýrlega þar á milli í löggjöf og umræðu. Hins vegar er ljóst að eftirspurn er eftir efni, sem í eiginlegum skilningi er stafrænt kynferðisofbeldi, á klámsíðum á netinu. Sérstakar klámsíður ganga út á að myndefnið sé án samþykkis þess sem myndaður er. Til að mynda er efni sem brýtur gegn kynferðislegri friðhelgi eða virðist brjóta gegn kynferðislegri friðhelgi aðgengilegt á forsíðum þriggja stærstu klámveitnanna. Það er minnsta framboð og því líklega einnig eftirspurn eftir slíku klámefni.[173] Sú síða sem nýtur mestra vinsælda á heimsvísu býður upp á að notendur hlaði efninu inn á síðuna sjálfir og geri það þar með aðgengilegt öllum notendur síðunnar. Þrátt fyrir að fyrirtækin tilgreini í skilmálum sínum að stafrænt kynferðisofbeldi megi ekki setja inn á vefinn hefur slíkt efni ítrekað verið gert aðgengilegt á síðunni og dæmi eru um að þau hafi notið mikilla vinsælda á meðal notenda, sem skapar fyrirtækinu umtalsverðar tekjur.[174] Þá hafa úttektir sýnt að á klámsíðum sem njóta vinsælda og gefa sig út fyrir að hafa skýra skilmála um bann við stafrænu kynferðisofbeldi er efnið jafnvel merkt þannig að auðveldara sé fyrir notendur að leita að starfænu kynferðisofbeldi. Dæmi um þetta eru leitarorð eins og „leaked sex tape“ og „revenge porn“.[175] Enn fremur þekkjast dæmi þess að stafrænt kynferðisofbeldi sé notað til að auglýsa klámsíðu.[176]

[173] Clare McGlynn og Fiona Vera-Gray. 'Porn Website T&C´s Are A Work Of Fiction. We Need Radical Measures to Take Them On.' *Huffingtonpost.co.uk* (28. júní 2019) <https://www.huffingtonpost.co.uk/entry/porn-website-tcs_uk_5d132febe4b09125ca466358> Síðast sótt 12. október 2019.

[174] James Melley. 'Pornhub owners 'profit from revenge porn'' *bbc.co.uk* (8. október 2019) <https://www.bbc.co.uk/news/technology-49583420> Síðast sótt 12. október 2019.

[175] Jasper Hamill. 'Porn sites accused of profiting from sex tapes uploaded without victims´ consent' *metro.co.uk* (1. ágúst 2019) <https://metro.co.uk/2019/08/01/porn-sites-accused-profiting-sex-tapes-uploaded-without-victims-consent-10499316/?ito=article.mweb.share.bottom.twitter> Síðast sótt 12. október 2019.

[176] 'Teens Facebook selfies stolen to advertise porn.' Torontosun.com. *torontosun.com* (14. október 2016) <https://torontosun.com/2016/10/14/teens-facebook-selfies-stolen-to-advertise-porn/wcm/17d7408c-21d8-415a-b77d-186457dcdb33> Síðast sótt 12. október 2019.

Hér þarf því að gæta sérstaklega vel að mörkunum á milli kynferðislegrar tjáningar annars vegar og brota gegn kynferðislegri friðhelgi með heimildarlausri dreifingu eða myndatöku. Í einhverjum tilvikum getur verið um áþekkt efni að ræða, en túlkun þess, inntak og afleiðingar eru háðar samhengi hlutanna og atvikum máls.

### 3.1.2 Takmarkanir í ríkjandi réttarframkvæmd

Í íslenskum rétti er ekki að finna sérstakt ákvæði um heimildarlausa dreifingu kynferðislegs efnis í gegnum netið eða með öðrum hætti. Ekki er heldur sérstaklega kveðið á um bann við því að taka kynferðislegt myndefni af öðrum án heimildar. Fjallað er um kynferðislegar myndir í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum frá árinu 1992 eins og komið verður inn á hér á eftir. Í dómaframkvæmd hefur þó reynt á nokkur ákvæði almennra hegningarlaga varðandi heimildarlausa töku og dreifingu kynferðislegra mynda. Þetta eru fyrst og fremst ákvæði í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, þ.e. 209. gr. um blygðunarsemi, 199. gr. um kynferðislega áreitni og 210. gr. um klám. Þegar börn eru brotaþolar hefur jafnframt reynt á ákvæði 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum, 99. gr. barnaverndarlaga um kynferðislega háttsemi gagnvart börnum og ákvæði um barnaníð í 210. gr. a hgl. Í þeim tilvikum þegar málsaðilar eru nákomnir í skilningi 233. gr. b hgl. um stórfelldar ærumeiðingar í nánum samböndum hefur þeirri grein einnig verið beitt eftir atvikum. Skoðun á lagaumgjörðinni leiðir í ljós að hún tekur ekki nægjanlegt mið af þeim áskorunum sem stafræn samskipti fela í sér fyrir vernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga. Þá er ekki sérstaklega skorið úr um hver mörk heimfærslu undir refsiákvæði eigi að vera ef verknaðarferð felur í sér fleiri brot gegn almennum hegningarlögum, til dæmis óheimilan aðgang að stafrænu svæði, svo sem skýi sem tengt er við símtæki brotaþola. Löggjöfin og framkvæmd hennar miða að meginstefnu til við hlutbundna staðsetningu efnis þegar raunin er sú að stafrænt efni hlutgerist ekki í hefðbundnum skilningi þess orðs nema með sérstakri aðgerð. Það gerir efnið þó engu minna raunverulegt og takmarkar síður en svo alvarlega röskun á réttindum einstaklinga. Þrátt fyrir að gildandi ákvæði laga dugi til í einhverjum tilvikum leiðir skoðun lagaákvæðanna og dómaframkvæmdar í ljós að nokkuð vantar upp á til að tryggja heildstæða og þar af leiðandi fullnægjandi réttarvernd fyrir kynferðislega friðhelgi. Þetta helgast annars vegar af því að ekki er gert ráð fyrir háttseminni sérstaklega í lagaumgjörðinni og hins vegar af því að dómaframkvæmd, sem er í þróun, er ekki nægilega stöðug.

Kynferðisbrot

### Takmarkanir í löggjöf

Kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga er sá kafli laganna sem hefur oftast og gagngerast verið endurskoðaður.[177] Í fyrstu heildstæðu refsilöggjöfinni sem sett var á Íslandi árið 1869 var að meginstefnu til byggt á dönsku hegningarlögunum frá 1866.[178] Löggjöfin var, eins og yfirleitt er, brennd marki samfélagslegra viðhorfa þess tíma. Þannig var með lögunum viðhaldið íhaldssömum viðhorfum sem birtust meðal annars í því að karlar nutu ekki verndar ákvæða laga um nauðgun heldur aðeins konur og stúlkur sem þó nutu misríkrar refsiverndar eftir því hvor þær höfðu á sér „óorð" eða ekki. Þá gætti áfram sterkra áhrifa kirkjunnar, til að mynda með ákvæðum sem sett voru til þess að vernda helgi hjónabandsins.[179] Við setningu gildandi hegningarlaga árið 1940 var aftur horft til danskra lagabreytinga, en ný hegningarlög töku gildi árið 1930 í Danmörku. Breytinga á viðhorfum til kynfrelsis kvenna og stöðu þeirra innan hjónabanda gætti að einhverju leyti í dönsku lögunum, sem rötuðu síðan í íslenskan rétt.[180] Með setningu laganna voru til dæmis gerðar ýmsar breytingar sem miðuðu að því að tryggja kynfrelsi einstaklinga betur, meðal annars með afnámi refsinga fyrir kynlíf samkynhneigðra. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að þeim lögum kemur fram að ákvæði kaflans séu „reist á ýmsum mismunandi sjónarmiðum, en hafa það þó sameiginlegt, að þau varða að einhverju leyti kynferðislíf manna. Mörg ákvæðanna beinast að því að vernda kynfrelsi kvenna, önnur að því að vernda kynferðislíf barna og unglinga, sumum ákvæðanna er ætlað að koma í veg fyrir það, að menn geri sér lauslæti annarra að tekjulind, og loks eru ákvæði, sem vernda blygðunartilfinningar og leggja refsingu við verknaði, er almennum hneykslum getur valdið."

Engar breytingar urðu á kynferðisbrotakaflanum frá setningu almennra hegningarlaga árið 1940 og fram til árið 1992 þrátt fyrir að samfélagið hefði gengið í gegnum miklar breytingar, ekki síst hvað varðar stöðu og réttindi kvenna. Eins og Ragnheiður Bragadóttir bendir á var það ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar sem var farið að líta á kynferðislega áreitni sem ámælisverða hegðun og það tók löggjafann í flestum ríkjum þó nokkurn

177 Ragnheiður Bragadóttir. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks. 2018. Bls. 18.

178 Almenn hegningarlög handa Íslandi frá 25. júní 1869.

179 Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 27-31).

180 Ibid, bls. 34.

tíma að bregðast við breyttum viðhorfum með lagasetningu.[181] Breytingarnar fólu í sér efnislegar breytingar, en heiti kaflans var einnig breytt úr skírlífisbrot í kynferðisbrot. Í skýringum með breytingunni kemur fram að orðalagsbreytingin sé vegna þess að eðlilegra sé að miða fremur við „einkenni háttseminnar en þau áhrif sem hún hefur á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola“.[182] Lagabreytingarnar tóku til endurskoðunar á nokkrum ákvæðum kynferðisbrotakaflans.[183] Með breytingum á ákvæðum 200.-202. gr. laganna var refsivernd barna gegn kynferðisbrotum styrkt, en með þeim voru sett sérstök ákvæði um „annars konar kynferðisbrot“ en sem nemi „hefðbundnu samræði“ eða sambærilegri háttsemi. Þá var í 198. gr. sett nýtt ákvæði um kynferðislega áreitni sem átti að ná yfir „ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga“ sem fram að því hafði verið heimfært undir 209. gr. laganna.[184] Markmiðið með ákvæðinu var að vernda persónulegt frelsi, mannhelgi og kynfrelsi einstaklingsins, en því var einnig ætlað að því að „beina athyglinni að þessum brotum í ríkari mæli en verið haf[ð]i og taka harðar á brotunum“.[185] Með lögunum var einnig sett nýtt ákvæði 209. gr., en í raun voru engar efnislegar breytingar gerðar á því. Í greinargerðinni kom eftirfarandi fram: „Formlega séð eru óverulegar breytingar gerðar á grein þessari. Refsimörkin eru þó hert nokkuð. [...] undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, klúrt orðbragð í síma.“[186] Með breytingunni var háttsemi á borð við þukl, káf og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hafði áður verið felld undir 209. gr. um blygðunarsemi færð undir ákvæði um kynferðislega áreitni. Það reyndi þó lítið á ákvæðið í dómaframkvæmd, enda var orðalag þess bundið þröngum takmörkunum og réttarverndin sem það veitti nokkuð óljós. Með breytingum á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga árið 2007 var brugðist við þessu og sett nýtt ákvæði í 199. gr. um kynferðislega áreitni sem var ætlað að skilgreina háttsemina betur og skera úr um að hún væri refsiverð hvar svo sem hún ætti sér stað. Ákvæði 200.-202. gr. hgl. fjölluðu þá

---

[181] Ibid, bls. 354.

[182] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisbrot) Þskj. 58, löggjþ. 115 (1991-1992).

[183] Ibid.

[184] Ibid.

[185] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 354 og 360).

[186] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot) (n 182, um 15. gr.).

þegar um kynferðislega áreitni gegn börnum, en réttarvernd nýrrar 199. gr. hgl. náði til fullorðinna. Með breytingunni var stefnt að því að tryggt væri í íslenskum rétti að allir nytu „refsiverndar gegn kynferðislegri áreitni, óháð því á hvaða aldri þolandi er eða við hvaða aðstæður brotið væri framið“.[187] Við undirbúning lagabreytinganna var áhersla lögð á að reyna að tryggja með löggjöf, eins og framast væri unnt, að virt væri „friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi einstaklinga“.[188] Ekki var fjallað sérstaklega um hvort breytingin fæli í sér breytingu á ætluðu gildissviði ákvæðisins varðandi kynferðislegar myndir. Hins vegar var tilgreint að breytingin fæli í sér útvíkkun á neðri mörkum ákvæðisins um kynferðislega áreitni þannig að þau næðu einnig til orðbragðs og hegðunar sem væri meiðandi, ítrekuð eða til þess fallin að valda ótta. Í því samhengi skal samkvæmt greinargerðinni miðað við stöðugt áreiti sem nálgast einelti. Neðri mörk ákvæðisins gagnvart blygðunarsemi voru meðal annars rýmkuð til þess að bregðast við niðurstöðum rannsókna á kynferðislegri áreitni „við ýmsar aðstæður og íþyngjandi áhrifum hennar á þolendur“.

| Mörk kynferðisbrota í almennum hegningarlögum samkvæmt greinargerð með frumvörpum 1992 og 2007 | | | |
|---|---|---|---|
| Nauðgun | Önnur kynferðismök | Kynferðisleg áreitni | Blygðunarsemi |

Mynd 5 Mörk kynferðisbrota í gildandi lögum

Eins og ráða má af umfjöllun um breytt gildissvið 199. gr. hgl. er gengið út frá því að kynferðisbrot sem fjallað er um í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga raðist á nokkurs konar skala. Hvað varðar heimildarlausa töku eða birtingu kynferðislegra mynda reynir fyrst og fremst á neðri hluta þess skala, á ákvæði um kynferðislega áreitni og blygðunarsemi.[189] Ef horft er til umfjöllunar í greinargerðum eru efri mörk kynferðislegrar áreitni gagnvart öðrum kynferðismökum snerting á líkama annarrar manneskju „sem er andstæð góðum siðum og samskiptaháttum“ og dæmi um slíkt talið þukl og káf.[190] Neðri mörk brotsins liggja gagnvart ákvæði 209. gr. um blygðunarsemi. Af umfjöllun í greinargerð má ráða að mörkin milli

[187] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 364).

[188] Ibid, bls. 43.

[189] Þegar um að er að ræða myndatöku af kynferðisbroti felur myndatakan í sér sjálfstætt brot, en refsinæmi háttseminnar sem mynduð er yrði skoðað sjálfstætt. Sjá dóm Hæstaréttar nr. 35/2016 frá 29. september 2016.

[190] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 145-146).

þessara ákvæða séu ekki eins skýr og þegar efri mörk ákvæðisins eru til umfjöllunar. Þannig er hægt að heimfæra háttsemi sem er snertingarlaus, sett fram með orðum, látbragði eða háttarlagi undir ákvæði 199. gr. hgl. og 209. gr. hgl. Þetta hefur reynst óskýrt í dómaframkvæmd eins og rakið verður síðar. Þó má ljóst vera að einhliða háttsemi, sem jafnvel fer fram án þess að þolandi viti af, ætti að fella undir 209. gr. hgl. Þetta er hvers kyns háttsemi sem er snertingarlaus, svo sem gægjur á glugga, berháttun eða klámfengið tal í gegnum síma, eins og nefnt er í dæmaskyni í greinargerðinni. Þegar horft er til orðalags í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu árið 1992 má ráða að fyrir breytingarnar 1992 hefðu kynferðislegar myndir verið taldar brot gegn blygðunarsemi 209. gr. hgl., en eftir þær brot gegn 198. gr. hgl. um kynferðislega áreitni. Af greinargerðinni er þó ekki ljóst hvort um væri að ræða töku eða dreifingu slíkra mynda eða hvort tveggja. Þetta verður heldur ekki ráðið af dómaframkvæmd. Ekki er fjallað um háttsemina í tengslum við breytingar sem urðu á ákvæði um kynferðislega áreitni með lögum árið 2007. Þó er ljóst að því var ætlað að taka til háttsemi sem átti sér stað ítrekað „svo að líkja mætti við einelti“ eða háttsemi sem væri til þess fallin að vekja ótta hjá brotaþola. Hér má þó velta fyrir sér hvort óheimil stafræn dreifing, sérstaklega á marga aðila, teljist ein athöfn eða margar. Þó má ljóst vera að hætta er á að háttsemi sem varðar heimildarlausa töku eða dreifingu nektarmynda falli á milli ákvæðanna og veiti þar af leiðandi ófullnægjandi réttarvernd fyrir þá sem verða fyrir slíku.

Með því að dreifa kynferðislegu myndefni án samþykkis þess sem í hlut á er brotið gegn kynferðislegum sjálfsákvörðunarrétti brotaþola, en einnig rétti hans til friðhelgi einkalífs.[191] Hér verður tekið undir afstöðu Kolbrúnar Benediktsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur um að aukin áhersla á kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt myndi auðvelda saksókn brota af þessum meiði.[192] Í ljósi þeirra samfélagslegu breytinga sem fjallað hefur verið um verður að teljast tímabært að skýra skilin á milli gildissviðs 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni og 209. gr. hgl. um blygðunarsemi í því skyni að styrkja réttarvernd þeirra sem verða fyrir heimildarlausri töku kynferðislegra mynda eða dreifingu þess konar efnis.

### Veikleikar sem birtast í dómaframkvæmd

Til þess að kanna virkni gildandi laga í samhengi við brot gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga var framkvæmd íslenskra dómstóla

[191] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 429).

[192] Ibid.

síðastliðin ár könnuð. Af þeim málum sem hafa farið í gegnum réttarvörslukerfið hafa flest þeirra sem reynt hafa á samskipti einstaklinga verið heimfærð undir ákvæði 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni. Í þeim tilvikum sem þolandi og gerandi eru nákomnir, til að mynda makar eða fyrrverandi makar, hefur háttsemin einnig verið heimfærð undir 233. gr. b hgl. um stórfelldar ærumeiðingar í garð nákominna.[193] Þetta hefur einnig að meginstefnu til átt við um afleidda birtingarmynd brotanna, mynd eða myndband eftir atvikum, en í einhverjum tilvikum einnig gagnvart ákvæði 210. gr. hgl. um klám og 210. gr. a hgl. um barnaníð.

Til þess að greina umfang málanna var farið yfir alla dóma sem varða þessar greinar og eru aðgengilegir í leitarvélum á heimasíðum dómstólanna. Þá var framkvæmd orðaleit í leitarvélunum þar sem leitað var eftir orðunum „stafræn“ og „nektarmynd“. Þess ber að geta að ekki eru allir dómar sem fallið hafa aðgengilegir á heimasíðu dómstólanna. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða viðkvæm mál á borð við heimilisofbeldi eða ofbeldi gegn börnum, en það eru aðstæður þar sem reynt getur á brot gegn kynferðislegri friðhelgi. Því verður því ekki haldið fram að hér sé um tæmandi yfirlit að ræða. Hins vegar hefur til viðbótar við leitarvélar dómstólanna verið leitað fanga í viðtölum höfundar við haghafa sem hafa vakið athygli á stökum dómsniðurstöðum, auk þess sem stuðst er við dóma sem fjallað er um í annarri fræðilegri umfjöllun. Rétt er að geta þess að málsatvik geta verið þannig að reyni á fleiri en einn þátt í hverju máli, til að mynda bæði notkun tölvu og samfélagsmiðils, og málsatvik í sama máli verði heimfærð undir fleiri en eitt þeirra ákvæða sem skoðunin tekur til, til að mynda í aðal- og varakröfu ákæruvaldsins.

Í leitarvél Hæstaréttar er að finna 63 mál sem varða 209. gr. hgl. frá 1. janúar 1999 til 15. ágúst 2019. Þar af eru 15 þar sem atvik máls varða stafræna háttsemi, til að mynda vegna þess að sími var notaður til að taka myndir eða dreifing átti sér stað í gegnum samfélagsmiðla. Ef horft er til þeirra breytinga sem urðu á kynferðisbrotakaflanum árið 2007 má ætla að um 45 þeirra 63 mála sem finna má í leitarvélinni hafi varðað gildandi ákvæði laga. Í leitarvél Landsréttar er að finna 10 mál sem varða 209. gr. hgl. á tímabilinu 1. janúar 2018 til 15. ágúst 2019. Þar af er í fjórum tilvikum um að ræða úrskurði sem fela ekki í sér efnislega niðurstöðu, en efnisatriði þeirra allra vörðuðu stafræn kynferðisbrot með einum eða öðrum

[193] Þar sem megináhersla umfjöllunarinnar er bundin við fullorðna þolendur var sjónum ekki sérstaklega beint að ákvæðum 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum og ekki heldur 210. gr. a hgl. um barnaníð. Hins vegar eru brotaþolar í málum sem varða 209. gr. hgl. í einhverjum tilvikum börn.

hætti. Málsatvik í tveimur af sex dómum varða stafræna háttsemi sem er meðal annars heimfærð undir 209. gr. hgl. Í einu máli var ákært fyrir 209. gr. hgl. til vara, en sakfellt fyrir brot gegn 199. gr. hgl., sem var aðalkrafa ákæruvaldsins í málinu. Í leitarvél héraðsdómstóla er að finna 26 mál sem varða 209. gr. hgl. frá 8. apríl 2014 til 15. ágúst 2019. Málavextir í 12 þeirra varða stafræna birtingarmynd með einum eða öðrum hætti. Í sjö tilvikum kemur farsími við sögu og í jafnmörgum samfélagsmiðlar. Í einu máli voru gögnin geymd á USB-kubbi.

Í leitarvél Hæstaréttar er að finna 41 dóm sem varðar 199. gr. hgl. Þar af eru fjögur mál sem hafa stafræna tengingu, í tveimur koma samfélagsmiðlar við sögu og í jafnmörgum tölvur og símar. Í leitarvél Landsréttar er að finna sex mál sem varða 199. gr. hgl., þar af eitt þar sem ákært var fyrir 209. gr. hgl. til vara og er því einnig að finna í þeirra tölfræði. Það er jafnframt eina efnislega niðurstaða Landsréttar sem varðar stafræn málsatvik, en einn úrskurður dómsins varðar rannsóknarheimildir lögreglunnar í tengslum við rannsókn á farsíma og ætlaða myndatöku af líkamsárás og kynferðislegri áreitni. Í leitarvél héraðsdómstólanna er að finna 21 dóm sem varðar 199. gr. hgl., þar af hafa þrjú mál stafræna tengingu. Í málsatvikum tveggja mála reynir á notkun samfélagsmiðla og á notkun síma í jafnmörgum málum.

Í eftirfarandi yfirlitum er leitast við að veita yfirsýn yfir heimfærslu brota undir ákvæði almennra hegningarlaga til þess að kortleggja hvaða þættir rofs á kynferðislegri friðhelgi séu heimfærðir undir gildandi lagaramma og með hvaða hætti það er gert. Dómaskoðunin styður við þá niðurstöðu að í þágu sterkari réttarverndar fyrir þolendur rofs á kynferðislegri friðhelgi væri gagnlegt að skýra lagaumgjörðina, ekki síst með tilliti til áhrifa stafrænnar tækni á samskipti. Mikilvægt er að heimfærsla brota undir refsiákvæði sé skýr og fyrirsjáanleg og að ákvæðin taki mið af alvarleika háttseminnar sem til umfjöllunar er. Þá verður að teljast mikilvægt að samhljómur sé í heimfærslu brota í dómaframkvæmd frá sjónarhóli réttaröryggis.

| **Í hverju er brotið falið? Fullorðnir þolendur.** | 209. gr. hgl. Blygðunarsemi | 209. gr. hgl., sbr. 20. gr. hgl. Tilraun til blygðunar-semisbrots | 233. gr. b hgl. Stórfelld ærumeiðing í garð nákominna | 199. gr. hgl. Kynferðisleg áreitni |
|---|---|---|---|---|
| Fá aðra til þess að bera sig fyrir framan vefmyndavél/taka af sér nektarmyndir/kynferðislegar myndir | | | | |
| Taka mynd af öðrum nöktum eða í kynferðislegum stellingum | X | | X | X |
| Sýna öðrum en þeim sem eru á myndinni myndina | X | | X | |
| Dreifa kynferðislegri mynd af öðrum til annarra en viðkomandi (senda, birta) | X | | X | |
| Reyna að taka mynd af öðrum nöktum | | X | | |
| Sýna sig nakinn eða kynferðislega (einhliða) | X | | | X |
| Viðhafa kynferðislegt/klámfengið tal (óháð samskiptaformi) | X | | | X |
| Taka mynd af sér nöktum eða í kynferðislegum stellingum og senda öðrum | X | | | X |

Mynd 6 Í hverju brotið er falið? Fullorðnir þolendur þegar brotið er gegn kynferðislegri friðhelgi með stafrænum hætti. Íslensk dómaframkvæmd 2008-2019

| **Í hverju er brotið falið? Þolendur börn (undir 18 ára).** | 209. gr. hgl. Blygðunarsemi | 210. gr. a hgl. Barnaníð (áður 4. mgr. 210 gr.) | 3. mgr. 99. gr. bvl. Ósiðlegt athæfi gegn barni | 2. mgr. 202. gr. hgl. Kynferðisleg áreitni gegn barni | 194. gr. hgl., sbr. 20. gr. hgl. Tilraun til nauðgunar | 199. gr. hgl. Kynferðisleg áreitni | 233. gr. b hgl. Stórfelld ærumeiðing í garð nákominna | 2. mgr. 201. gr. hgl. Önnur kynferðisleg áreitni gegn barni sem er nákomið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fá barn til þess að bera sig fyrir framan vefmyndavél/taka af sér nektarmyndir/kynferðislegar myndir | **X** | | **X** | **X** | | | | |
| Taka mynd af barni nöktu eða í kynferðislegum stellingum | **X** | **X** | **X** | **X** | | | | **X** |
| Taka mynd af kynferðisbroti gegn barni | | **X** | | **X** | | | | **X** |
| Sýna mynd öðrum en þeim sem er á henni | **X** | | **X** | | | | | |
| Dreifa mynd af barni til annarra en viðkomandi (senda, birta) | **X** | **X** | **X** | | | | | |
| Taka mynd af sér nöktum eða í kynferðislegum stellingum og senda barni | **X** | **(X)** Ekki í framkvæmd | | | | | | |
| Sýna sig nakinn eða kynferðislega (einhliða) | **X** | | **X** | | | | | |
| Viðhafa kynferðislegt/klámfengið/ósiðlegt tal | **X** | | **X** | **X** | | **X** | **X** | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sýna barni kynferðislegt myndefni. | X | | X | | | | | |
| Hótun um að dreifa mynd nema barn stundi kynmök með geranda | | | | | X | | | |

Mynd 7 Í hverju brotið er falið? Þolendur börn (undir 18 ára). Brotið gegn kynferðislegri friðhelgi með stafrænum hætti. Íslensk dómaframkvæmd 2008-2019.

### *Mörk kynferðislegrar áreitni og blygðunarsemi*

Í dómaframkvæmd eru dæmi um að sambærileg háttsemi sé heimfærð annars vegar undir ákvæði 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni og hins vegar 209. gr. hgl. um blygðunarsemi. Ýmsar ástæður geta búið að baki því að svipuð málsatvik séu heimfærð undir ólík ákvæði. Til að mynda getur verið blæbrigðamunur í heimfærslu brota á milli lögregluumdæma, sem getur valdið því að ákært er fyrir mismunandi brot fyrir sambærilega háttsemi. Aðstæður í hverju máli kalla á heildstæða skoðun atvika, sem getur leitt til þess að einstakur þáttur er heldur talinn þáttur í annarri háttsemi frekar en að skoða hann sem sérstakt brot. Þá geta samfélagsleg viðmið þróast og haft áhrif á skynjun brota innan réttarvörslukerfisins. Óumdeilanlega hefur þó lagasetning sem felur í sér efnislegar breytingar einna mest áhrif í þessu samhengi. Þannig geta þær breytingar sem urðu á ákvæði almennra hegningarlaganna um kynferðislega áreitni árið 2007 útskýrt þann greinarmun sem gerður er í heimfærslu svipaðra atvika undir annars vegar ákvæði 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni og hins vegar 209. gr. hgl. um blygðunarsemi. Það má til að mynda telja ástæðu mismunandi heimfærslu brota annars vegar í H 2005:4157 (nr. 152/2005) þar sem grunnskólakennari sem sendi nemendum sínum fjölmörg SMS með kynferðislegu og klámfengnu tali var sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr. hgl. og hins vegar dómi Hæstaréttar í máli nr. 18/2015 þar sem maður sem sendi stúlku kynferðisleg og klámfengin skilaboð í gegnum SMS og Facebook var sakfelldur fyrir brot gegn 199. gr. hgl. Í málunum eru málsatvik með svipuðu móti, en brotin heimfærð undir sitt hvort ákvæðið sem að líkindum á rætur að rekja til mismunandi gildissviðs 199. gr. hgl. og 209. gr. hgl. í kjölfar breytinga á kynferðisbrotakaflanum árið 2007.

Þó svo að fjallað hafi verið um að kynferðislegar myndir skyldu falla undir kynferðislega áreitni í 198. gr. hgl. með breytingalagafrumvarpi sem varð að lögum árið 1992 var ekki fjallað sérstaklega um það í tengslum við setningu gildandi ákvæðis um kynferðislega áreitni sem er að finna í 199. gr. hgl.[194] Í dómaframkvæmd hefur heimildarlaus taka og dreifing kynferðislegs myndefnis bæði verið heimfærð undir 209. gr. hgl. og 199. gr. hgl. þó svo að merkja megi þróun í þá átt að slík háttsemi sé að meginstefnu til heimfærð undir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi.[195]

[194] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisbrot) (n 182, um verknað og fullframningu).

[195] Sjá til að mynda úrskurð Landsréttar í máli nr. 509/2018 og dóm Landsréttar í máli nr. 79/2018 þar sem heimildarlaus upptaka kynlífsathafna er talin varða við 209. gr. hgl. og dóm Héraðsdóms

Í tengslum við heimfærslu atvika sem varða kynferðisbrot gegn börnum undir 209. gr. hgl. hefur að mati Svölu Ísfeld Ólafsdóttur helsta álitaefnið í dómaframkvæmd verið hvort skilgreina eigi brot sem blygðunarsemi eða kynferðislega áreitni.[196] Almennt sé miðað við að heimfæra brot undir blygðunarsemi snerting hafi ekki átt sér stað ef brot er heimfært undir blygðunarsemi.[197] Þar sem heimildarlaus taka og birting kynferðislegra mynda á sér oft stað án þess að snerting eigi sér stað á milli þolanda og geranda hefur nokkuð reynt á 209. gr. hgl. í málum sem varða brot gegn börnum. Til að mynda í dómi Hæstaréttar í máli nr. 335/2012 frá 24. janúar 2013 þar sem maður var sakfelldur fyrir að hafa tekið fjölmargar myndir af stúlkum á unglingsaldri þar sem þær voru naktar í ljósabekk. Ákæruvaldið krafðist þess að sakfellt yrði fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum, en til vara gegn 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir um heimfærslu háttseminnar undir ákvæði almennra hegningarlaga að hvorki verði ráðið af orðalagi ákvæða um kynferðislega áreitni né lögskýringargögnum um þau að „kynferðisleg áreitni gæti verið fólgin í háttsemi, sem sá, sem hún beindist að yrði ekki var við“. Vegna þess vafa sem þetta varpi á inntak 2. mgr. 202. gr. hgl. verði hann metinn ákærða í hag og brotin því talin réttilega heimfærð undir 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Þannig er það vitund brotaþola sem virðist hafa úrslitaáhrif á heimfærslu brotanna, en ekki háttsemin sjálf, aðstæður eða afstaða brotamannsins til þeirra. Á hinn bóginn hefur heimildarlaus myndataka af kynfærum fullorðinnar konu verið heimfærð undir 199. gr. hgl. í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-242/2016 frá 15. febrúar 2017. Í dóminum kom fram að með myndatökunni hefði ákærði brotið gegn kynfrelsi brotaþola, en í ljósi þess að myndatakan hefði átt sér stað í óþökk brotaþola þótti háttsemin rétt heimfærð undir 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni. Afstaða brotaþola virðist þannig skipta miklu máli þegar skorið er úr um hvort brot sé heimfært undir kynferðislega áreitni eða blygðunarsemi, eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 407/2013 frá 15. maí 2014. Með dóminum var sýknudómur héraðsdóms staðfestur, en í niðurstöðu sinni horfði Hæstiréttur meðal annars til þess að brotaþoli hefði ekki „kippt sér upp við smáskilaboðin“.

---

Reykjavíkur í máli S-242/2016 þar sem heimildarlaus myndataka af kynfærum var talin brjóta gegn 199. gr. hgl. Dómur héraðasdóms var síðar ógiltur vegna réttarfarslegra atriða.

[196] Svala Ísfeld Ólafsdóttir. 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum.' *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum*. 2011. Bls. 57-107.

[197] Jónatan Þórmundsson. 'Um kynferðisbrot.' *Skýrsla nauðgunarmálanefndar*. Dóms- og kirkjumála-ráðuneytið 1989. Bls. 114.

Að senda öðrum óumbeðið nektarmyndir eða kynferðisleg skilaboð þó að ekki eigi sér stað snerting á milli þolanda og geranda hefur bæði verið heimfært undir blygðunarsemi og kynferðislega áreitni í íslenskri dómaframkvæmd. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-123/2019 frá 19. febrúar 2019 játaði ákærði að hafa sent brotaþola kynferðisleg og klámfengin skilaboð, auk kynferðislegra mynda. Háttsemin var talin varða við 209. gr. hgl. um blygðunarsemi. Sendingar á kynferðislegum samskiptum og myndefni, auk þess að biðja brotaþola um að senda sér nektarmyndir, voru felldar undir 199. gr. hgl. í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-25/2017 frá 27. apríl 2017. Talið var að ákærði hefði gengið langt út fyrir eðlileg mörk í samskiptum sínum við brotaþola. Þegar litið var til eðlis, inntaks og ítrekunar skilaboðanna taldi dómurinn að ákærða hefði mátt vera ljóst að þau fælu í sér gróft áreiti gagnvart brotaþola. Landsréttur komst að sambærilegri niðurstöðu í dómi í máli nr. 670/2018 frá 10. maí 2019 þar sem kemur fram að „hugtakið kynferðisleg áreitni verði ekki einskorðað við líkamlega snertingu en þó falli klúrt orðbragð og einhliða athafnir án líkamlegrar snertingar „yfirleitt" undir 209. gr. laganna. Eigi það við þegar ekki sé um ítrekaða háttsemi að ræða gagnvart sama einstaklingi."

Heimfærsla háttsemi undir kynferðislega áreitni eða blygðunarsemi virðist því fyrst og fremst ráðast af vitund um og afstöðu brotaþola til háttseminnar, en að auki umfangi háttseminnar. Sú staðreynd að snerting á sér ekki endilega stað á milli brotaþola og geranda hefur einnig áhrif í þá átt að myndrænt kynferðisofbeldi verður heldur heimfært undir ákvæði um blygðunarsemi eða kynferðislega áreitni. Þetta er í sjálfu sér til marks um að hin stigskipta nálgun sem stefnt var að með breytingum á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga hafi náð fram að ganga, en vekur einnig athygli í því samhengi að refsiramminn fyrir brotin er ekki til marks um að kynferðisleg áreitni verði talin „alvarlegra" brot. Refsiramminn fyrir brot gegn 199. gr. hgl. er tveggja ára fangelsisvist, en fjögurra ára fangelsisvist fyrir brot gegn 209. gr. hgl. Þá bendir dómaframkvæmd til þess að óumbeðin sending kynferðislegra mynda og sambærilegs efnis sé brot gegn 209. gr. hgl., nema umfang þeirra og ítrekun sé þannig að háttsemin teljist brot gegn 199. gr. hgl. Þannig má segja að í framkvæmd sé ekki eðlismunur á brotunum heldur stigsmunur.

Þess sér einnig stað í ákærum fyrir refsiverða háttsemi sem raðast á neðri hluta kynferðisbrotaskalans að aðalkrafa ákæruvaldsins er oft sú að dæmt verði fyrir brot gegn ákvæðum um kynferðislega áreitni, en til vara að háttsemin sé talin brot gegn blygðunarsemi. Þetta á einnig við þegar brotaþolar eru börn, þ.e. aðalkrafan snýst um heimfærslu undir 2. mgr. 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum, en varakrafan um heimfærslu undir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 3. mgr. 99. gr. bvl.

um ósiðlegt athæfi gegn börnum. Þetta birtist til að mynda í dómi Hæstaréttar í máli nr. 407/2013 frá 15. maí 2014 sem staðfesti sýknudóm héraðsdóms í máli manns sem ákærður var fyrir kynferðisleg og ósiðleg SMS-skilaboð til drengs sem var 14-15 ára. Aðalkrafa ákæruvaldsins var sú að hann sætti refsingu fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn barni fyrir þau atvik sem áttu sér stað áður en drengurinn varð 15 ára og fyrir brot gegn 199. gr. hgl. fyrir atvik sem áttu sér stað eftir 15 ára afmæli drengsins. Í báðum tilvikum var ákært til vara fyrir 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. bvl. og hafði aldursmarkið ekki áhrif á þá heimfærslu hjá ákæruvaldinu. Sambærileg nálgun er í ákæru fyrir dómi Hæstaréttar í máli nr. 548/2013 frá 21. nóvember 2013. Aðalkrafa ákæruvaldsins í málinu var að maður sem ákærður var fyrir að fá 12 ára stúlkur til að bera sig fyrir framan vefmyndavél og taka af því skjáskot yrði sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl., en til vara að háttsemin yrði talin brot gegn 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Þannig má segja að háttsemin sé í aðalkröfu álitin kynferðisleg áreitni, óháð aldri þolandans þegar brotin áttu sér stað, en til vara brot gegn blygðunarsemi óháð aldri þolanda þegar brotin áttu sér stað. Hins vegar eru einnig dæmi úr dómaframkvæmd um að aldur brotaþola valdi því að sambærileg háttsemi sem á sér stað fyrir og eftir 15 ára afmæli brotaþola verði ekki heimfærð undir kynferðislega áreitni gegn barni og kynferðislega áreitni heldur kynferðislega áreitni gegn barni og blygðunarsemi. Hér má meðal annars benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 366/2009 frá 28. janúar 2010 þar sem maður var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn stúlku með því að hafa „káfað utan klæða á brjóstum, lærum og kynfærum hennar og látið hana snerta kynfæri [sín] utan klæða. Voru brot hans sem framin voru fram að því að stúlkan varð 14 ára[198] talin varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, [kynferðislega áreitni], en brot hans eftir að hún náði þeim aldri við 209. gr. sömu laga, [brot gegn blygðunarsemi].“

### *Takmarkanir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi*

Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga má halda því fram að brot gegn blygðunarsemi séu álitin vægustu kynferðisbrotin.[199] Hugtakið blygðunarsemi er þýðing á danska hugtakinu *blufærdighet* sem er heiti danska hegningarlagaákvæðisins sem er fyrirmynd þess íslenska. Blygðunarsemi hefur verið skilgreind sem kynferðisleg siðferðistilfinning einstaklinga og

---

[198] Brotið átti sér stað fyrir hækkun samræðisaldurs og því er miðað við 14 ára aldur í stað 15 ára eins og í gildandi rétti.

[199] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 260).

vísar þannig til siðferðis og tilfinningalífs frekar en réttinda sem brotið er gegn.[200] Ákvæðinu er einnig komið fyrir í þeim hluta kynferðisbrotakaflans þar sem kveðið er á um kynferðisbrot sem beinast ekki endilega að tilteknum einstaklingum heldur brotum á borð við klám og vændi sem hafa einnig skírskotun til almannahagsmuna eða almenns siðgæðis. Eðli ákvæðisins má þannig lýsa sem einhvers konar safnákvæði sem tekur til margvíslegra kynferðislegra brota, eins og danska refsiréttarnefndin telur eiga við um danska ákvæðið um blufærdighet.[201] Eins og kom fram í viðtölum vegna rannsóknarinnar hefur þessi eiginleiki ákvæðisins falið í sér ákveðna kosti í tengslum við heimfærslu háttsemi sem passar ekki nákvæmlega inn í mót þess hluta kynferðisbrotakaflans sem varðar hagsmuni einstaklinga, en er ljóst að feli í sér brot gegn kynfrelsi eða kynhelgi einstaklinga. Hins vegar er fólginn í hinu óljósa gildissviði galli sem birtist ekki síst í ófyrirsjáanlegri réttarframkvæmd sem er að nokkru leyti háð túlkun þeirra sem koma að meðferð máls innan réttarvörslukerfisins. Þetta, til viðbótar við hið úrelta hugtak blygðunarsemi sem á lítil tengsl við skynjun almennings á þeim ríku hagsmunum sem undir eru, getur stuðlað að óvissu um inntak ákvæðisins og réttarverndina sem ákvæðið veitir; ekki síst hjá almenningi og þeim sem starfa ekki innan refsivörslukerfisins. Þegar horft er til uppbyggingar kynferðisbrotakaflans í almennum hegningarlögum, greinargerða sem fylgt hafa breytingum sem orðið hafa á kaflanum og umfjöllun íslenskra fræðimanna er ljóst að verndarandlag ákvæðisins er ekki aðallega kynfrelsi einstaklinga heldur siðferðiskennd og tilfinningalíf þeirra sem verða vitni að kynferðislegu eða „lostugu“ háttarlagi annarra, án þess að hafa veitt samþykki sitt.[202] Ákvæðið hefur ekki tekið efnislegum breytingum frá setningu almennra hegningarlaga árið 1940 og í raun ekki frá setningu fyrstu hegningarlaganna fyrir Ísland árið 1869, en í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að „186. gr. hegnl. 1869 er tekin hér upp óbreytt að efni“. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/1992, sem fólu í sér breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, kom fram að ef kynferðis-athafnir gætu ekki talist vera samræði, önnur kynferðismök eða önnur kynferðisleg áreitni gæti 209. gr. almennra hegningarlaga átt við um þær. Þá sagði í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins að það leiddi af nýjum sérákvæðum um kynferðislega áreitni að undir 209. gr. félli „fyrst og fremst

200 Íslensk nútímamálsorðabók <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob#lleit> Síðast sótt 12. október 2019.

201 Justitisministeriet (n 104, bls. 98-99).

202 Sjá til að mynda bókina *Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks* eftir Ragnheiði Bragadóttur þar sem fjallað er um kynferðisbrot gegn einstaklingum í íslenskum rétti. Þar eru til umfjöllunar brot gegn 194.-199. gr. hgl. Ekki er fjallað um brot gegn 209. gr. hgl.

ýmiss konar háttsemi, önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma". Samhliða var í greinargerð fjallað um að „kynferðislegar myndir" ætti að fella undir ákvæði um kynferðislega áreitni. Þó að ákvæði 209. gr. hgl. sé gamalt af stofni til og beri að mörgu leyti merki eldri viðhorfa hefur það nýst í dómaframkvæmd og túlkun þess og inntak þróast og breyst að nokkru leyti í takt við samfélagsþróun. Engu að síður leiðir skoðun á dómaframkvæmd í ljós veikleika á ákvæðinu sem gera það að verkum að það nýtist ekki fyllilega til þess að veita kynferðislegri friðhelgi refsivernd á tímum stafrænna samskipta. Í þessu samhengi reynir fyrst og fremst á túlkun dómstóla á áhrifum samþykkis, hvað teljist lostug háttsemi og þeim misvísandi skilaboðum sem felast í heimfærslu ólíkrar háttsemi undir sama ákvæðið.

### Samþykki

Samþykki fyrir hvort heldur sem er töku mynda eða dreifingu þeirra felur í sér mikilvægan greinarmun á milli kynferðislegrar tjáningar einstaklinga og brota gegn kynferðislegri friðhelgi þeirra. Brot gegn blygðunarsemi skv. 209. gr. hgl. eru samhverf brot þannig að tjón þarf að ekki að koma fram heldur þarf háttsemin sem fjallað er um aðeins að vera til þess fallin að brjóta gegn réttindum brotaþola. Hvorki er sérstaklega fjallað um áhrif samþykkis í 209. gr. hgl. né heldur í lögskýringargögnum, enda stafræn samskipti ekki ríkjandi í samskiptum einstaklinga þegar það ákvæði laganna var sett, hvað þá þegar því var breytt. Þessi greinarmunur á því fyrst og fremst rætur að rekja til dómaframkvæmdar, en styður við það mikilvæga sjónarmið að nektarmynd sem slík verði ekki sjálfkrafa álitin refsiverð eða brot á kynfrelsi þess sem á myndinni er.

Dómar sem gengu í tíð eldri kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga benda til þess að samþykki hafi skipt máli við mat á því hvort háttsemi sé í andstöðu við ákvæðið. Í dómi Hæstaréttar H 2000:1117 var maður sóttur til saka fyrir brot gegn 209. gr. hgl. Hann viðurkenndi háttsemina, en fór fram á sýknu vegna þess að hann taldi stúlkuna hafi samþykkt háttsemina. Í dómi Hæstaréttar var ekki fallist á kröfuna þar sem ekki var ástæða til að ætla að stúlkan hefði veitt samþykki fyrir athöfnunum og að ákærði hefði borið sérstaka skyldu til þess að gæta að aðstöðumun þeirra á milli. Honum hefði átt að vera ljóst að hún hefði ekki veitt gilt samþykki fyrir háttseminni.[203]

[203] Jónatan Þórmundsson. *Afbrot Og Refsiábyrgð III.* 2004. Bls. 174.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 335/2012 frá 24. janúar 2013 var talið að heimildarlaus myndataka af unglingsstúlkum sem átti sér stað á meðan þær voru í ljósabekk fæli í sér brot gegn blygðunarsemi þeirra. Ekki var fallist á aðalkröfu ákæruvaldsins í málinu um að háttsemin yrði heimfærð undir 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni þar sem þær hefðu ekki vitað af því að myndatakan hefði átt sér stað fyrr en eftir á. Þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi verður ekki annað séð en að áreitni geti ekki átt sér stað nema þolandinn verði hennar var, en að hægt sé að brjóta gegn blygðunarsemi einstaklinga sem ekki eru meðvitaðir um brotið og fá ekki vitneskju um það fyrr en síðar.

Mikilvægi samþykkis við mat á refsinæmi þess að taka kynferðislega mynd af öðrum í heimildarleysi kom til umfjöllunar í úrskurði Landsréttar í máli nr. 509/2018 frá 29. ágúst 2018. Dómurinn taldi ekki nauðsynlegt að gefa út framhaldsákæru í málinu eins og ákæruvaldið vildi gera til þess að tilgreina sérstaklega að upptaka kynferðislegra athafna hefði átt sér stað án samþykkis brotaþola. Í málinu hafði ákærði játað að hafa tekið myndir og myndbönd sem deilt var um, en hélt því fram að brotaþoli hefði vitað af myndatökunni og verið henni samþykkur. Þetta féllst dómurinn ekki á og taldi sannað að myndirnar hefðu verið teknar án vitneskju brotaþola sem fæli í sér brot gegn 209. gr. hgl. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 242/2007 frá 18. október 2007 reyndi fyrst og fremst á inntak hugtaksins „lostugt“ í skilningi ákvæðisins. Hins vegar vekur athygli hversu mikil áhersla var lögð á hugsanlegt samþykki þess sem myndin var tekin af í því samhengi. Þetta má skilja sem merki um að myndataka verði síður talin „lostug“ í skilningi ákvæðisins ef samþykki er fyrir henni. Þetta sjónarmið styður við þá nálgun að fólki sé frjálst að taka og láta taka af sér nektarmyndir standi hugur til þess, en að skortur á samþykki breyti eðli samskiptanna. Af forsendum dómsins má ráða að skortur á samþykki leiði til þess að háttsemin geti talist „lostug“, en það er ekki í fullu samræmi við aðrar niðurstöður dómstóla um inntak hugtaksins „lostugt“ í skilningi ákvæðisins.

### Lostug háttsemi

Ákvæði af svipuðum toga og 209. gr. hgl., sem ætlað er að vernda einstaklinga fyrir óumbeðinni nekt eða kynferðislegri háttsemi og eiga sér fyrst og fremst stað í almannarými en einnig í einkarými, hafa verið í gildi í flestum öðrum vestrænum ríkjum um langt skeið. Danska ákvæðið um *blufærdiget* og enska ákvæðið um *voyerism* eru til að mynda af sama meiði.

Engin augljós viðmið eru um það hvað sé „lostugt“ í skilningi 209. gr. hgl. um blygðunarsemi. Með setningu almennra hegningarlaga árið 1940 var orðalaginu breytt í lostugt úr „sauruglegu“ eins og það hafði staðið í hegningarlögum frá setningu fyrstu almennu hegningarlaganna fyrir Íslandi

árið 1869. Engar skýringar er að finna á inntaki hugtaksins í greinargerðum með þeim breytingum sem hafa orðið á ákvæðinu, hvorki árið 1940 né síðar. Svala Ísfeld Ólafsdóttir telur það vera skilyrði að háttsemi sem felld sé undir 209. gr. hgl. sé af „kynferðislegum toga og til þess fallin að veita þeim sem hana hefur í frammi einhvers konar kynferðislega ánægju“.[204] Í dómaframkvæmd hafa íslenskir dómstólar einnig lagt þann skilning í hugtakið að með því væri átt við „athöfn af kynferðislegum toga sem gengi skemmra en samræði og önnur kynferðismök“.[205]

Ljóst má vera að telji dómstólar hina umdeildu háttsemi hverju sinni ekki lostuga í skilningi ákvæðisins, verður ekki fallist á refsinæmi hennar. Því hefur inntak hugtaksins mikið að segja um virkni ákvæðisins í framkvæmd. Af orðanotkun í niðurstöðum dómstóla um hugtakið má ráða að í dómaframkvæmd hefur verið leitast við að leggja til grundvallar einhvers konar hlutrænan mælikvarða á því hvað sé lostugt í skilningi ákvæðisins. Þó virðist svo vera að aðstæður hafi einnig mikið að segja um hið ætlaða hlutræna mat, sem hefur ekki verið til þess fallið að skýra inntak hugtaksins. Þá hefur ásetningur brotamanns einnig verið talinn skipta máli við matið og hvort sönnur séu færðar á hvort samþykki brotaþola hafa legið fyrir töku eða dreifingu efnisins eftir atvikum, í stað þess að áhersla sé lögð á afstöðu brotaþola eins og henni er lýst við meðferð málsins eða afleiðingar háttseminnar fyrir hann. Af niðurstöðum í einstökum málum sem fengið hafa meðferð dómstóla má ráða að mat á því hvort háttsemin sé til þess fallin að brjóta gegn blygðunarsemi brotaþola sé því ekki eins hlutrænt og ætla mætti.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 523/2005 frá 30. mars 2006 var manni gefið að sök að taka myndskeið af konu á kvennasalerni á veitingastað þar sem hún hafði þvaglát. Í niðurstöðu dómsins sagði: „Ljóst má vera að lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga er athöfn af kynferðislegum toga og sem stjórnast af kynhneigð manna, en gengur skemmra en samræði og önnur kynferðismök. Ákærði hefur borið því við að það athæfi hans sem hann telst hafa framið samkvæmt framansögðu hafi ekki verið af kynferðislegum rótum sprottið og að hann hafi eingöngu verið að „fíflast“. **Hlutrænt séð og svo sem aðstæðum var háttað í umrætt sinn verður ekki staðhæft að verknaður ákærða teljist lostugt athæfi** [leturbreyting höf.] í framangreindum skilningi.“ Þá var sérstaklega tilgreint að ákærði yrði að njóta vafans sem var í málinu um þá huglægu afstöðu sem bjó að baki verknaði hans. Þó kom fram í niðurstöðu dómsins að

---

[204] Svala Ísfeld Ólafsdóttir (n 196).

[205] Sjá til að mynda dóm Hæstaréttar í máli nr. 242/2007.

brotaþoli hefði upplifað atvikið sem grófa innrás í friðhelgi sína og að henni fyndist sem hún hefði verið svívirt. Þá hafði hún áhyggjur af því að myndunum yrði dreift á netinu.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 242/2007 frá 18. október 2007 fjallaði dómurinn meðal annars um inntak hugtaksins lostugt. Í málinu hafði maður tekið mynd af stúlku nakinni og sýnt öðrum myndina. Í dómi héraðsdóms hafði brotið ekki verið talið rétt heimfært undir 209. gr. hgl., þrátt fyrir að fallist væri á að háttsemin væri til þess fallin að brjóta gegn blygðunarsemi stúlkunnar, þar sem ekki væri um að ræða „lostugt" athæfi í skilningi ákvæðisins. Hæstiréttur taldi hins vegar ekki ljóst að stúlkan hefði veitt samþykki sitt fyrir myndatökunni. Hæstiréttur sneri því við sýknudómi í héraði og taldi bæði myndatökuna og sýningu myndarinnar lostugt athæfi sem braut gegn blygðunarsemi stúlkunnar. Í dómi Hæstaréttar segir: „**Hlutrænt séð og eins og aðstæðum var háttað í umrætt sinn** [leturbreyting höf.] verður að líta svo á að taka myndarinnar og eftirfarandi sýning hennar og annarar [svo] myndar úr sama síma, er ákærði sagði vera af kynfærum stúlkunnar, hafi verið lostugt athæfi í skilningi ákvæðisins."

Dómur héraðsdóms Austurlands frá 6. mars 2015, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 309/2015 frá 28. janúar 2015, fjallar ekki um stafræna háttsemi en í málinu er fjallað um heimfærslu undir 209. gr. hgl. Þar segir: „Sú háttsemi sem sannað er samkvæmt framanrituðu að ákærði viðhafði í garð brotaþola, þar sem hann lá í kjöltu hennar og gaf í skyn með orðum og látbragði að hún gæti sótt símann sinn inn undir fráhnepptar buxur hans á kynfærasvæði, **er hlutlægt séð af kynferðislegum toga og til þess fallin að brjóta gegn blygðunarsemi brotaþola,** [leturbreyting höf.] eins og framburður hennar er jafnframt til marks um. Er brot ákærða réttilega heimfært í ákæru til 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og jafnframt til 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, í ljósi ungs aldurs brotaþola."

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 213/2015 frá 10. desember 2015 var staðfest niðurstaða Héraðsdóms Austurlands um brot gegn 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. bvl. Í niðurstöðu héraðsdóms var vísað til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 242/2007 frá 18. október 2007 varðandi hið efnislega inntak hugtaksins „lostugt". Í málinu hafði ungur maður sett nektarmyndir af fyrrverandi kærustu á Facebook-síðu þannig að allir vinir hennar og hans á miðlinum gátu séð myndirnar. Hann hélt því fram að tilgangurinn með birtingunni hefði ekki verið kynferðislegur heldur hefði hann verið reiður og viljað hefna sín á stúlkunni. Hvað varðaði skilyrði 209. gr. hgl. taldi Hæstiréttur að birting nektarmynda sem sýndu kynfæri brotaþola í nærmynd á samskiptasíðu væri háttsemi sem væri **hlutrænt séð** til þess fallin að

brjóta gegn blygðunarsemi stúlkunnar. Dómurinn taldi óumdeilt að birting myndanna hefði verið í algjöru heimildarleysi brotaþola og að myndirnar hefðu verið sendar ákærða í krafti trúnaðar og trausts í kynferðislegu sambandi þeirra. Ákærði var því sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. bvl. þar sem brotaþoli var undir 18 ára aldri þegar brotið átti sér stað.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli S-158/2018 frá 3. janúar 2019 var maður meðal annars ákærður fyrir brot gegn blygðunarsemi fyrir að hafa tekið ljósmynd á síma sinn af brotaþola þar sem hún lá hálfnakin á rúmi með nöktum karlmanni, og senda hana í kjölfarið til þriggja vina sinna. Háttsemin var að mati dómsins til þess fallin að særa blygðunarsemi brotaþola, en fallist var á varnir ákærða um að háttsemin gæti í ljósi málsatvika ekki talist lostugt athæfi í skilningi 209. gr. hgl. Í dóminum kom fram að með lostugu athæfi væri „átt við háttsemi af kynferðislegum toga, er stjórnast af kynhneigð, sem einhver annar verður vitni að". Ákærði lýsti því að háttsemi hans hefði ekki verið sprottin af kynferðislegum rótum heldur hefði honum „verið verulega brugðið við að koma að brotaþola og manninum. Hann hefði vilja eiga myndina ef brotaþoli myndi síðar þræta fyrir að karlmaður hefði gist hjá henni þessa nótt, eitthvað sem hún hefði síðan gert síðar þennan sama dag." Niðurstaða dómsins var því eftirfarandi: „Samkvæmt framansögðu er lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga athöfn af kynferðislegum toga sem stjórnast af kynhneigð manna en gengur skemmra en samræði og önnur kynferðismök. **Að öllu því hlutrænt virtu** [leturbreyting höf.] sem að framan hefur verið rakið um aðstæður þykir því ekki verða slegið föstu að sá verknaður ákærða að taka myndina og senda hana til þriggja vina sinna teljist lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sýknaður af ákæru um brot gegn því ákvæði."

Skilyrðinu um að háttsemin sé ekki einvörðungu kynferðisleg heldur séu hvatir brotamannsins einnig kynferðislegar er því ekki beitt með einhlítum hætti í dómaframkvæmd. Þannig hafa dómstólar fallist á að háttsemi brjóti gegn blygðunarsemi án þess að fjalla sérstaklega um hvatir brotamanns, en einnig talið háttsemi sem er til þess fallin að brjóta gegn blygðunarsemi þolanda verði ekki talin refsibrot í skilningi ákvæðisins vegna þess að hvatir brotamannsins voru ekki kynferðislegar. Eins og þó má ráða af bæði dómaframkvæmd og fræðilegri umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi, eins og rakið er í fyrsta hluta umfjöllunarinnar, eru afleiðingar fyrir brotaþola alla jafna alls óháðar ásetningi brotamanns. Í þessu samhengi má sérstaklega vísa til gagnrýni sem sett hefur verið fram af McGlynn og fleirum um takmarkanir enskra laga um hrelliklám og gagnrýni Citrons og Franks á þá áherslu sem lögð er á hvatir brotamanns í nýlegri löggjöf gegn myndrænu kynferðisofbeldi í New York. Sömu sjónarmið gilda um þá áherslu sem

lögð er á að háttsemi teljist lostug í skilningi ákvæðisins svo að þolendur stafræns kynferðisofbeldis á Íslandi njóti verndar ákvæðis laganna um blygðunarsemi. Þegar horft er til þessa alls má ljóst vera að skilyrðið um að háttsemin sé lostug í skilningi ákvæðis almennra hegningarlaga um blygðunarsemi er til þess fallið að draga úr réttarvernd þeirra sem verða fyrir rofum á kynferðislegri friðhelgi; sérstaklega þegar um er að ræða stafræna dreifingu myndefnis.

**Heimfærsla ólíkrar háttsemi undir sama ákvæði**

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum 1992 fellur undir 209. gr. hgl. „fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi, önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma“. Eins og ljóst má vera er að meginstefnu til átt við einhliða háttsemi þar sem einstaklingur berar sig eða viðhefur kynferðislega háttsemi án samþykkis þess sem verður vitni að henni. Landsréttur víkur að þessum skilningi í dómi sínum í máli nr. 670/2018 frá 10. maí 2019. Með dóminum var maður sakfelldur fyrir kynferðislega áreitni samkvæmt 199. gr. hgl. en í 12. mgr. dómsins er að finna umfjöllun um skilin við blygðunarsemisbrot. Þar kemur fram að „[í] ljósi þess að háttsemi ákærða beindist að brotaþola persónulega verður ekki talið að um einhliða athöfn af þeim toga sem vísað er til í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 61/2007 hafi verið að ræða“.

Þrátt fyrir að tilkoma stafrænnar tækni hafi í einhverjum tilvikum fært þessa háttsemi yfir á stafrænt form verður varla deilt um að heimfærsla „flössunar“ verður rétt heimfærð undir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi, hvort sem hún á sér stað með stafrænum hætti í gegnum samfélagsmiðla eða á almannafæri undan ljósum frakka. Í þessu samhengi er ljóst að óumbeðnar myndsendingar af kynfærum í gegnum samfélagsmiðla eða aðra stafræna samskiptamiðla verða heimfærðar undir þetta ákvæði, enda aðeins um breytt form á sömu háttsemi að ræða og í engu verið að fremja nýja tegund af broti. Þetta sjónarmið kom sterkt fram í viðtalsrannsókn, en viðmælendur töldu flestir að ákvæðið gegndi mikilvægu hlutverki og verði fólk fyrir óumbeðinni kynferðislegri háttsemi. Sambærileg sjónarmið hafa verið sett fram af McGlynn og fleiri í tengslum við breytingar á breskri löggjöf. Hins vegar bendir nýleg dómaframkvæmd til þess að þegar um er að ræða ítrekaðar sendingar óumbeðinna kynferðislegra mynda verði háttsemin felld undir 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni. Hér má sérstaklega vísa til dóms Landsréttar í máli nr. 204/2018 frá 18. janúar 2019 þar sem sending þriggja óumbeðinna kynferðismynda og ítrekaðra skilaboða um að ákærði hefði áhuga á að kaupa af konu vændi voru talin kynferðisleg áreitni, en ekki brot gegn blygðunarsemi.

Þegar um er að ræða heimildarlausa töku eða birtingu kynferðislegra mynda reynir á tvíhliða samskipti sem fela í sér innrás í friðhelgi einkalífs þess sem fyrir brotinu verður. Þannig er um að ræða hagsmuni sem lúta ekki einvörðungu að tilfinningum eða kynferðislegri siðferðistilfinningu einstaklinga heldur brot gegn kynferðislegri friðhelgi þeirra. Þrátt fyrir að í báðum tilvikum sé um að ræða háttsemi sem yfirleitt á sér stað án snertingar er ekki um eðlislíka háttsemi að ræða að öllu leyti. Að þessu leyti er óheppilegt að heimfæra bæði einhliða og tvíhliða háttsemi undir sama ákvæðið. Heimfærsla ólíkrar háttsemi undir sama ákvæðið er ekki til þess fallin að styrkja skilning almennings á inntaki brotanna sem til umfjöllunar eru. Þegar ráðist er inn í einkalíf brotaþola með stafrænu kynferðisofbeldi er það flóknara en svo að þolendur verði vitni að háttsemi sem þeir vilja ekki. Þó verður ekki gert lítið úr hugsanlegum afleiðingum óumbeðinna kynferðismynda fyrir viðtakendur slíkra mynda, sérstaklega þegar þeir eiga ekki von á slíkum sendingum eins og var til umfjöllunar í dómi Landsréttar í máli nr. 204/2018 frá 18. janúar 2019. Afleiðingar fyrir þolendur stafræns kynferðisofbeldis geta verið margþættar og alvarlegar eins og rakið er í fyrsta hluta þessarar greinargerðar. Gagnlegt væri að greina betur á milli þeirrar háttsemi að senda einhliða óumbeðnar kynfæramyndir og ráðast gegn kynferðislegri friðhelgi annarra eins og oft reynir á í málum er varða stafrænt kynferðisofbeldi.

**Kynlíf er ekki klám**

Þegar nekt eða kynferðislegt efni er til umfjöllunar virðist oft stutt í umræðu um klám. Í mörgum vestrænum ríkjum er klám, framleiðsla þess, varsla og dreifing refsiverð. Ríki hafa þó farið mismunandi leiðir að því að taka á háttseminni og því hvernig eigi að skilgreina hvað sé klám og hvað sé kynþokkalist sem ekki er refsiverð. Í þessu samhengi þarf að koma til einhvers konar mat, hvort sem miðað er við skilgreiningar alþjóðlegra stofnana eða annars konar viðmið. Til að mynda hafa bresk stjórnvöld, í tengslum við herta lagasetningu um klám, farið þá leið að flokka klám. Á þeim grundvelli hefur ákæruvaldið í Englandi og Wales gefið út viðmið þar sem mismunandi kynlífsathafnir hafa verið flokkaðar í klám og gróft klám.[206] Ekki er að finna sambærilega flokkun í íslenskum rétti og enga skilgreiningu á klámi í ákvæði 210. gr. hgl. sem kveður á um að framleiðsla, varsla og dreifing kláms sé refsiverð. Þá hefur reynst erfitt að skilgreina nákvæmlega hugtakið í dómaframkvæmd. Þó hefur verið vísað til skilgreiningar sérfræðinganefndar menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna á orðinu sem

[206] 'Extreme pornograpy.' *cps.gov.uk* (10. september 2019) <https://www.cps.gov.uk/legal-guidance/extreme-pornography> Síðast sótt 12. október 2019.

segir að klám sé „ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar. Kynþokkalist er hins vegar bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar“.

Mikilvægt er að skýrt sé greint á mill kynferðislegrar tjáningar einstaklinga og kláms. Í greinargerð með frumvarpi Helga Hrafns Gunnarssonar og meðflutningsmanna um stafrænt kynferðisofbeldi er meðal annars fjallað um að ekki sé rétt að skilgreina alla nekt sem klám með lögum og að gæta þurfi að gildissviði ákvæðis um stafrænt kynferðisofbeldi í því skyni. Hér verður tekið undir þetta sjónarmið, enda getur kynferðisleg tjáning leikið mikilvægt hlutverk í mótun sjálfsmyndar einstaklinga sem enn fremur nýtur verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar. Áhyggjuefni er þó að ýmislegt bendir til þess að efni sem greinilega fellur í flokk myndræns kynferðisofbeldis sé aðgengilegt á algengum klámsíðum á netinu. Mörk á milli efnis sem er gert aðgengilegt í óþökk einstaklinga og þess sem er klám í þröngum skilningi, þ.e. framleitt kynferðislegt efni sem er búið til og gert aðgengilegt á markaðsforsendum, geta þannig orðið óskýr. Þetta á sérstaklega við þau tilvik þar sem efni sem er stafrænt kynferðisofbeldi kemst í víðtæka dreifingu á klámsíðum. Staðan verður enn flóknari á klámsíðum sem fyrst og fremst gera heimatilbúið klámefni aðgengilegt, en ekki síður þegar stærri klámsíður má út mörkin á milli kláms og stafræns kynferðisofbeldis með því að gera efni aðgengilegt með leitarorðum á borð við *stolen, hacked, secret* og jafnvel *revenge porn*.[207] Þannig getur stafrænt kynferðisofbeldi reynst klámsíðum tekjulind þrátt fyrir að þær haldi því fram að slíkt efni gangi í berhögg við skilmála þeirra á síðunum eins og fjallað var um fyrr í greinargerðinni.

Í þessu samhengi ber að líta til niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 79/2018 frá 22. júní 2018. Í málinu var fjallað um myndefni af kynferðismökum sem tekið var upp án samþykkis brotaþola. Gerandinn sætti margþættri ákæru fyrir háttsemi sína gagnvart brotaþola, en þar á meðal sætti hann ákæru fyrir brot gegn 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 2. mgr. 210. gr. hgl. um dreifingu á klámi fyrir að senda syrpu kynferðislegra mynda af brotaþola til eins manns og kynferðislegt myndband af brotaþola til annars manns í gegnum samfélagsmiðil. Upptaka efnisins, sending þess til brotaþola og annarra nákominna var hins vegar talin brjóta gegn blygðunarsemi brotaþola. Í málinu er því lýst hversu alvarlegar persónulegar og félagslegar afleiðingar brotin höfðu fyrir brotaþola. Þrátt fyrir að heimfærsla undir klámákvæðið hafi hugsanlega haft refsiþyngingaráhrif hefur það sætt

[207] James Melley (n 174).

gagnrýni að flokka kynferðislegt efni af þessum toga sem klám í skilningi almennra hegningarlaga en efni sem fólk í nánum samböndum tekur upp til einkanota gæti flokkast þar undir.[208]

**Sérstök sjónarmið varðandi barnaníð**

Barnaníðsákvæði 2.-4. mgr. 210. gr. hgl. felur í sér refsingu fyrir að sýna börn á „kynferðislegan eða klámfenginn hátt". Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með hugtökunum sé átt við „kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar eða kvala[r]losta".[209] Lagaumgjörðin á ekki síst rætur í alþjóðlegum skuldbindingum og samstarfi sem Ísland tekur þátt í. Alþjóðlegar stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Norðurlandaráð hafa hvatt aðildarríki til þess að tryggja með lögum refsinæmi þess að hafa barnaníðsefni í vörslum sínum. Tilgangurinn er að stemma stigu við barnaníðsefni í klámiðnaðinum á heimsvísu og „styrkja þau viðhorf að börn og kynlíf fari ekki saman".[210]

Í dómaframkvæmd hérlendis hefur reynt á ákvæði laganna um barnaníð þegar um er að ræða myndrænt kynferðisofbeldi þar sem brotaþoli er barn að aldri. Eins og kemur fram í umsögn ríkissaksóknara við frumvarp Helga Hrafns Gunnarssonar og fleiri um stafrænt kynferðisofbeldi getur reynt á ákvæðið samhliða öðrum refsiákvæðum í málum sem varða kynferðislegt myndefni af börnum og því er mikilvægt að löggjafinn skýri hvernig þessum málum verði best fyrirkomið við alla lagasetningu um háttsemina.[211] Hér verður tekið undir þetta sjónarmið.

Af dómaframkvæmd má ráða að þegar um er að ræða myndefni sem brotaþoli á barnsaldri hefur tekið af sjálfum sér og deilt með öðrum án þess að heimila frekari dreifingu efnisins hafa dómstólar talið frekari dreifingu efnisins brot gegn ákvæðum laga um barnaníð. Hins vegar hefur ekki reynt á hvort myndataka brotaþola af sjálfum sér feli þá jafnframt í sér framleiðslu þess sama barnakláms og brotamaður sætir refsidómi fyrir að dreifa. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-122/2019 frá 5. apríl 2019 er til að mynda vistun kynferðislegra mynda af brotaþola á barnsaldri talin varða við 1. mgr. 210. gr. a hgl. um bann við barnaklámi og leiðir til upptöku á farsíma, tölvu og USB-kubbi sem notuð voru við að fremja

[208] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 428).

[209] Svala Ísfeld Ólafsdóttir (n 196).

[210] Ibid.

[211] Ríkissaksóknari dbnr. 663, þskj. 15, 149. löggjþ. (2018-2019).

brotið. Myndin sem brotaþolinn tók af sjálfum sér og var í vörslu brotamannsins gæti því samkvæmt ströngustu túlkun talist framleiðsla barnaníðsefnis, en á þetta reyndi ekki í málinu.

Mikilvægt verður að teljast að gætt sé að því að vernda börn og ungmenni í hvívetna í málum af þessum toga. Dæmi eru um það erlendis að börn sem taka kynferðislegar sjálfsmyndir og senda á aðra hafi verið sakfelld fyrir framleiðslu og dreifingu barnaníðsefnis og sætt refsingum sem fela jafnvel í sér að að vera á sakaskrá sem kynferðisbrotamenn um ókomna tíð.[212] Því þyrfti að koma til skoðunar hvort rétt væri að tryggja að börn sem taka kynferðislegar myndir af sjálfum sér verði ekki saksótt fyrir þá háttsemi.

Friðhelgisbrot

### Takmarkanir í lagaumgjörð

#### *Friðhelgi einkalífs*

„Það er mikilvægt að horfa á verndarhagsmunina, hvernig brot eru þetta? Alveg skýrt í mínum huga að þetta eru friðhelgisbrot, en líka kynferðisbrot. Það sem vantar í löggjöfina er að það þarf að vera ákvæði um þetta á báðum stöðum.“ Þessi ummæli viðmælanda í viðtalsrannsókn vísa annars vegar til kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot og hins vegar til þess kafla laganna sem varðar friðhelgisbrot. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 508/2015 frá 15. september 2016 skoðaði rétturinn mörk ákvæða laganna um blygðunarsemi skv. 209. gr. hgl. og stórfelldar ærumeiðingar í nánu sambandi skv. 223. gr. b hgl. Ákærði í málinu taldi 209. gr. tæma sök gagnvart 223. gr. b, sem dómurinn féllst ekki á. Hann taldi sendingu kynlífsmyndbands af þolanda til tveggja óviðkomandi aðila væri háttsemi sem félli undir 209. gr. hgl. Með því að hafa sent myndskeiðið til óviðkomandi hefði ákærði jafnframt brotið gegn 223. gr. b hgl. samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar. Þannig verður háttsemin bæði talin kynferðisbrot og friðhelgisbrot, en eins og hér verður rakið tekur sú réttarvernd ekki með sama hætti til allra brotaþola, sem kallar á lagabreytingar um friðhelgi einkalífs.

---

[212] Mark Joseph Stern. ‘Maryland´s Unjust Court Decision on Sexting’ *slate.com* (29. ágúst 2019) <https://slate.com/technology/2019/08/maryland-sk-court-case-teen-sexting-child-pornography.html> Síðast sótt 15. nóvember 2019. Amy Roe. ‘Teens Who Engage in ‘Sexting’ Should Not Be Prosecuted as Sex Offenders’ *aclu.org* (19. apríl 2017) <https://www.aclu.org/blog/privacy-technology/teens-who-engage-sexting-should-not-be-prosecuted-sex-offenders> Síðast sótt 15. nóvember 2019.

Friðhelgi einkalífs nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrár sem kveður á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verndin felur meðal annars í sér að óheimilt sé að „gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns“. Í 3. mgr. ákvæðisins er þó fjallað um að með lögum megi setja friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu frekari takmarkanir ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 kemur fram að í friðhelgi einkalífs felist fyrst og fremst réttur manna til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi.[40] Ákvæðið hefur beina skírskotun í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem tryggir friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, enda einn megintilgangur stjórnskipunarlaga árið 1995 að tryggja að stjórnarskrárvernd mannréttinda á Íslandi tæki fyllilega mið af þeim alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem stjórnvöld höfðu undirgengist á þeim tíma.[41]

Friðhelgi einstaklinga, æra þeirra og mannhelgi hefur þó notið réttarverndar í íslenskum rétti lengur en stjórnvöld hafa tekið þátt í samstarfi alþjóðlegra stofnana á borð við Evrópuráðið. Í Jónsbók sem lögtekin var á Alþingi 1281 heitir einn bálkur bókarinnar mannhelgi og varðar meðal annars persónuleg réttindi manna. Páll Sigurðsson lýsir því þannig að bálkurinn fjalli um „refsingar og skaðabætur fyrir ólögmæt brot gegn mannhelginni og skerðingu á henni, nánar til tekið um afleiðingar árása á þær eigindir mannsins og tilfinningar, sem standa næst persónu hans, þ.m.t. á *líf hans og limi, sæmd eða mannorð* og jafnvel *einkalíf* hans að vissu marki“.[42] Síðan hefur með einum eða öðrum hætti verið fjallað um lagalega vernd þátta í friðhelgi einkalífs einstaklinga og úrræði til þess að bregðast við brotum gegn friðhelgi í íslenskum rétti. Hér hefur ekki einvörðungu verið til að dreifa reglum skaðabótaréttarins um bætur fyrir miska og annað tjón, heldur einnig refsivernd sem fjallað er um í XXV. kafla gildandi hegningarlaga. Kaflinn kveður meðal annars á um refsivernd gegn hótunum, ærumeiðingum og brotum gegn nálgunarbanni. Þá er að finna ákvæði um heimildarlausa inngöngu í hús, skip og aðra hlutræna staði, auk ákvæða sem er ætlað að tryggja friðhelgi einkamálefna fólks, bæði hvað varðar aðgang að þeim og dreifingu. Hér er um að ræða ákvæði 228. gr. og 229. gr. hgl. sem bæði eru dæmi um einkarefsiákvæði sem samkvæmt 242. gr. hgl. sæta ekki opinberri málshöfðan, heldur eru háð því að brotaþoli höfði sjálfur mál. Ákvæðin hafa ekki tekið umfangsmiklum breytingum frá gildistöku almennra hegningarlaga árið 1940. Í tengslum við fullgildingu Íslands á tölvubrotasamningi Evrópuráðsins árið 1998 var ákvæði 228. gr.

hgl. breytt þannig að það tæki einnig til efnis sem vistað væri á tölvutæku formi. Meðal markmiða samningsins er að veita borgurum refsivernd gegn ólögmætri háttsemi sem drýgð er með notkun upplýsingatækni, eða alnetinu, eins og til þess er vísað í greinargerð, með því að setja viðeigandi löggjöf. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum kom fram að að breyttu ákvæði 228. gr. tryggði ákvæðið refsinæmi háttsemi sem fæli í sér ólöglegan aðgang að upplýsingum og í 229. gr. hgl. fælist fullnægjandi refsiviðmið vegna ólöglegrar hlerunar eins og kveðið er á um í samningnum.[213]

Þróun inntaks friðhelgi einstaklinga í innlendum og alþjóðlegum rétti er samofin framförum í upplýsingatækni og var lengi framan af tengd inngripi ríkisvaldsins í einkalíf einstaklinga í tengslum við rannsókn sakamála.[214] Í auknum mæli, ekki síst vegna þeirra tækniframfara sem hafa áhrif á öll svið nútímasamfélagsins, reynir á mörk friðhelgi einkalífsins í samskiptum einstaklinga. Í þessu samhengi koma til dæmis til skoðunar nærgöngul samskipti sem eiga sér stað með stafrænum hætti. Í dómaframkvæmd hefur reynt á mörk almannarýmis og einkarýmis í þessum skilningi; en í samhengi við kynferðislega friðhelgi á stafrænum tímum kristallast þau mörk í því hvort stafrænar sendingar á milli einstaklinga feli í sér sjálfkrafa að sendandi efnisins hafi afsalað sér friðhelgi sinni, til að mynda með því að senda af sér nektarmynd í gegnum samfélagsmiðil. Í reynd virðist skipta nokkru hvernig sendingin á sér stað, þ.e. hvaða stafrænu samskiptaleiðir eru nýttar hverju sinni. Með þessu verður ekki dregin skýr lína um hvaða samfélagsmiðlar feli í sér einkasamskipti og hverjir ekki, en eins og má greina af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 279/2015 frá 14. janúar 2016 verður ekki talið að þó svo að samskipti eigi sér stað í gegnum samfélagsmiðil missi þau öll einkenni einkasamtals eða trúnaðar í samskiptum. Í málinu reyndi á hvort lögreglumaður hefði brotið gegn lögbundinni þagnarskyldu þegar hann greindi vini frá persónulegum upplýsingum um barn sem hann hafði haft afskipti af í starfi. Í málinu átti sakborningur og vinur hans samskipti í gegnum Facebook-messenger, sem dómstóllinn taldi ljóst af samhenginu að hann hefði ekki ætlað til frekari dreifingar. Þetta speglast í niðurstöðu Hæstaréttar sem gerði manninum ekki refsingu fyrir brotið, meðal annars með vísan til þess „að hann greindi aðeins einum manni frá þeim upplýsingum er urðu tilefni ákæru“.

---

[213] Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (tölvubrot). Þskj. 444, 122. löggjþ. (1997-1998).

[214] Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*. 2019. Bls. 290.

Í málum sem varða kynferðislega friðhelgi hafa ákvæði 228. gr. hgl. ekki komið til skoðunar dómstóla. Líklegast verður að telja að ástæður þessa séu einkum þær takmarkanir sem felast í einkarefsimálum. Hugsanlegur kostnaður við málarekstur og erfiðleikar við öflun sönnunargagna gætu talist þar á meðal. Þá má með vísan til úrskurðar Hæstaréttar í máli nr. 62/2015 frá 22. janúar 2015 velta upp hvaða úrræði séu tæk til þess að tryggja kynferðislega friðhelgi einstaklinga til skemmri tíma. Í málinu var ekki fallist á að heimildarlaus dreifing nektarmynda gæti verið grundvöllur nálgunarbanns. Í dómi Hæstaréttar segir að „[j]afnvel þótt varnaraðili hafi með háttsemi sinni í hinu síðarnefnda tilviki gróflega rofið friðhelgi einkalífs A verður ekki talið að nálgunarbann á grundvelli laga nr. 85/2011 veiti henni vernd gagnvart slíkri háttsemi“.

Eins og fjallað er um hér að framan hafa stjórnvöld víðs vegar um heim gripið til lagasetningar í ljósi þeirra áskorana sem hinn stafræni veruleiki felur í sér fyrir vernd friðhelgi einkalífs. Í þessu samhengi verður ekki litið fram hjá þeirri umfangsmiklu reglusetningu sem hefur átt sér stað á vegum Evrópusambandsins, einkum með heildarendurskoðun reglna um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga og birtast til að mynda í nýlegum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi.[215] Þá hafa nokkur nágrannaríki skoðað sérstaklega hvaða áhrif hinn stafræna þróun hefur á refsivernd friðhelgi og gripið til lagasetningar til þess að bregðast við því misræmi sem talið var komið upp að því leyti. Hér verður sérstaklega vísað til þeirra aðgerða sem sænsk og dönsk stjórnvöld hafa gripið til og fjallað er um hér að framan. Í greiningu dönsku refsiréttanefndarinnar um þörf á refsiréttarlegum viðbrögðum við áhrifum stafrænnar tækni á samfélagið var meðal annars vísað til þess að í málum varðandi stafrænt kynferðisofbeldi gætu einstaklingar reitt sig á réttarúrræði persónuverndarlaganna til þess að leita réttar síns vegna slíkra brota. Þegar horft er til ákvæða íslenskra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem byggjast á sömu evrópureglum og þau dönsku, verður ekki fallist á að þar sé að finna fullnægjandi réttarvernd fyrir þá hagsmuni sem brotið er gegn með rofi á kynferðislegri friðhelgi. Eins og kemur fram í 4. gr. laganna markast gildissvið þeirra hvað varðar meðal annars samskipti einstaklinga af því hvort þær persónuupplýsingar sem til skoðunar eru séu fyrst og fremst til einkanota. Ljóst er að í flestum tilvikum sem varða brot gegn kynferðislegri friðhelgi er um að ræða persónuupplýsingar í skilningi laganna, og jafnvel viðkvæmar persónuupplýsingar. Í þeim tilvikum sem stafræn tækni er nýtt verður ekki

[215] Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þskj. 1029, 148. löggjþ. (2017-2018).

annað talið en að meðferð gagnanna teljist vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna. Hins vegar eru úrræði Persónuverndar, stofnunarinnar sem fer með eftirlit á grundvelli laganna, bundin við stjórnsýsluúrræði sem er ekki augljóst að nýtist við úrlausn mála sem varða einstaklinga. Þá er ljóst að efnisinntak og skýringar í greinargerð með ákvæði 48. gr. laganna um refsiheimildir eiga aðeins við þegar um er að ræða mjög víðfeðma dreifingu sem á sér stað í hagnaðarskyni.[216] Þannig er sú vernd sem einstaklingar sem verða fyrir rofi á kynferðislegri friðhelgi á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga atviksbundin og ófullnægjandi. Heildstæð skoðun á stöðu réttarverndar friðhelgi í ljósi áhrifa upplýsingatækni hefur þó ekki átt sér stað hér á landi eins og í Svíþjóð og Danmörku. Þetta skýtur nokkur skökku við í ljósi þess að Ísland er meðal þeirra ríkja sem nýta upplýsingatækni einna mest á heimsvísu. Með hliðsjón af áhrifum tækni á samskipti einstaklinga verður að teljast tímabært að huga að uppfærslu refsiverndar friðhelgi einkalífs í íslenskum rétti.

### *Greinarmunur á réttarvernd háður mati á sambandi geranda og þolanda*

Dómaframkvæmd varðandi 233. gr. b hgl. um stórfelldar ærumeiðingar í nánu sambandi ber með sér að ákvæðið tekur til margvíslegra brota í samskiptum einstaklinga sem eru nákomnir hver öðrum. Í þeirri dómaskoðun sem ráðist var í og lýst er að framan var gerð leit í leitarvélum dómstóla á öllum dómstigum á Íslandi. Átta dómar og tveir úrskurðir Hæstaréttar varða ákvæðið, en þar af varða fjórir dómar og tveir úrskurðir málsatvik þar sem reyndi á stafræna þætti. Í málsatvikum reyndi á notkun tölvupósts, samfélagsmiðla, síma og USB-kubbs. Enginn þeirra sjö dóma sem gengið hefur í Landsrétti um ákvæðið varðar stafræn málsatvik. Af þeim 11 dómum sem varða ákvæðið og aðgengilegir eru í leitarvél héraðsdómstólanna eru sex mál sem hafa stafræna tengingu, þar af fimm sem varða kynferðislega friðhelgi. Í fimm málum voru samfélagsmiðlar notaðir, í einu vefsíða, í einu USB-kubbur og í tveimur var sérstaklega fjallað um myndatöku á farsíma.

233. gr. b laga nr. 19/1940 var lögfest með 3. gr. laga nr. 27/2006. Markmið með setningu ákvæðisins var, samkvæmt greinargerð með frumvarpinu, að gera þá refsivernd sem þágildandi ákvæði laganna átti að

[216] Ibid, bls. 142. Eins og lesa má úr athugasemdum við 48. gr. laganna í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er refsiábyrð einstaklinga fyrst og fremst til umfjöllunar í tengslum við starfsemi fyrirtækja eða umfangsmikil brot gegn hagsmunum margra einstaklinga. Þannig er ljóst að ákvæðinu var ekki ætlað að ná til aðstæðna þar sem reynir á ábyrgð einstaklinga vegna brota gegn kynferðislegri friðhelgi annarra einstaklinga.

veita gegn stórfelldum ærumeiðingum „virka þannig að raunhæfara sé að ná þeim refsiréttarlegu og réttarpólitísku markmiðum sem eðlilegt er að leggja til grundvallar í þessu sambandi“. Þá var fjallað um að almennt markmið opinberra aðgerða til að sporna við heimilisofbeldi væri „fyrst og fremst að veita þeim einstaklingum réttarvernd sem hafa þolað langvarandi eða endurtekið ofbeldi af hálfu þeirra sem teljast nákomnir“. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um verknaðaraðferðir samkvæmt ákvæðinu; að móðga eða smána einstakling sem er manni nákominn. Við skýringu hugtaksins móðgun sé rétt að miða við réttarframkvæmd og skrif fræðimanna um inntak 234. gr. hgl. Hvað varði smánun skal horfa til inntaks hugtaksins eins og það kemur fram í 233. gr. hgl. Þá er skýrt tekið fram að refsinæmi verknaðar á grundvelli ákvæðisins feli í sér grófari verknað en annars yrði heimfærður undir 234. gr. hgl. Í þeim tilvikum sem háttsemi nái aðeins því grófleikastigi sem 234. gr. hgl. miðar við geti einstaklingur höfðað einkarefsimál. Þannig sé miðað við að háttsemin sé endurtekin eða ítrekuð og verði talin alvarleg skerðing á friðhelgi brotaþola. Það þurfi því almennt séð mikið að koma til svo að einstaka athafnir á milli nákominna uppfylli skilyrði ákvæðisins. Dómaframkvæmd bendir þó til þess að ekki þurfi að koma til endurtekinna eða ítrekaðra brota gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga svo að ákvæðið verði talið eiga við. Við mat á heimfærslu háttsemi undir ákvæðið er einnig litið til tengsla geranda og þolanda og áhrifa þeirra tengsla á sjálfsvirðingu brotaþola eða hvort háttsemin hafi „í för með sér niðurlægingu eða skert sjálfsmat hans“. Dómaframkvæmd á grundvelli ákvæðisins í samhengi við stafræna kynferðislega friðhelgi er í fullu samræmi við þann skýra greinarmun sem gerður er á réttarvernd þeirra sem teljast nánir í skilningi ákvæðisins eða ekki. Það er þó tilefni til að setja spurningarmerki við þetta í þeim tilvikum þegar dómstólar telja það samband sem til umfjöllunar er ekki nægilega náið til þess að ákvæðið verði talið eiga við og þegar samband er ekki fyrir hendi í skilningi ákvæðisins á milli þolanda og geranda. Þrátt fyrir að ekki séu til staðar aðstæður sem kalla á heimfærslu brota undir 223. gr. b hgl. verður ekki fram hjá því litið að um getur verið að ræða gróf brot gegn friðhelgi einstaklinga í ljósi þess að mögulega hafði trúnaður myndast milli þolanda og geranda.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins um kemur fram að ekki sé ástæða til þess að skilgreina með tæmandi hætti hvað felist í því að aðilar séu nánir í skilningi ákvæðisins, einungis að til staðar séu „náin félagsleg tengsl á milli aðila“. Þetta sé ekki síður til þess að tryggja að ákvæðið taki einnig til háttsemi sem á sér til að mynda stað í samskiptum fyrrverandi maka, „svo lengi sem tengsl þeirra verða talin þess eðlis samkvæmt almennum mælikvarða að þau séu nákomin“. Þessi skilningur birtist ágætlega í niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 79/2018 frá 22. júní 2018 þar sem ekki

var aðeins horft til tímalengdar sambands þolanda og geranda heldur einnig eðlis sambandsins. Í dóminum kemur fram að „[m]eð hliðsjón af framangreindu þykir ekki verða lagt til grundvallar að brotaþoli hafi verið unnusti eða maki ákærða eins og fram kemur í ákæru. Hins vegar liggur fyrir að brotaþoli bjó um tíma hjá ákærða og að þeir áttu í kynferðissambandi, en ráðið verður af gögnum málsins að mikill aðstöðumunur hafi verið á milli þeirra og að brotaþoli hafi verið fjárhagslega háður ákærða. Með hliðsjón af þessu þykir samband þeirra hafa verið þannig að brotaþoli hafi verið nákominn ákærða í skilningi 233. gr. b almennra hegningarlaga.“ Annar mælikvarði á það hversu náið samband er á milli einstaklinga er tímalengd samvistanna. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 312/2015 frá 15. desember 2015 er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um að samband kærustupars, sem varði í eitt ár, á milli 17 ára stúlku og 18 pilts, var ekki talið nægjanlegt svo að heimfæra mætti brotið undir 233. gr. b hgl. Að virtum mótmælum ákærða, dómaframkvæmd og lögskýringagögnum, ungum aldri ákærða og brotaþola, sem og rannsóknargögnum málsins, þótti ákærði verða að njóta vafans um það „hvort slík festa hafi verið komin á félagsleg tengsl hans og brotaþola, þrátt fyrir rúmlega eins árs samband, að þau teljist hafa verið „nákomin“ í skilningi 233. gr. b“. Þegar af þeirri ástæðu taldi dómurinn ekki skilyrði til að sakfella ákærða fyrir stórfelldar ærumeiðingar, sbr. 233. gr. b almennra hegningarlaga. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli S-158/2018 frá 3. janúar 2019 kemur fram að brotaþoli og ákærði hefðu verið kærustupar og í sambúð í eitt ár. Engin umfjöllun er um hvort rétt væri að meta hvort sambandið væri náið í skilningi 233. gr. b hgl. við heimfærslu háttseminnar. Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-670/2018 frá 19. febrúar 2019 höfðu brotaþoli og ákærði verið par í eitt ár, ekki búið saman, en hist reglulega. Ákærði var sakfelldur fyrir dreifingu á myndefni og ummælum um brotaþola sem töldust bæði brjóta gegn 209. gr. hgl. og 233. gr. b hgl. Í hvorugu tveggja síðarnefndu málanna var fjallað sérstaklega um aldur parsins, eins og hins vegar er gert í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Það má vera að ungur aldur málsaðila hafi haft áhrif á mat á því hvort þau teldust nákomin í skilningi ákvæðisins. Hins vegar, þegar horft er til héraðsdómanna tveggja frá 2019 er samvistatímabilið svipað, eða um eitt ár. Það verður því ekki dregin skýr ályktun af dómaframkvæmd hversu náið samband milli þolanda og geranda þurfi að vera svo að ákvæði 233. gr. b hgl. eigi við um háttsemina.

Í ljósi þeirra áhrifa sem tækniþróun hefur haft á samskipti fólks, ekki síst kynferðisleg samskipti, er ljóst að fólk sem hefur þekkst í skamman tíma getur átt í mjög persónulegum samskiptum og til að mynda skipst á mjög nærgöngulu myndefni. Vegna þess varanleika sem stafræn samskipti fela í sér, svo sem stefnumótaforrit, er hægt að dreifa víða því sem farið hefur

á milli fólks og var ekki ætlað neinum öðrum en þeim sem það átti í samskiptum við. Þrátt fyrir að einstaklingar hafi ekki verið í löngu sambandi er áberandi sá mikli greinarmunur sem verður á réttarvernd þeirra sem eiga í kynferðislegum stafrænum samskiptum í sambandi sem dómstólar meta „náið“ í skilningi laganna og í sambandi þeirra sem ekki falla undir þá skilgreiningu. Þannig njóta aðeins þeir opinberrar verndar friðhelgiskafla almennra hegningarlaga sem eiga í nánu sambandi að mati dómstóla, en aðrir ekki. Áherslan í mati dómstóla er að meginstefnu til ekki á inntak samskiptanna heldur sambandsins sem er grundvöllur samskiptanna. Þessi greinarmunur er skiljanlegur þegar horft er til þeirra verndarhagsmuna sem 228. gr. hgl. er ætlað að vernda, en verður þó ekki að fullu ráðinn af eðli eða inntaki brotanna. Ríkjandi lagaframkvæmd felur þá einnig í sér að eigi brot gegn kynferðislegri friðhelgi sér stað í nánu sambandi geti verið um að ræða kynferðisbrot og friðhelgisbrot í skilningi almennra hegningarlaga, en sé náið samband ekki fyrir hendi verði brotið einvörðungu álitið kynferðisbrot, nema viðkomandi höfði einkarefsimál á grundvelli 228. gr. hgl. eða 234. gr. hgl. Þetta er greinarmunur sem erfitt er að finna rökræna stoð. Með hliðsjón af þessu verður að teljast mikilvægt að grípa til lagabreytinga til þess að tryggja einstaklingum sem ekki eru „nákomnir“ gerendum sínum fullnægjandi réttarvernd friðhelgi sinnar.

### 3.1.3 Pólitískur vilji

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna kemur fram að ríkisstjórnin muni standa fyrir gerð áætlunar um að „útrýma kynbundnu ofbeldi, ekki síst stafrænu kynferðisofbeldi“.[217] Sambærileg sjónarmið komu fram í stjórnarsáttmála þeirra flokka sem áttu aðild að síðustu ríkisstjórn, en þar kom fram að lögð yrði „áhersla á framkvæmd aðgerðaáætlunar um bætta verkferla vegna kynferðisbrota og lagt til við Alþingi að stafrænt kynferðisofbeldi verði skilgreint í hegningarlögum“.[218]

Á undanförnum árum hefur fjórum sinnum verið lagt fram frumvarp sem ætlað hefur verið að taka á háttseminni sem þá var vísað til sem hrellikláms og síðar stafræns kynferðisofbeldis. Með framlagningu fyrsta frumvarpsins haustið 2015 opnaði þingmaðurinn Björt Ólafsdóttir, þáverandi þingmaður Bjartar framtíðar, pólitíska umræðu um heimildarlausa birtingu nektarmynda

[217] 'Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis.' (n 1, 29).

[218] 'Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar 2017.' *stjornarradid.is* <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2017/01/11/Samstarfsyfirlysing-rikisstjornar-2017/> Síðast sótt 12. október 2019.

á Íslandi.[219] Eins og kemur fram í greinargerð með því frumvarpi var ljóst að fyrirmynd þess var að meginstefnu til sótt til breskrar lagasetningar um efni sem tók gildi fyrr sama ár. Ákvæðið var markað af þessu og var meðal annars gert ráð fyrir að sýna þyrfti fram á ásetning til að valda tjóni, nokkuð sem hefur verið talinn ljóður á ákvæðinu í breskri framkvæmd. Málið náði ekki fram að ganga og var endurflutt ári síðar, en náði heldur ekki fram að ganga þá, sem líklega má rekja til þeirra varnaðarorða sem komu fram í nokkrum umsögnum við frumvarpið. Það verður þó ekki gert lítið úr mikilvægi frumvarpsins í samfélagslegu og lagalegu tilliti, enda markaði það ekki aðeins upphaf pólitískrar umræðu um álitaefnið heldur varð það til þess að fram fór ákveðin skoðun innan réttarvörslukerfisins á því hvernig haldið væri á málum af þessum toga auk þess sem umsagnarbeiðnir þingnefndarinnar kölluðu fram lagalega greiningu sem ekki hafði farið mikið fyrir í íslensku samhengi fram að þeim tíma.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur tvisvar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi) ásamt meðflutningsmönnum þvert á hið pólitíska litróf. Fyrra frumvarpið var lagt fram á þingvetrinum 2017-2018 og var því ætlað að kveða skýrlega á um refsinæmi háttseminnar.[220] Lagt var til að ákvæðið yrði að 210. gr. c í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Þá var fjallað nokkuð ítarlega um greinarmun háttseminnar sem um var að ræða og hins vegar kláms sem kveðið er á um í 210. gr. laganna. Málið náði ekki fram að ganga, en í meðförum allsherjar- og menntamálanefndar komu fram umsagnir um málið. Helgi Hrafn lagði á þingvetrinum 2018-2019 aftur fram frumvarp með sama titli og sama markmiði, en frumvarpið hafði tekið þó nokkrum breytingum frá því að það var lagt fram á þingvetrinum áður.[221] Sérstaklega hafði verið tekið mið af efni þeirra umsagna sem borist höfðu við þinglega meðferð fyrra framvarpsins og leitast var við að gera úrbætur í því ljósi. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu var ekki síst horft til sænskrar löggjafar við undirbúning ákvæðisins, meðal annars hvað varðar hin tvö saknæmisstig. Þá er kveðið á um sex ára refsiramma fyrir alvarleg brot, en tilgangur þess var að tryggja fullnægjandi rannsóknarheimildir lögreglu. Lagt var til að ákvæðið yrði í 196. gr. kynferðisbrotakaflans í stað 210. gr. c eins og lagt var til í fyrra frumvarpinu,

[219] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi). Þskj. 11, 145. löggjþ. (2015-2016).

[220] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi). Þskj. 37, 148. löggjþ. (2017-2018).

[221] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi). Þskj. 15, 149. löggjþ. (2018-2019).

en sú staðsetning hefur einnig sætt gagnrýni, meðal annars frá Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem er einnig aðalhöfundur gildandi kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.[222] Í greinargerð með frumvarpinu er ekki fjallað um lagaskil frumvarpsins gagnvart öðrum ákvæðum sem í framkvæmd hefur verið beitt í málum af þessum toga, eins og kallað var eftir í umsögn ríkissaksóknara við frumvarpið.[223]

Framlagning frumvarpanna og sá þverpólitíski stuðningur sem þau hafa fengið í þinglegri meðferð er til marks um ríkan pólitískan vilja til þess að bregðast við stafrænu kynferðisofbeldi með löggjöf. Þessi vilji fer vel saman við áherslur ríkisstjórnarinnar um að berjast gegn stafrænu kynferðisofbeldi.[224] Meginefni frumvarpanna hefur einnig notið stuðnings félagasamtaka sem hafa látið málefnið sig varða.[225]

## 3.2 Álitaefni við útfærslu lagasetningar

Í gildandi réttarframkvæmd nýtur kynferðisleg friðhelgi einstaklinga ekki heildstæðrar eða fullnægjandi réttarverndar þegar horft er til þeirra samfélagslegu breytinga sem hafa átt sér stað með tilkomu stafrænnar tækni. Í ljósi þeirra ríku hagsmuna sem undir eru og þeirra áhrifa sem slík brot hafa á einstaklinga er það niðurstaða þessarar greinargerðar að rétt sé að grípa til lagasetningar í því augnamiði að styrkja refsivernd kynferðislegrar friðhelgi. Ýmis álitamál vakna um hvernig slík lagasetning ætti að vera. Í því sambandi þarf, eins og áður hefur verið vikið að, að gera skýran greinarmun á kynferðislegri tjáningu annars vegar og brotum gegn friðhelgi einstaklinga með heimildarlausri dreifingu eða töku kynferðislegra mynda hins vegar. Í einhverjum tilvikum getur verið um svipað efni að ræða, en túlkun þess, inntak og afleiðingar eru ávallt háðar samhengi hlutanna og atvikum máls. McGlynn og Rackley vara við því að lagasetning sem er „viðbragð" við ákalli um lagaleg viðbrögð við myndrænu kynferðisofbeldi eigi það til að taka einvörðungu á þeim aðstæðum sem eru til uppfjöllunar í því samhengi. Þetta skapi hættu á að lagasetningin

[222] Lagadeild Háskóla Íslands. 'Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi)', dbnr. 689, þskj. 15, 149. löggjþ. (2018-2019).

[223] Ríkissaksóknari dbnr. 663, þskj. 15, 149. löggjþ. (2018-2019).

[224] 'Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis' (n 1, bls. 29).

[225] Kvenréttindafélag Íslands. 'Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi), dbnr. 730, 15. mál', þskj. 15, 149. löggjþ. (2018-2019).

nái hvorki tilgangi sínum né utan um þau undirliggjandi sjónarmið sem háttsemin á rætur sínar í. Því sé mikilvægt að lagaleg viðbrögð séu ekki atviksbundin og taki mið af því að háttsemin getur verið hluti af stærri heild.[226]

### 3.2.1 Refsiákvæði eða einkaréttarleg úrræði

Mikilvægt er refsilöggjöf sem er sniðin að þeim hagsmunum sem henni er ætlað að vernda taki um leið fullnægjandi mið af öðrum stjórnarskrárvörðum hagsmunum. Það er nokkuð óumdeilt að refsingar einar og sér séu í sjálfu sér ekki heppileg leið til að leysa félagslegan vanda.[227] Þá verður refsiákvæði eitt og sér ekki þess valdandi að einstaklingar láti af skaðlegri háttsemi, eða breyta afstöðu fólks eða hugarfari.[228] Því er mikilvægt að greina hversu brýn hugsanleg refsiþörf er. Inntak hugtaksins *refsiþörf* tekur mið af samfélagslegri þróun á hverjum tíma, en Jónatan varar við því að mörkin á milli eiginlega refsiþarfa og siðrænna þarfa eigi til að vera óskýr og að erfitt geti reynst að greina þar á milli. Enn fremur bendir hann á að refsiákvæði sem verður óvirkt í framkvæmd, til dæmis vegna tækniþróunar eða fjárskorts til að tryggja eftirfylgni, geti engu að síður gert gagn, til dæmis með því að senda refsipólitísk skilaboð til almennings um hvar mörkin á milli saknæmrar háttsemi og annarrar háttsemi liggja. Þá sé hægt að láta refsiábyrgð halda sér í lögum þrátt fyrir að fyrirséð sé að framfylgd hennar verði takmörkuð í raun þannig að ákvæðið segi til um samfélagsleg mörk og þjóni eins konar uppeldis- og upplýsingahlutverki.[229] Þegar horft er til þess hverjar afleiðingar af stafrænu kynferðisofbeldi og sambærilegu rofi á kynferðislegri friðhelgi geta verið er nokkuð ljóst að þar getur verið um að ræða hagsmuni sem krefjast refsiverndar. Þá er um að ræða hagsmuni sem njóta bæði verndar alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að og stjórnarskrárvarinna réttinda.[230]

Ef horft er til reynslu annarra ríkja af lagasetningu, sem miðar að því að vernda kynferðislega friðhelgi einstaklinga með hliðsjón af hinum stafræna veruleika, verður að telja rétt að horfa í fyrsta kasti til þess sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Þetta kemur ekki síst til af ríkum

---

[226] Clare McGlynn og Erica Rackley. ‘Image-Based Sexual Abuse’ (n 31, bls. 535).

[227] Ragnheiður Bragadóttir. ‘Vændi,’ *Guðrúnarbók.* 2006. Bls. 393-409.

[228] Ibid.

[229] Jónatan Þórmundsson. ‘Refsiþarfir samfélagsins og lagaleg jafnvægislist.’ Tímarit lögfræðinga. 2017. 2. hefti, 67. árg. Bls. 198 og 205.

[230] María Rún Bjarnadóttir. ‘*Does the internet limit human rights protection? The case of revenge porn’* Journal of Intellectual Property, Information Technology and E-Commerce Law. 7 (3) 2016. Bls. 208-210.

tengslum á milli Íslands og annarra norrænna þjóða, bæði menningarlega og í lagalegum skilningi. Sú ýtarlega greining sem unnin var á vegum sænskra stjórnvalda um vernd friðhelgi á stafrænum tímum og fjallað er um hér að framan er því afar gagnleg fyrir íslenskt samfélag. Auk samnorrænnar tengingar er Svíþjóð einnig bundin af reglum innri markaðar Evrópusambandsins og Mannréttindasáttmála Evrópu í gegnum aðild sína að Evrópuráðinu eins og íslensk stjórnvöld. Sænska nefndin, sem vann greininguna, mat það svo að þær breytingar sem tækniframþróun hefði haft í för með sér fyrir samskipti þýddu að styrkja þyrfti refsivernd friðhelgi einkalífs. Þetta á þó aðeins við í þeim tilvikum þar sem vernd tjáningarfrelsis sleppir og háttsemi er til þess fallin að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, sem réttlætir refsikennd viðurlög.[231] Skoðun nefndarinnar varðaði friðhelgi einkalífs með heildstæðum hætti og einnig háttsemi á borð við ærumeiðingar og hótanir sem eru ekki til umfjöllunar í þessari greinargerð. Sjónarmið sænsku nefndarinnar um að viðurlög við alvarlegum brotum gegn kynferðislegri friðhelgi séu af refsiréttarlegum meiði eiga með hliðsjón af ofangreindu einnig vel við í íslensku samhengi. Sú nálgun er einnig í samræmi við þau viðbrögð sem lagabreytingar í Danmörku og að ákveðnu leyti í Noregi byggjast á. Þegar horft er til þeirra ríku hagsmuna sem stefnt er að því að vernda verður ekki annað séð en refsikennd viðurlög séu bæði réttlætanleg og viðeigandi í hér á landi.

Eins og fjallað hefur verið um hafa nokkur ríki valið að leggja heldur áherslu á einkaréttarleg úrræði en refsikennd viðurlög til þess að tryggja virka réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi. Þar hefur Ástralía sennilega náð einna mestum árangri með þarlendri netöryggisstofnun sem aðstoðar einstaklinga við að fá úr sínum málum skorið í samskiptum við samfélagsmiðla og netveitur sem hýsa efnið sem um ræðir, og leita réttar síns gagnvart þeim sem brjóta gegn þeim. Þrátt fyrir að hér sé lagt til að refsivernd kynferðislegrar friðhelgi verði styrkt á Íslandi felur það ekki í sér neinar takmarkanir á þeim úrræðum sem þegar eru til staðar á grundvelli einkamáléttar, til að mynda skaðabótalaga.

### 3.2.2 Samhverft brot

Í almennum hegningarlögum er að finna nokkrar tegundir brota. Meðal þeirra eru eru tjónsbrot, þ.e. þegar tjón þarf að koma fram til þess að verknaðurinn teljist framinn, og samhverf brot, þ.e. þegar háttsemi er talin brjóta gegn ákvæði. Ákvæði 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni eru dæmi um samhverf brot þar sem

[231] Jónatan Þórmundsson (n 229, bls. 282-308).

afleiðingar brots þurfa ekki að koma fram til þess að háttsemin teljist refsinæm í skilningi laganna. Af viðtölum við fulltrúa réttarvörslukerfisins má ráða að mikilvægt sé að viðhalda þessari nálgun í ákvæðum laga sem eiga við um rof á kynferðislegri friðhelgi. Einn viðmælandi sagði: „Þetta verður að vera samhverft brot. Það er það sem er sterkast við 209. gr. Oft eru afleiðingarnar miklu verri en ætlunin.“ Með því að ákvæðið feli í sér samhverft brot dregur úr áherslu á ásetning eða hvata brotamanna. Það er mikilvægt að huga að því þar sem hvatir gerenda í málum af þessum toga eru ekki alltaf þær sömu. Að áskilja að ásetningur standi til þess að valda þolanda tjóni myndi til að mynda ekki vera til þess fallið að styrkja ákvæðið í framkvæmd, enda getur verið erfitt að sanna ásetning.[232] Þetta má einnig lesa úr reynslu Breta af hinu sérstaka ákvæði sem sett var í lög árið 2015 og varnaðarorðum þarlendra fræðimanna í því samhengi.[233] Í enskri löggjöf er áhersla lögð á huglæga afstöðu brotamannsins; að ásetningur með brotinu hafi verið að valda brotaþola miska. Þetta hefur verið gagnrýnt sem veikleiki í löggjöfinni þar sem brot af þessum toga hafi engu minni afleiðingar fyrir brotaþola þegar ásetningur brotamannsins stendur einungis til þess að „grínast”.[234] Dæmi eru um að upptökur eða myndir af kynferðislegri háttsemi fólks hér á landi komist í víðtæka dreifingu á netinu án þess að ásetningur þeirra sem dreifðu efninu hafi verið ljós.[235] Afleiðingar fyrir brotaþola standa þó ekki alltaf í tengslum við ásetning þess sem fremur brotið. Þá bendir dómaframkvæmd einnig til þess að þrátt fyrir að dómstólar telji háttsemi til þess fallna að brjóta gegn blygðunarsemi brotaþola fallist þeir ekki á að um brot sé að ræða þar sem hvatir brotamannsins hafi ekki verið kynferðislegar. Þetta er mjög óheppilegt og stangast á við flokkun háttseminnar undir samhverf brot.

Megineinkenni samhverfra brota er að hin refsinæma háttsemi *sé til þess fallin* að valda tjóni. Við útfærslu lagasetningar þarf því að tryggja að orðalag taki mið af þessu. Í því samhengi mætti horfa til sænska ákvæðisins sem sett var til þess að styrkja refsivernd friðhelgi einstaklinga.

[232] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 435).

[233] Erica Rackley og Clare McGlynn (n 130).

[234] Clare McGlynn og Erica Rackley (n 31, bls. 555).

[235] Jakob Bjarnar. 'Kynlífsmyndband tekið á klósettinu á Austur fer um netið.' *Visir.is* (1. mars 2017) <https://www.visir.is/g/2017170309933> Síðast sótt 12. ágúst 2019.

### 3.2.3 Refsirammi

Innra samræmi

Við útfærslu refsiákvæðis þarf meðal annars að huga að refsiramma þess. Í gildandi réttarframkvæmd þegar brotaþolar eru fullorðnir hefur meðal annars reynt á ákvæði 209. gr. hgl. um blygðunarsemi sem varðar allt að fjögurra ára fangelsisvist, 199. gr. hgl. sem varðar allt að tveggja ára fangelsisvist og 210. gr. hgl. um klám sem varðar allt að sex mánaða fangelsisvist. Þegar brotaþoli er barn að aldri hafa 209. gr. hgl. og 199. gr. hgl. komið til skoðunar, en í auknum mæli 210. gr. a hgl. sem kveður á um barnaníð. Refsiramminn fyrir barnaníð er tveggja ára fangelsi. Þannig er háttsemin sem raðast hefur neðst á hinn svokallaða skala kynferðisbrota með hæsta refsirammann, þó svo að hann hafi ekki verið nýttur mikið í dómaframkvæmd. Þetta skapar þó vissa togstreitu í ljósi þeirrar nálgunar sem lagt er upp með í kynferðisbrotakaflanum um skala kynferðisbrota. Þannig hefur til að mynda óumbeðin sending kynferðislegrar myndar verið heimfærð undir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi, en í öðru máli var ítrekuð sending slíkra mynda heimfærð undir 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni og þannig undir ákvæði sem hefur lægri refsiramma þrátt fyrir að um sé að ræða ítrekaða háttsemi sem samkvæmt flestum viðmiðum ætti heldur að öfug áhrif. Þá er ákveðið ósamræmi fólgið í því að háttsemi sem beinist gegn barni varði að hámarki tveggja ára refsiramma, en að sambærileg háttsemi gegn fullorðnum allt að fjögurra ára refsiramma. Hugsanlega helgast þetta af því að kynferðisbrotakaflinn hefur ekki verið tekinn til heildstæðrar endurskoðunar síðan 1992, en við endurskoðunina árið 2007 voru ákvæði 209. gr. og 210. gr. hgl. ekki endurskoðuð. Þá hafa breytingar orðið á ákvæðinu um barnaníð sem tekur meðal annars mið af alþjóðlegum skuldbindingum sem getur einnig haft áhrif á refsirammann. Þegar horft er til alls þessa verður þó að teljast mikilvægt að hugað sé að innra samræmi refsiramma kynferðisbrotakaflans, en það er verkefni sem þarfnast ítarlegri skoðunar en ráðist verður í hér.

Rannsóknarúrræði

Framvinda lögreglurannsókna fer eftir atvikum og aðstæðum hverju sinni. Þegar um er að ræða kynferðisbrot notar lögreglan almennt ýmsar rannsóknaraðferðir, þ.m.t. skýrslutökur af sakborningi, brotaþola og vitnum, en í flestum tilvikum eru gögn í tölvum viðkomandi sakbornings skoðuð.[236] Það leiðir af eðli máls að þetta á sérstaklega við í málum þar sem reynir

[236] Stefán Eiríksson. 'Rannsókn kynferðisbrota gegn börnum.' *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum.* 2011. Bls. 109-132.

á stafræn samskipti með einhverjum hætti, eins og oft er í málum sem varða brot gegn kynferðislegri friðhelgi.

Í frumvarpi Helga Hrafns Gunnarssonar og fleiri um stafrænt kynferðisofbeldi var lagt til að refsirammi fyrir brotin yrði stigskiptur og að alvarleg brot vörðuðu allt að sex ára fangelsi. Þetta var, að því er kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, gert til þess að varpa ljósi á alvarleika brotanna, en einnig til þess að tryggja að fullnægjandi rannsóknarúrræði væru til staðar fyrir lögreglu í málum af þessum toga með vísan til skilyrða 1. mgr. 80. gr. sakamálalaga. Þetta er mikilvægt atriði, enda eru fullnægjandi rannsóknarúrræði fyrir löggæsluyfirvöld forsenda þess að markmiði ákvæðisins verði náð og það veiti raunhæfa vernd. Hins vegar er sex ára refsirammi ekki í nægilega góðum takti við refsiramma annarra brota í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Þess vegna væri skynsamlegt að kveða á um refsiramma sem tekur betur mið af gildandi refsiramma, en kveða á um undanþágu í 2. mgr. 80. gr. sakamálalaga til þess að tryggja fullnægjandi rannsóknarúrræði lögreglunnar í refsimálum sem varða kynferðislega friðhelgi.

Stigskiptur refsirammi

Í 70. gr. hgl. koma fram sjónarmið sem líta á til við ákvörðun refsingar. Meðal þess sem taka skal tillit til er hversu yfirgripsmiklu tjóni háttsemin hefur valdið, hátterni og aldurs aðila málsins og ýmissa ytri aðstæðna. Þegar tekið er mið af ákvæðum 70. gr. hgl. er ekki augljóst að nauðsynlegt sé að huga að stigskiptri nálgun brota gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga eins og lagt var upp með í þeim breytingum sem gerðar voru nýlega í sænskum og dönskum rétti. Í sænska ákvæðinu er sérstaklega horft til ásetnings brotamanns og umfangs brotsins. Þannig er dreifing efnisins, umfang þess og inntak það sem huga þarf að við mat á því hvort brot teljist minni háttar eða meiri háttar. Þar af leiðandi verða hlutlausir mælikvarðar ekki lagðir til grundvallar heldur þarf að meta hvert mál fyrir sig. Þá er refsilaust að dreifa efni þegar það er forsvaranlegt, til dæmis í þágu fjölmiðlunar eða löggæslu.[237] Dæmi um stigskipta nálgun má einnig finna í íslenskum hegningarlögum, til að mynda í 188. gr. hgl. um sifskaparbrot þar sem greinarmunur er gerður á refsiramma fyrir brotið eftir því hvort hinum aðilanum var ókunnugt um fyrri ráðahag eða ekki. Þá er gerður greinarmunur á hámarksrefsiramma eftir því hvort háttsemin var framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.[238] Með hliðsjón af þeim ólíku

[237] Lag (2017:1136).

[238] Ákvæðið er svohljóðandi:

aðstæðum sem upp geta komið í málum sem varða brot gegn kynferðislegri friðhelgi og fjallað var stuttlega um í fyrsta hluta greinargerðarinnar verður að teljast rétt að horfa til sænskrar og danskrar fyrirmyndar og leggja til stigskiptingu brota sem birtist til að mynda í því að greinarmunur er gerður á hámarksrefsiramma fyrir ásetningsbrot annars vegar og gáleysisbrot hins vegar.

Annars konar viðurlög?

Þegar horft er til reynslu annarra ríkja má sjá dæmi þess að brotamönnum hafi verið gert skylt með dómi að grípa til ráðstafana til að takmarka dreifingu þess efnis sem þeir hafa veitt í stafræna dreifingu án heimildar. Þetta getur meðal annars verið af hagkvæmnisástæðum þar sem viðkomandi hefur til dæmis aðgang að viðkomandi miðli og getur fjarlægt efnið þaðan eða er í sterkari stöðu til þess að óska eftir því við stjórnendur viðkomandi miðils að takmarka dreifingu efnisins.[239] Dæmi um þetta þekkjast bæði frá Danmörku og Ástralíu. Í Englandi hafa dómarar víðtækar heimildir til þess að kveða á um aðgerðir og úrræði sem brotamanni er skylt að framfylgja. Meðal þess sem einstaklingar sem brotið hafa gegn kynferðislegri friðhelgi hafa þurft að sæta þar í landi er takmarkaður aðgangur að internetinu, ákveðinni rafrænni þjónustu og/eða samfélagsmiðlum sem hluta af refsingu vegna brota sem framin voru með stafrænum hætti. Í þessu getur meðal annars falist að einstaklingi sé bannað að stofna eða hafa aðgangsreikning að tilteknum samfélagsmiðli og/eða honum sé gert að eyða samfélagsmiðlareikningi sem hann hefur notað til þess að fremja brot.[240]

Í íslenskum rétti er ekki hefð fyrir mikilli fjölbreytni í refsiviðurlögum. Refsingar á grundvelli almennra hegningarlaga eru fésektir og fangelsisvist

---

Ef kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða, ef hinum aðiljanum var ókunnugt um fyrra hjónabandið, fangelsi allt að 6 árum.

Sé brot framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það … [1)] fangelsi allt að 1 ári.

Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, skal sæta … [1)] fangelsi allt að 1 ári. Nú skal hjónaband ekki sæta ógildingu, og má þá dæma sektir … [1)] eða jafnvel láta refsingu falla niður.

[239] Dæmi um þetta eru skilmálar chan-síðna sem gera ráð fyrir að auðveldara sé fyrir einstakling sem setur efni inn á síðuna að óska eftir því að efnið verði fjarlægt á grundvelli höfundarréttar, en það er fyrir þolendur stafræns kynferðisofbeldis að fara fram á efni af þeim verði fjarlægt á grundvelli brota gegn kynferðislegri friðhelgi þeirra. Skilmálar chan-síðnanna eru á slóðinni: <https://www.chansluts.com/policies.php#ToS> Síðast sótt 12. október 2019.

[240] Leiðbeiningar ákæruvaldsins (Crown Prosecution Service) um beitingu úrræða um takmörkun á aðgangi að stafrænum miðlum og/eða þjónustu er að finna á slóðinni: <https://www.cps.gov.uk/legal-guidance/criminal-behaviour-orders> Síðast sótt 12. október 2019.

eins og kemur fram í 31. gr. laganna. Eins og greint er í 57. gr. er heimilt að fresta ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt 3. mgr. 57. gr. laganna eru skilyrðin þau:

1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2.-5. tölul. hér á eftir.
2. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.
3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.
4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári.
5. Að aðili gangist undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru, er fjárhag hans varðar.
6. Að aðili greiði eftir getu fébætur fyrir tjón, sem hann hefur valdið með broti sínu.

Enn fremur er rétt að geta þeirra úrræða sem felast í sáttamiðlun, sem til að mynda er fjallað um í leiðbeiningum ríkissaksóknara að geti átt við í málum sem varða kynferðislega friðhelgi einstaklinga.

Hér verður ekki lagt til að lögfest verði sérstök refsiúrræði til þess að bregðast við brotum á kynferðislegri friðhelgi. Hins vegar verður í ljósi þeirrar miklu umræðu sem hefur átt sér stað í íslenskum samfélagi, um úrræði fyrir þá sem brjóta gegn öðrum kynferðislega, að teljast tímabært að taka til heildstæðrar skoðunar hvort rétt sé að huga að fjölbreyttari refsiviðbrögðum í íslenskum rétti.

### 3.2.4 Verknaðarþættir

Lengi hefur verið lögð áhersla á verknaðaraðferðir í málum sem varða brot gegn kynfrelsi fólks í íslenskum rétti. Þetta er í samræmi við það sem tíðast hefur í norrænum rétti.[241] Tekið verður undir með ríkissaksóknara að mikilvægt verði að teljast að skýrt sé að löggjöf taki til dreifingar, en einnig birtingar og framleiðslu á efni sem rýfur kynferðislega friðhelgi einstaklinga.[242] Þá má ljóst vera að mikilvægt er að halda því til haga að þrátt fyrir að heimild eða samþykki liggi fyrir varðandi einn þessara þátta verði ekki sjálfkrafa gert ráð fyrir að það gildi einnig um birtingu eða dreifingu.

[241] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 39).

[242] Ríkissaksóknari (n 223).

Enn fremur verður ekki litið fram hjá því að rof á kynferðislegri friðhelgi getur verið þáttur í stærra brotamynstri á borð við heimilisofbeldi, sem krafist getur skoðunar á margþættum hegningalagaákvæðum. Þá má leiða að því líkur að ef aflað er efnis með ólögmætum hætti, til að mynda með því að brjótast inn á gagnageymslu og stela þaðan kynferðislegu myndefni sem síðan er dreift áfram, geti verknaðaraðferðin falið í sér sjálfstætt brot óháð kynferðislegri friðhelgi. Það hefur þó ekki reynt á þetta fyrir íslenskum dómstólum.

Í úttekt á vegum Kvenréttindafélags Íslands árið 2015 var lagt til að lög yrðu endurskoðuð með það að markmiði að bæta réttarvernd gagnvart stafrænu kynferðisofbeldi og gerði höfundur það að tillögu sinni að horft yrði til fyrirmyndarlöggjafar bandarísku samtakanna CCRI um löggjöf gegn stafrænu kynferðisofbeldi í því samhengi.[243] Þetta hefur meðal annars verið gert í nokkrum ríkjum í Bandaríkjunum þar sem löggjöf ríkja hefur verið sniðin eftir tillögum CCRI. Ýmislegt kemur þó í veg fyrir að fyrirmynd samtakanna nýtist í íslenska réttarkerfinu, ekki síst mikill munur á framsetningu laga. Tvö meginatriði úr vinnu samtakanna geta þó nýst vel við íslenska lagasetningu. Annars vegar þyrfti að huga að skýrri skilgreiningu hugtaka svo að ljóst sé hvað átt sé við með lykilhugtökum á borð við *dreifingu, myndefni, einkamálefni* og *kynferðislega háttsemi*. Hins vegar þyrfti að gera ráð fyrir undantekningum frá meginreglunni til að tryggja að einstaklingum verði ekki gerð refsing fyrir kynferðisleg samskipti sín á milli í góðri sátt, til að mynda með rafrænum myndsendingum. Undantekningar verða að fela í sér refsilausa meðferð efnis í tengslum við rannsókn og saksókn refsimála, fjölmiðlaumfjöllun og í læknisfræðilegum tilgangi.[244] Nýleg lagasetning í Svíþjóð um refsivernd kynferðislegrar friðhelgi tekur á þessum sömu þáttum þó svo að ekki sé þess getið að horft hafi verið til vinnu CCRI-samtakanna við undirbúning lagasetningarinnar.

Gerð/upptaka

Í gildandi réttarframkvæmd verður heimildarlaus taka myndefnis af kynferðislegum toga felld undir ákvæði 209. gr. hgl. um blygðunarsemi, að því gefnu að önnur skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Í því samhengi hefur dómaframkvæmd verið óstöðug eins og fjallað var um í öðrum hluta greinargerðarinnar, sérstaklega hvað varðar mat á því hvort háttsemi telst „lostug“ eður ei. Mikilvægt er að tryggja að refsivernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga sé ekki háð því hvort hvatir brotamannsins voru kynferðislegar eða af öðrum meiði. Því er rétt að gæta þess við

[243] Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir (n 65, bls. 45).

[244] ‘Model state law’ (n 93).

lagasetningu að áhersla verði ekki lögð á hvatir brotamanns heldur afstöðu brotaþola og hugsanlegar afleiðingar brotsins. Í þessu samhengi er mikilvægt að gæta þess að gerð kynferðislegs efnis verði ekki sjálfkrafa talið brot á friðhelgi einstaklinga, enda mikilvægt að gæta að stjórnarskrárbundu tjáningarfrelsi einstaklinga sem getur einnig verið kynferðislegs eðlis. Þó þarf að vera ljóst að heimildarlaus gerð og/eða upptaka kynferðislegra mynda felur í sér sjálfstætt brot gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga, óháð því hvort efninu er dreift áfram eða ekki.

Birting / dreifing

Eins og kemur fram í umfjöllun um afleiðingar í fyrsta hluta greinargerðarinnar er heimildarlaus dreifing og birting efnis með stafrænum hætti oftar en ekki kjarninn í þeirri háttsemi sem til umfjöllunar er. Þetta á við hvort sem efnið verður til með eða án vitundar eða samþykkis þess sem fyrir brotinu verður. Upplifun þolenda í samnorrænni rannsókn benti til þess að ótti við að efni birtist aftur síðar ylli þolendum verulegum áhyggjum og sambærileg sjónarmið má sjá af dómaframkvæmd. Þannig er óvissa þolenda um umfang birtingar, hverjir hafi séð efnið og hvar það sé aðgengilegt oft stór þáttur í því tjóni sem háttsemin hefur valdið þeim.

Eðli stafrænna samskipta auðveldar birtingu og dreifingu stafræns efnis. Þannig getur verið erfitt að koma í veg fyrir frekari dreifingu en ásetningur brotamanns stóð upphaflega til. Í dómi Héraðsdóms Austurlands í máli S-36/2014 frá 27. mars 2015 hafði ákærði birt nektarmyndir af fyrrverandi kærustu á Facebook-vegg sínum og merkt brotaþola þannig að þær væru sýnilegar öllum vinum þeirra beggja á samskiptamiðlinum. Hann sá fljótlega eftir gjörðum sínum og eyddi þeim af síðunni innan nokkurra mínútna, en þá þegar hafði fólk séð myndirnar og tekið af þeim skjáskot og var þeim í kjölfarið dreift víðar. Þrátt fyrir ráðstafanir til þess að takmarka dreifingu gat brotaþoli ekki komið í veg fyrir frekari dreifingu myndanna. Þá getur einstaklingur sem fær sent kynferðislegt efni í samskiptum við annan dreift efninu áfram, sent það á aðra eða sett inn á vefsvæði. Í þessu ljósi er mikilvægt að leggja fyrst og fremst áherslu á að háttsemin sé til þess fallin að valda brotaþola tjóni, en ekki hver ásetningur brotamanns var hverju sinni. Það getur að vísu skipt verulegu máli við mat á því hvort brot teljist meiri háttar eða minni háttar. Markviss dreifing sem er miðuð að því að dreifa efninu þannig að það valdi brotaþola sem mestu tjóni getur til dæmis verið til fárra aðila. Dæmi um þetta má finna í dómi Landsréttar í máli nr. 79/2018 frá 22. júní 2018 þar sem kynferðislegar myndir af manni voru sendar kærustunni hans og ollu sambandsslitum þeirra, auk þess sem athæfið hafði aðrar félagslegar afleiðingar fyrir brotaþola. Þannig verður við lagasetningu að tryggja að ekki sé einvörðungu miðað við umfang dreifingar við mat á refsinæmi háttseminnar heldur hvernig hún fer fram og gagnvart hverjum.

Vistun / hýsing

Vegna tæknilegra eiginleika samskipta í gegnum netið hafa verið viðraðar áhyggjur af því að með því að gera vistun kynferðislegs efnis á borð við nektarmyndir refsiverða skapist hætta að einstaklingum verði refsað fyrir að hafa í fórum sínum kynferðislegt efni sem viðkomandi veit ekki hvort var fengið með samþykki. Þannig gæti komið upp sú staða að einhver fengi áframsent kynferðislegt efni af öðrum án þess að óska eftir því og þar sem viðkomandi þekkti ekki uppruna efnisins gæti hann brotið lög með því einu að taka á móti sendingunni, sem vistast við opnun skeytisins, þrátt fyrir að hafa ekkert til saka unnið annað en að opna stafræna sendingu.[245] Jafnframt gæti lagasetning sem felur í sér refsinæmi þess að vista efni sem er brot á kynferðislegri friðhelgi annarra falið í sér óréttlætanlegt inngrip í tjáningarfrelsi þeirra sem vista kynferðislegt efni af öðrum með vilja þeirra og vitund. Dæmi um þetta gæti verið kynferðisleg samskipti hjóna í gegnum samfélagsmiðil á borð við Facebook-messenger. Myndir sem deilt er í gegnum forritið er hægt að vista á raftækjum og nálgast það síðar. Hætta væri fólgin í því að vistun gagnanna í gegnum gagnavistunarþjónustu eða með vistun á tilteknu tæki gæti bakað einstaklingum óréttmæta refsiábyrgð.

Eins og greina má af umfjöllun um lagaumgjörð í öðrum ríkjum er almennt ekki fjallað um refsinæmi vistunar efnis. Í þeim lagabreytingum sem gerðar hafa verið nýlega í Svíþjóð og Danmörku til þess að styrkja vernd kynferðislegrar friðhelgi hefur heldur ekki verið farin sú leið að gera vörslu efnis refsiverða. Þar, eins og í íslenskum rétti, er varsla kláms og barnaníðsefnis refsiverð. Í íslenskri dómaframkvæmd hefur ekki reynt sérstaklega á vistun eða hýsingu myndræns kynferðisofbeldis eða annars konar brota gegn stafrænni friðhelgi einstaklinga fyrir dómstólum. Í dómi Landsréttar í máli nr. 509/2018 frá 29. ágúst 2018 voru til umfjöllunar kynferðislegar myndir sem vistaðar voru á USB-kubbi og brotaþoli fann í fórum brotamanns. Ekki var fjallað um hugsanlegt refsinæmi þess að brotamaðurinn hefði haft efnið í fórum sínum. Tilvist þess var frekar sönnunargagn um hina refsiverðu háttsemi, sem var að taka mynd í heimildarleysi, heldur en að sjálfstætt brot væri fólgið í vistuninni. Því má velta upp hvort forsenda þess að hægt sé að raungera hótun um

[245] Helgi Hrafn Gunnarsson. Erindi á málþingi á vegum stýrihóps um heildstæðar aðgerðir gegn kynferðisofbeldi. (18. febrúar 2019) <https://livestream.com/accounts/13918367/events/8569529/videos/187557203> Síðast sótt 12. október 2019.

heimildarlausa dreifingu nektarmynda sé að viðkomandi hafi aðgang að efninu, til að mynda með því að hafa vistað það í fórum sínum.

Hvað varðar hýsingu efnis miðar greinargerð þessi að því að setja fram tillögur varðandi refsiábyrgð einstaklinga á brotum sem beinast gegn öðrum einstaklingum. Eins og tilgreint er í fyrsta hluta er ekki fjallað um hugsanlega ábyrgð þeirra sem reka starfsemi sem byggist á dreifingu efnis af þessum toga, enda væri þá farið inn á stærra svið er viðvíkur ábyrgð milligönguaðila á netinu sem ekki gefst rúm til að greina hér. Þó er rétt að geta þess að til eru dæmi frá Bandaríkjunum þar sem rekstraraðilar hafa skapað sér bótaábyrgð og refsingu með því að reka vefsvæði sem ganga aðallega út á að markaðssetja vettvang til að fólk geti valdið öðrum sem mestu tjóni með því að dreifa þar heimildarlaust kynferðislegu myndefni af þeim og birta persónulegar upplýsingar með hvatningu til annarra notenda síðunnar um að áreita viðkomandi. Bandaríska viðskiptastofnunin hefur í nokkrum málum talið starfsemi slíkra vefsvæða í andstöðu við lög um neytendavernd og sanngjarna viðskiptahætti þar sem hönnun síðunnar gefi til kynna að bæði rekstraraðilum og notendum sé fullkunnugt um að ekki liggi fyrir samþykki þeirra sem birtar eru myndir af.[246] Vegna hinna ólíku lagakerfa landanna verður þó að teljast ólíklegt að slík nálgun gæti gagnast sem fyrirmynd íslenskrar lagasetningar.

Það verður því að teljast ólíklegt að kveðið verði á um vistun eða hýsingu efnis, sem felur í sér brot gegn kynferðislegri friðhelgi, í almennum hegningarlögum.

### Falsefni

Myndfalsanir, til að mynda þannig að andliti sé skeytt saman við líkama annarrar manneskju, eru ekki nýtilkomnar. Hins vegar hefur tækni fleygt fram á síðustu árum þannig að nú er auðvelt, aðgengilegt og ódýrt að falsa myndefni, hvort heldur sem er ljósmyndir eða hreyfimyndir, með sannfærandi hætti. Til eru dæmi þess að andliti af einstaklingi sé skeytt með tölvutækni inn á mynd eða myndefni af kynferðislegum toga og látið líta út fyrir að myndefnið sé af viðkomandi. Að mati héraðssaksóknara er rétt að ákvæði sem tekur á stafrænu kynferðisofbeldi taki jafnframt til slíkrar háttsemi.[253] Í fyrrnefndu frumvarpi Helga Hrafns Gunnarssonar, sem var lagt fram þingveturinn 2018-2019, var byggt á sænskri fyrirmynd þar sem tiltekið var að brotið tæki einnig til falsana. Auk Svíþjóðar er kveðið á um falsanir í tengslum við rof á kynferðislegri friðhelgi í löggjöf í Virginíufylki í Bandaríkjunum og í Skotlandi. Þá hefur breska Law Commission-nefndin til

[246] FTC (n 35).

skoðunar tillögur kvenna- og jafnréttisnefndar breska þingsins um að falsanir verði tilgreindar sem tegund myndræns kynferðisofbeldis í þeirri lagaendurskoðun sem þar stendur yfir. Samfara fjölgun mála sem varða svokallaðar djúpfalsanir í Bandaríkjunum hefur komið til umræðu að grípa til lagalegra aðgerða gegn slíku efni á alríkisstigi. Sú umræða er þó ekki einvörðungu tengd við vernd kynferðislegrar friðhelgi heldur einnig við upplýsingaóreiðu og falsfréttir á samfélagsmiðlum. Citron og Chesney vara við djúpfölsunum því að þær séu ekki aðeins ógn við friðhelgi einstaklinga heldur fyrir lýðræðissamfélög og þjóðaröryggishagsmuni ríkja.[247]

Í nýlegu dómsmáli frá Danmörku var maður dæmdur til refsingar fyrir að falsa myndir af konum og stúlkum þannig að þær virtust vera á kynferðislegum myndum sem hann dreifði síðan á netinu. Þar sem þó nokkrar kvennanna voru undir 18 ára aldri þegar myndfölsunin og dreifingin átti sér stað var háttsemin felld undir ákvæði hegningarlaga um barnaníð. Lögmaður nokkurra brotaþola sagði að ótti þeirra við endurtekna dreifingu myndanna ylli þeim miklum áhyggjum þrátt fyrir niðurstöðu dómstóla. Þá vekur athygli að í dómsorðunum var kveðið á um skyldu mannsins til að fjarlægja efnið af netinu. Ekki liggur fyrir á hvaða grundvelli þessi skylda var lögð á hann, hvað þá til hvaða ráðstafana væri nægilegt fyrir að hann að grípa til svo að skyldan væri uppfyllt.[252] Ákvæði íslenskra laga um barnaníð myndu að líkindum einnig ná til sambærilegrar háttsemi í íslenskri lögsögu. Það verður ekki ráðið af dómaframkvæmd hvort það sama myndi eiga við um fullorðna brotaþola. Með hliðsjón af þessu og ábendingum héraðssaksóknara verður lagt til af fjallað sé sérstaklega um falsefni í tengslum við lagasetningu sem miðar að vernd kynferðislegrar friðhelgi.

## Hótanir

Hótanir eru refsiverðar samkvæmt 233. gr. hgl. Ákvæðið er að finna í friðhelgiskafla laganna og kveður á um að „[h]ver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum“. Í samhengi við heimfærslu brota sem varða hótun um rof á kynferðislegri friðhelgi reynir ekki síst á hvort hótunum sé til þess fallið að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð brotaþola eða annarra. Í sératkvæði tveggja dómara í dómi

[247] Robert Chesney og Danielle Keats Citron, ‘Deep Fakes: A Looming Challenge for Privacy, Democracy, and National Security’ 107 California Law Review (2019, óbirt); U of Texas Law, Public Law Research Paper No. 692; U of Maryland Legal Studies Research Paper No. 2018-21. Aðgengilegt á SSRN: <https://ssrn.com/abstract=3213954 or http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.3213954> Síðast sótt 12. október 2019.

Hæstaréttar í máli nr. 441/2016 kom fram sú afstaða að með hótun um stafrænt kynferðisofbeldi, sem var sett fram í gegnum samfélagsmiðil, væri ekki séð að ásetningur hefði ótvírætt verið sýndur í verki. Í dóminum segir: „Þegar á hinn bóginn er tekið tillit til þess að samskipti ákærða og brotaþola fóru fram um samskiptamiðla á netinu og þeir voru þá staddir hvor í sínu húsi og undirbúningsaðgerðir ákærða fólust ekki í annarri háttsemi en lýst er í héraðsdómi, er því skilyrði 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga ekki fullnægt, að hann hafi ótvírætt sýnt þann ásetning í verki sem lýtur að annarri framkvæmd brots en hótuninni.“ Í ljósi þess hversu mikið samskipti í gegnum samfélagsmiðla hafa aukist á síðustu árum verður að setja spurningarmerki við túlkun minni hlutans. Ef fallist væri á þá ályktun að ótti um velferð yrði aðeins vakinn í návígi einstaklinga verður erfitt að sjá hvernig réttarvernd einstaklinga muni standast tímans tönn í sífellt stafrænni veruleika.

Hvað varðar brot gegn kynferðislegri friðhelgi geta hótanir eða kúgun verið hluti af brotinu með tvenns konar hætti. Annars vegar þegar um er að ræða hótanir sem beitt er til þess að búa til efnið, til dæmis með því að hóta einstaklingi einhvers konar tjóni ef hann leyfir ekki að teknar séu af sér myndir eða ef hann tekur ekki sjálfur af sér myndir til þess að senda brotamanninum. Hins vegar þegar hótað er dreifingu eða birtingu efnis sem þegar er til til þess að ná einhverju fram.[254] Í umfjöllun hérlendis hefur ein alvarlegasta birtingarmynd þess verið talin þegar kynferðisbrotamaður tekur brotið upp og nota efnið svo til þess að brjóta frekar á þolandanum, svo sem með því  að hóta að efnið verið birt.[256] Í dómi Landsréttar í máli nr. 79/2018 var sakfellt fyrir hótun um að dreifa myndefni af kynlífi brotaþola og brotamanns með því að „setja það á netið”. Háttsemin var heimfærð undir 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og 233. gr. hgl. um hótanir. Athygli vekur að í málinu er fjallað um að brotamaðurinn deildi efninu með öðrum aðilaí því skyni að kúga brotaþola til greiðslu fjármuna. Þrátt fyrir þetta sætti viðkomandi ekki ákæru og hafði einvörðungu stöðu vitnis þrátt fyrir að með vísan til dómaframkvæmdar mætti ljóst vera að um hefði verið að ræða háttsemi sem fæli í sér brot gegn 223. gr. hgl. og jafnvel 209. gr. hgl. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 441/2016 hafði maður villt á sér heimildir í kynferðislegum samskiptum við 15 ára gamlan dreng og krafist þess síðan að hann ætti kynmök við sig, ellegar myndi hann gera opinberar nektarmyndir og samskipti sem þeirra fóru í millum. Í niðurstöðu sinni féllst Hæstiréttur á að hótun brotamannsins um að dreifa hinu stafræna efni væri til þess fallin að vekja með drengnum ótta um velferð sína og því mætti fallast á að með háttseminni hefði sakborningurinn gerst sekur um tilraun til nauðgunar.[255] Þannig var hótun um dreifingu myndefnisins ekki talin sjálfstætt brot heldur verknaðaraðferð við tilraun til nauðgunar.

Af dómaframkvæmd má því ráða að telji dómstólar skilyrði 233. gr. hgl. uppfyllt, , þ.e. að hótun hafi verið til þess fallin að vekja ótta hjá brotaþola, falli hótun um brot gegn kynferðislegri friðhelgi, hvort sem um er að ræða með stafrænum eða hlutrænum hætti, undir ákvæðið. Í frumvarpi Helga Hrafns Gunnarsson um stafrænt kynferðisofbeldi var lagt til að ákvæðið tæki einnig til hótana um stafrænt kynferðisofbeldi. Þetta verður að líkindum rakið til þeirrar sænsku fyrirmyndar sem horft var til við undirbúning frumvarpsins, en í því er tilgreint að hótun um heimildarlausa dreifingu eða birtingu viðkvæmra upplýsinga sé refsiverð. Í þeim lagabreytingum sem gripið var til í Skotlandi var einnig kveðið á um refsinæmi hótana um myndrænt kynferðisofbeldi og breska Law Commission nefndin hefur til skoðunar tillögur kvenna- og jafnréttisnefndar breska þingsins um að hótun um myndrænt kynferðisofbeldi verði gerð refsiverð í þeirri lagaendurskoðun sem þar stendur yfir. Í umsögn sinni við frumvarp Helga Hrafns benti Barnaverndarstofa á nauðsyn þess að tilgreina refsinæmi hótana um heimildarlausar myndbirtingar. Stofnunin telur um brýna lagabreytingu að ræða og mikilvægt sé að taka á öllum þáttum myndbirtinga eða þvingana tengdum sendingum á kynferðislegum myndum þegar almennum hegningarlögum verður breytt hvað þessa þætti varðar.[257]

### 3.2.5 Staða 15-18 ára einstaklinga

Kynferðislegur samþykkisaldur á Íslandi er 15 ár, sem er einnig sakhæfisaldur. Þrátt fyrir þetta eru einstaklingar börn í skilningi laga til 18 ára aldurs, meðal annars þegar kemur að heimfærslu brota gegn kynferðislegri friðhelgi fólks á aldrinum 15-18 ára. Kynferðisleg samskipti ungmenna, rétt eins og fullorðinna, fara í auknum mæli fram á stafrænu formi. Það má telja óumdeilt að hluti af kynfrelsi einstaklinga felst í að taka af sér kynferðislega mynd eða leyfa öðrum að gera það. Kynferðisleg tjáning er hluti af tjáningarfrelsinu sem nýtur verndar stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasamninga. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir slíkum samskiptum í ákvæði 210. gr. a hgl., sem kveður á um barnaníð, án þess að í þeim felist brot. Það má þó ráða af dómaframkvæmd að ekki hefur verið ákært eftir ströngustu túlkun ákvæðisins. Dæmi um þetta er niðurstaða Héraðsdóms Austurlands í máli S-36/2014 frá 27. mars 2015. Málið varðaði ungt par sem átti í sambandi. Stúlkan var 17 ára þegar hún tók af sér nektarmynd og sendi kærastanum sínum, sem var orðinn 18 ára. Þegar upp úr sambandi þeirra slitnaði deildi hann myndinni á samfélagsmiðlinum Facebook en fjarlægði myndina skömmu síðar. Hann var ákærður og dæmdur fyrir brot gegn barnaníðsákvæði almennra hegningarlaga, þ.e. 210. gr. a, með því að hafa dreift myndinni, en stúlkan, sem tók myndina, var ekki ákærð fyrir framleiðslu barnaníðsefnis með því að taka og senda sömu mynd. Tæplega helmingur iðmælendur í viðtalsrannsókn lýstu nokkrum áhyggjum af þeim óskýru skilaboðum sem felast í þessari lagaumgjörð.

Einn viðmælandi spurði: „Getur barn sem er undir 18 ára verið að framleiða barnaklám með því að taka mynd af sér án þess að senda hana? Er „nude selfie“ á síma unglingsstelpu barnaklám?“ Annar sagði: „Við erum kannski með fólk sem er 17 ára [...] hann sendir mynd af kynfærunum á sér og hún sendir mynd af brjóstunum á sér til baka. Hvenær er þetta eitthvað sem þau mega alveg gera og hvenær er þetta orðið brot? Það þarf að meta þetta.“

Rétt er að geta þess að samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara um sáttamiðlun er brot gegn blygðunarsemi skv. 209. gr. hgl. eitt þeirra brota sem heimilt er að vísa til sáttameðferðar, séu önnur skilyrði fyrir hendi í málinu. Þá er einkum talið æskilegt að beita úrræðinu í málum þar sem brotamenn eru ungmenni á aldrinum 15-21 árs.[248] Þetta svipar að nokkru til úrræða sem saksóknaraembættið í Englandi og Wales hefur gefið út, en þar er sakhæfisaldur að vísu 10 ár, nokkuð lægri en á Íslandi. Þar hafa verið gefnar út leiðbeiningar um að gefa ekki út ákæru í málum sem varða einstaklinga undir 18 ára aldri, sem senda kynferðislegar myndir til jafningja á svipuðum aldri sem þeir eiga í sambandi við (svokallaðar „sexting“-myndir), og ekki í málum er varða almannahagsmuni.[249]

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að ekki leiki vafi á því hvenær um refsiverða háttsemi er að ræða í tengslum við sendingu og dreifingu nektarmynda af ungu fólki og telur brýnt að slíkar sendingar sakhæfra ungmenna til jafningja sé ekki gerð refsiverð.[250] Samtökin Barnaheill - Save the Children hafa í umsögnum sínum við frumvörp til breytinga á lögum um almenn hegningarlög, er varða stafrænt kynferðisofbeldi, bent á þá stöðu sem ungt fólk á aldrinum 15-18 ára getur lent í. Samtökin hafa talað fyrir því að einhvers konar undanþága verði í lögum til að koma í veg fyrir þessa stöðu og segja:

„[Þ]egar um er að ræða myndefni sem sýnir börn eldri en 15 ára eða aðra einstaklinga á kynferðislegan hátt er mikilvægt að undanskilja þá einstaklinga refsingu sem hafa tekið slíka mynd af sjálfum sér, móttekið kynferðislegt myndefni frá jafningja sem hluta af frjálsum kynferðislegum samskiptum þeirra með samþykki beggja og fyrir að skoða eða hafa í

[248] Ríkissaksóknari. ‘Fyrirmæli 8/2017 um sáttamiðlun.’ <https://www.rikissaksoknari.is/fyrirmaeli/sattamidlun> Síðast sótt 12. október 2019.

[249] Owen Bowcott. ‘Sexting between children not automatically a crime, says CPS.’ *bbc.co.uk* (10. október 2016) <https://www.theguardian.com/law/2016/oct/10/virtual-mobbing-doxing-amount-criminal-activity-cps> Síðast sótt 12. október 2019.

[250] Barnaverndarstofa. ‘Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi) - 37. mál’, dbnr. 469, þskj. 37, 148. löggjþ. (2017-2018).

vörslu sinni slíkt efni. Það ætti hins vegar að vera óumdeilanlega refsivert að deila áfram slíku myndefni án samþykkis þess sem á myndefninu birtist.“[251]

Þessi sjónarmið standa í nánum tengslum við þá tröppuskiptu nálgun sem lögð hefur verið til grundvallar við túlkun Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að börn öðlist réttindi og fái að axla ábyrgð í samræmi við vaxandi þroska þeirra með aldrinum. Með hliðsjón af þessu má telja rétt að huga að breytingu á ákvæði 210. gr. a hgl. í átt að ákvæði 4. mgr. 311. gr. norsku hegningarlaganna þar sem kveðið er á um refsileysi kynferðislegra samskipta jafningja á svipuðum aldri, sem eiga sér stað með samþykki beggja. Málsgreinin orðast svo á frummálinu:

„Straffen kan falle bort for den som tar og besitter et bilde av en person mellom 16 og 18 år, dersom denne har gitt sitt samtykke og de to er omtrent jevnbyrdige i alder og utvikling.“

Þá mætti einnig taka mið af 2. málsl. 1. mgr. 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gegn börnum. Þar kemur fram sú undantekningarregla að séu gerandi og þolandi á svipuðum aldri og þroskastigi megi lækka refsingu eða láta hana falla niður. Undantekningin er komin til vegna þess að vilji löggjafans stóð ekki til þess að glæpavæða kynferðisleg samskipti ungmenna, heldur var markmiðið að tryggja vernd þeirra gagnvart kynferðisbrotum. Í greinargerð með frumvarpi því sem liggur að baki ákvæðinu kemur fram að aldursmunur í þessu samhengi sé í mesta lagi álitinn tvö til þrjú ár og að jafnræði verði að vera á milli aðila bæði hvað varðar líkamlegan og andlegan þroska.[252] Rétt væri að þessi undanþága myndi einnig ná til kynferðislegra samskipta ungmenna sem eiga sér stað með stafrænum hætti.

### 3.2.6 Hlutleysi gagnvart tækni og miðlum

McGlynn og Rackley fjalla um mikilvægi þess að huga að gæðum lagasetningar í ljósi fjölgunar brota gegn kynferðislegri friðhelgi einstaklinga, sem framin eru með hjálp stafrænnar tækni. Þær vara við því að lagasetning taki einvörðungu mið af afmörkuðum aðstæðum hverju sinni, sem geti haft góð áhrif til skamms tíma en verið skaðleg til lengri tíma

[251] Barnaheill - Save the Children á Íslandi, ‘Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi), dbnr. 452, þskj. 37, 148. löggjþ. (2017-2018).

[252] Ragnheiður Bragadóttir. ‘Refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum.’ *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum.* 2011. Bls. 173-190.

litið.[253] Þrátt fyrir að megináhersla þeirra lúti að því að löggjafinn taki mið af samfélagslegum og menningarlegum aðstæðum má einnig horfa til tæknilegra þátta í þessu samhengi. Þannig verður til að mynda lagasetning sem tekur einvörðungu mið af einu tjáningarformi en ekki öðru ekki til þess fallin að standast tímans tönn í örri tækniþróun. Það þarf því að gæta þess að orðalag og framsetning lagaákvæðis sé hlutlaus gagnvart tækni og miðlum. Dreifing og birting stafrænna samskipta tekur mið af þeim samskiptaleiðum sem eru ríkjandi á hverjum tíma. Þetta getur breyst hratt. Því er varasamt að lagasetning taki mið af framsetningarmöguleikum samfélagsmiðla hvers tíma þar sem ákvæðin gætu fyrir vikið úrelst hratt.

[253] Clare McGlynn og Erica Rackley (n 31, bls. 544).

# 4. Stefnumótandi aðgerðir

## 4.1 Forvarnir og fræðsla

*„Hvernig sé hægt að takmarka tjónið af stafrænu kynferðisofbeldi? Forvarnir, forvarnir, forvarnir og aftur forvarnir. Endurteknar, reglulegar og ekki bara einhver tímabundin átaksverkefni.“*

Í þessum viðbrögðum viðmælenda úr íslensku réttarvörslukerfi birtist afstaða um að lagasetning dugi ekki ein til sem viðbrögð stjórnvalda til þess að vernda kynferðislega friðhelgi. Sama viðhorf má greina í öðrum ríkjum. Fulltrúi skosku samtakanna Rape Crisis Scotland sem leiddu áskorun til skoskra stjórnvalda um að ráðast í lagabreytingu gegn stafrænu kynferðisofbeldi talaði á sömu nótum og sagði lagalega breytingu ekki duga til, það þyrfti einnig að stuðla að menningarbreytingu. Í því skyni hefði verið mikilvægt að stjórnvöld hefðu lagt upp með forvarnar- og fræðslustarf samhliða lagasetningu.[254] McGlynn og fleiri leggja til við bresk stjórnvöld að meðal þeirra aðgerða sem gripið verði til gegn myndrænu kynferðisofbeldi þar í landi sé markviss fræðsla um háttsemina á öllum skólastigum og að stjórnvöld fjármagni fræðslu- og forvarnarherferðir til þess að berjast gegn þeim viðhorfum sem liggja til grundvallar myndrænu kynferðisofbeldi.[255]

Megintilgangur forvarna er að koma í veg fyrir að tiltekin háttsemi eigi sér stað. Forvarnir í formi fræðslu, upplýsingamiðlunar og árvekniátaka hafa átt sér stað á fjölmörgum sviðum íslensks samfélags, þar á meðal um kynferðislegt ofbeldi. Árangursríku forvarnarstarfi varðandi kynferðisbrot gegn börnum hefur verið lýst sem þríþættu:

- Almennum forvörnum sem beinast að því að koma í veg fyrir ofbeldi með skýrri löggjöf.
- Viðhorfsbreytingum, fræðslu og samhæfingu viðkomandi stofnana, að stöðva ofbeldið, tryggja að þeir sem umgangast og starfa með börnum þekki einkenni kynferðisbrota gegn börnum og í gildi séu viðbragðsáætlanir til þess að stöðva háttsemina.

---

[254] Sophie Gallagher. 'Would making cyberflashing illegal make people stop sending dick pics?' *Huffingtonpost.co.uk* (10. júní 2019) <https://www.huffingtonpost.co.uk/entry/would-making-cyberflashing-illegal-stop-people-sending-dick-pics_uk_5c50674fe4b0d9f9be6951ce> Síðast sótt 12. október 2019.

[255] Clare McGlynn, Erika Rackley, Kelly Johnson (n 141, bls. 1 og 19).

- Bæta skaðann sem verður af ofbeldinu með því að styðja börn sem fyrir því verða til þess að takast á við og vinna úr afleiðingunum með aðstoð fagfólks, að til staðar séu úrræði og ekki síst stuðningur í þeirra nánasta umhverfi.[256]

Þessa heildstæðu sýn, sem markast af því að löggjöf, forvarnir og fræðsla, úrræði fyrir þolendur og virkni til þess að takast á við háttsemina innan viðeigandi stofnanakerfis samfélagsins spili saman, má að einhverju leyti heimfæra á þær aðstæður sem hér eru til umfjöllunar. Þá verður tekið undir sjónarmið fræðimanna um að forvarnir eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir kynferðisbrot af öllum toga. Þetta á ekki aðeins við um fræðilega og upplýsta umræðu fyrir þá sem starfa innar réttarvörslukerfisins, heldur einnig fyrir almenning og ekki síst ungt fólk.[257]

### 4.1.1 Inntak

Við framsetningu fræðslu- og forvarnarefnis varðandi stafrænt kynferðisofbeldi er mikilvægt að gæta þess að varast undirtón sem gæti nálgast þolendaskömm. Tekið verður undir með varnaðarorð Kolbrúnu Benediktsdóttur og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur um að áhersla á að besta leiðin til að forðast brot af þessum toga sé að taka ekki þátt í stafrænni kynferðislegri hegðun minnir um margt á þá tíma þegar þolendur nauðgana voru gerðir ábyrgðir fyrir brotum gegn þeim með vísan til klæðaburðar þeirra.[258] Réttara væri að undirbyggja í fræðslu og forvörnum viðhorf sem byggja á samþykki og nærgætni í stafrænum kynferðislegum samskiptum, enda gagnslaust að álykta að áhrif tækniþróunar á samskipti gæti ekki einnig í kynferðislegum samskiptum einstaklinga. Einstaklingar eru hvattir af stjórnvöldum og öðrum aðilum til þess að nýta tækni og nettengdar lausnir til þess að sinna erindum sem krefjast verulegs trausts á tækninni, stofnunum og því að aðrir fari gætilega með persónulegar upplýsingar þeirra á stafrænu formi. Nærtækt er að nefna bankastarfsemi og samskipti við skattayfirvöld sem dæmi í þessu samhengi. Engin ástæða er til þess að stjórnvöld taki stafrænt kynferðisofbeldi út fyrir sviga í forvörnum gegn stafrænni háttsemi og tali fyrir því að einstaklingar eigi ekki að leggja traust sitt á þessa innviði þegar kemur að kynferðislegum samskiptum. Enn fremur mætti nýta það tækifæri sem fælist í forvörnum sem byggjast á umræðu um innihaldsríkt samþykki í samhengi við þær

[256] Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir. '„Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér.“ Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi.' *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum.* Bls. 453-471.

[257] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 19).

[258] Kolbrún Benediktsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (n 8, bls. 427).

breytingar sem nýlega voru gerðar á 194. gr. almennra hegningarlaga sem kveður á um nauðgun. Með breytingunni var samþykki sett í forgrunn ákvæðisins í stað áherslu á verknaðaraðferð.[259]

Þá er rétt að huga að því að þegar kemur að forvörnum og fræðslu geti verið nauðsynlegt að nálgast efnið með mismunandi hætti gagnvart mismunandi hópum. Þá er nauðsynlegt að gæta þess að þær beinist ekki einvörðungu að þeim sem verða fyrir brotum, heldur einnig mögulegum gerendum. Einn viðmælandi í viðtalsrannsókn sagði að: „ég er ekki viss um að ungir strákar átti sig á því að þegar þeir eru að biðja einhverjar 13 ára stelpur um að senda sér brjóstamyndir að það sé í raun hugsanlega refsilagabrot. Það þarf fræðslu og forvarnir fyrir almenning, fyrir bæði þá sem eru mögulegir þolendur og gerendur.“ Erfitt er að horfa á gerendur sem einn hóp sem hægt sé að nálgast með sambærilegum hætti. Brotamenn eru þvert á móti fjölbreyttur hópur, þó að samkvæmt innlendri og erlendri tölfræði séu þeir flestir karlkyns. Eins og Marwick gerir grein fyrir getur verið stór munur á þeim viðhorfum til kynferðislegrar friðhelgi kvenna sem birtast í hefðbundnum fjölmiðlum og í afmörkuðum hópnum á netinu.[260] Samkvæmt rannsókn Marwick á viðbrögðum við leka á nektarmyndum frægra kvenna sem hófst á Reddit síðunni árið 2014 töldu notendur síðunnar að friðhelgi þeirra sjálfra væri mikilvæg, ekki síst gagnvart eftirliti opinberra aðila, en að birting og hin víðtæka dreifing myndanna án heimildar kvennanna væri réttlætanleg af ýmsum ástæðum; meðal annars hefðbundið þolendaskammar viðbrögð um að þær hefðu betur sleppt því að taka myndirnar. Fjölmiðlar hins vegar fjölluðu um málin í því samhengi að konurnar væru þolendur afbrota, friðhelgi þeirra hefði verið rofin og að atburðirnir væru dæmi um kerfisbundið kynjamisrétti.[261] Rannsóknir Marwick fjalla um viðhorf í bandarísku samfélagi og verða því ekki heimfærð án fyrirvara á íslenskt samfélag. Það má þó finna ákveðna hliðstæðu þegar borin eru saman viðhorf og umræður á spjallsvæði á vefsíðunni Chansluts.com þar sem íslenskir menn og drengir dreifa og skiptast á nektarmyndum af íslenskum konum og stúlkum og umfjöllun íslenskra fjölmiðla um vefsvæðið eftir að Hildur Friðriksdóttir fjallaði um úttekt sína á því. Þar birtust svipuð stef og í rannsóknum Marwick, mjög ólík afstaða notenda svæðisins og þeirra sjónarmiða sem birtust í fréttaflutningi og opinberri umfjöllun um málið. Þannig birtist í umræðum notenda spjallsvæðisins lítil virðing fyrir friðhelgi kvenna á myndunum og

[259] Lög nr. 16/2018, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

[260] Alice E. Marwick, ‘Scandal or sex crime? Gendered privacy and the celebrity nude photo leaks’ Etichs and Information Technology. (2017). Vol 19, Issue 3. Bls: 177-191 og 180.

[261] Ibid, bls. 187.

engir fyrirvarar við að notendur birtu, dreifðu og notuðu myndirnar í heimildarleysi, en í fjölmiðlum birtust áhyggjur af aðgerðaleysi lögreglu, réttarstöðu kvenna sem á myndum voru og ákall um aðgerðir af hálfu opinberra aðila til þess að koma í veg fyrir frekari brot.[262] Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að gæta ekki aðeins að þeim skilaboðum sem felast í forvörnum, heldur einnig framsetningu þeirra gagnvart ólíkum markhópum.

### 4.1.2 Fyrirkomulag

Þáttur frjálsra félagasamtaka í fræðslu- og forvörnum á Íslandi verður síst vanmetinn, enda hafa þau leikið lykilhlutverk í forvarnarstarfi um árabil. Ef horft er til reynslu annarra ríkja af fræðslu og forvörnum varðandi kynferðislega friðhelgi á stafrænum tímum verður að telja vænlegast að koma starfseminni fyrir með langtímastarfsemi í huga og tryggja fjármagn til lengri tíma en árs í senn. Þannig skapast fyrirsjáanleiki í rekstrarumhverfi og stöðugleiki fyrir þann aðila sem verkefnum sinnir. Hugsanlega má líta til samstarfssamnings Rauða Kross Íslands og dómsmálaráðuneytisins um lögfræðiaðstoð fyrir flóttafólk sem fyrirmynd fyrir langtíma samstarfsgrundvöll milli stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka.

Þá ber reynsla frá öðrum ríkjum einnig með sér að gagnlegt geti verið að greina á milli forvarnar- og fræðsluefnis sem beinist að fullorðnum annars vegar og börnum hins vegar. Fyrir þessu geta verið margar ástæður, ekki síst þær að lagaumgjörð skapar ólíka réttarstöðu aðila eftir atvikum, auk þess sem úrræði þeirra sem verða fyrir stafænum árásum á kynferðislega friðhelgi geta verið mismunandi eftir því á hvaða aldri brotaþoli er.

Mikil tækifæri eru í að ná til ungs fólks með kerfisbundnum hætti í gegnum skólakerfið og skipulagt tómstunda- og íþróttastarf, meðal annars með því að tengja forvarnar- og fræðsluefni við kennsluefni sem styður við markmið aðalnámskrár. Dönsk stjórnvöld hafa nýtt þetta tækifæri til þess að fjalla um stafrænt kynferðisofbeldi með markvissum hætti í skólakerfinu, auk þess sem gefið var út sérstakt kennsluefni til þess að styðja kennara við að koma skilaboðunum á framfæri við nemendur með samræmdum hætti. Framkvæmd af þessum toga krefst samhæfðrar aðkomu opinberra aðila. Íslensk stjórnvöld hafa áður ráðist í umfangsmikið forvarnarverkefni með

---

[262] Hildur Friðriksdóttir. 'Íslenskt hrelliklám' Prezi-kynning 22. febrúar 2017. <https://prezi.com/ye03rgki6rce/hefndarklam/> Síðast sótt 20. október 2019.

Erla Björg Gunnarsdóttir, 'Lögreglan máttlaus gagnvart nektarmyndum á netinu.' *Visir.is* (8. september 2014) <https://www.visir.is/g/2014709089991> síðast sótt 12. október 2019, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 'Sérstakt lagaákvæði um hrelliklám.' *Kjarninn.is* (4. október 2016) <https://kjarninn.is/skodun/2016-10-03-serstakt-lagaakvaedi-um-hrelliklam/> Síðast sótt 12. október 2019.

samstarfi ráðuneyta, opinberra stofnanna og frjálsra félagasamtaka. Það var í tengslum við fullgildingu Lanzarote samning Evrópuráðsins um kynferðislegt ofbeldi gegn og kynferðislega misneytingu á börnum sem stjórnvöld réðust í þriggja ára verkefni til þess að auka vitund um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Með verkefninu voru forvarnir kortlagðar og samhæfðar auk þess sem gripið var til samstarfs við frjáls félagasamtök og sjálfstæða aðila til þess að framleiða forvarnarefni á þeim sviðum sem talinn var skortur á.[263] Meðal þeirra verkefna sem verkefnisstjórn Vitundarvakningarinnar framleiddi var stuttmyndin Myndin af mér, leikið forvarnarmyndband fyrir unglinga, sem fjallaði meðal annars um stafrænt kynferðisofbeldi. Áður hafði verkefnisstjórnin fjármagnað stuttmyndina Fáðu já, sem fjallaði meðal annars um mörk kynlífs og kláms, en snerti ekki á stafrænu kynferðisofbeldi sérstaklega. Aðferðafræði stjórnvalda var að vinna í nánu samstarfi við félagasamtök og fræðsluaðila á málefnasviðinu og er til þess fallin að virkja víðara net en stjórnvöld ein geta náð til í gegnum slíkt verkefni. Hugsanlega mætti nýta reynslu og farvegi sem sköpuðust með verkefninu til þess að byggja á í tengslum við forvarnir um kynferðislega friðhelgi. Þá er mikilvægt að greina þá fræðslu eða forvarnir sem þegar er til eða eru í undirbúningi á vegum opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka, í þágu skilvirkni og hagkvæmni. Í litlu samfélagi eins og Íslandi er mikilvægt að leitast sé við að skipuleggja forvarnir þannig að aðföng nýtist sem best og samnýta þekkingu og tengslanet þvert á uppbyggingu aðila. Í þessu samhengi má til að mynda nefna ábendingahnapp Barnaheilla – Save the Children og stafræna ráðgjöf fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára á vefsíðunni Áttavitinn.is. Þá er rétt að geta þess að í stefnumótun á vegum stjórnvalda, Um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins – Tillögur að aðgerðum 2018-2022, er fjallað um mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða og fræðslu til þess að fækka tilvikum kynferðisbrota. Í þessu fælist meðal annars mikilvægi fræðslu fyrir ungt fólk um heilbrigða kynhegðun.[264] Hugsanlega mætti samþætta forvarnarfræðslu um kynferðislega friðhelgi, og sérstaklega varðandi stafræn kynferðisbrot, við það forvarnarstarf sem ráðist verður í á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar.

Horfa má til reynslu annarra ríkja af fræðslu- og forvarnarherferðum sem beinast gegn háttsemi sem fyrst og fremst á sér stað með stafrænu hætti. Dæmi um þetta er herferð á vegum norskra stjórnvalda gegn nethatri,

---

[263] 'Ofbeldi gegn börnum - fræðsluefni' *Stjornarradid.is* <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedsluefni/> Síðast sótt 26. apríl 2019.

[264] Um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins - Tillögur um aðgerðir 2018-2022 (n 168, bls. 18).

sérstaklega því sem beindist að ungum konum og stúlkum. Til þess að koma forvarnarskilaboðum á framfæri við almenning fengu stjórnvöld til liðs við sig áhrifavald á samfélagsmiðlum, unga konu sem var með vinsæla YouTube-rás. Enn fremur hafa norsk lögregluyfirvöld náð árangri í forvarnar- og fræðslustarfi varðandi stafrænt kynferðisofbeldi með tvíþættri nálgun í gegnum samfélagsmiðla annars vegar og skólaheimsóknum hins vegar sem hefur fengið jákvæð viðbrögð þar í landi.

Með hliðsjón af reynslu annarra ríkja verður einnig ráðið að öflug tengsl forvarnar- og fræðslustarfs við aðstoð og úrræði til þolenda eru líkleg til þess að skila árangri. Þetta á við hvort heldur sem starfsemin er samþætt eins og í Ástralíu eða samstarf á sér stað með óformlegri hætti.

## 4.2 Úrræði fyrir brotaþola

Þörf er á skýrum leiðbeiningum og ráðgjöf fyrir þá sem verða fyrir brotum af þessum toga. Þegar um er að ræða brotaþola sem eru börn að aldri eða ungt fólk er ekki síður mikilvægt að tryggja að úrræði séu auðskiljanleg fyrir aðstandendur þeirra. Þetta á ekki síst við í ljósi þess að í allri nálgun í vitundarvakningu og aukinni umræðu um ofbeldi og aðkast, sem börn verða fyrir, eru börn og ungmenni hvött til þess að leita til einhvers fullorðins sem þau treysta. Mikilvægt er að gæta þess að leiðbeiningar séu auðsóttar fyrir þá fullorðnu einstaklinga sem leitað er til í slíkum tilvikum.

Í nútímasamfélagi þurfa upplýsingar að vera aðgengilegar á stafrænu formi. Í þessu samhengi mætti horfa til fyrirmynda frá öðrum Norðurlandaþjóðum, Bretlandi og Ástralíu þar sem sérstakar heimasíður hafa verið útbúnar með upplýsingum um tæknileg og lagaleg úrræði, ráðgjöf um næstu skref og ábendingar um hvar megi leita stuðnings og aðstoðar við úrvinnslu brotanna. Í flestum þessara tilvika eiga stjórnvöld beina aðkomu að starfseminni; ýmist með fjármögnun hennar og/eða með aðkomu lögreglu og annarra viðeigandi stofnana.

### 4.2.1 Lagaleg og tæknileg ráðgjöf

Með hliðsjón af reynslu annarra ríkja verður lagt til að úrræði fyrir þolendur felist í ráðgjöf um lagalega og tæknilega þætti. Þannig geti þeir sem leita ráða bæði fengið vitneskju um lagaleg úrræði annars vegar og tæknileg úrræði hins vegar, til að mynda varðandi hægt sé að takmarka frekari dreifingu.

Hvort sem einstaklingur hefur hug á að leita til lögreglu eða nýta sér einkaréttarleg úrræði eftir að brotið hefur verið á honum kynferðislega er gagnlegt að fá upplýsingar um þær lögfræðilegu leiðir sem í boði eru hverju sinni. Þetta getur einnig verið mikilvægt með hliðsjón af framgangi málsins, sérstaklega ef farið er með mál í farveg refsivörslukerfisins. Þannig

þarf einföld lagaleg ráðgjöf að vera aðgengileg, til að mynda á netinu, til þess að þolendur geti áttað sig á næstu skrefum. Þá mætti einnig horfa til þeirra tillagna sem Hildur Fjóla Antonsdóttir hefur sett fram um að þolendur kynferðisbrota geti leitað aðstoðar réttargæslumanns vegna brotsins, hvort sem þeir ætla að halda áfram með málið innan refsivörslukerfisins eða ekki.[265]

Í niðurstöðum norrænnar úttektar á stafrænu ofbeldi á Norðurlöndum kemur fram að það skiptir þolendur oft gríðarmiklu máli að koma í veg fyrir frekari dreifingu á efninu.[266] Sömu viðhorf komu fram í viðtalsrannsókn við fulltrúa réttarvörslukerfisins sem töldu að í sumum tilvikum legðu brotaþolar meiri áherslu á að efninu yrði eytt og frekari dreifing þess takmörkuð en að geranda yrði refsað fyrir brotið. Þegar kemur að úrræðum fyrir þolendur kynferðisofbeldis, hvort heldur sem er vegna myndatöku, birtingar eða dreifingar efnis, hefur vettvangur brotsins mikið að segja um hvaða möguleikar eru í stöðunni til að takmarka frekara tjón. Þolandi sem verður fyrir dreifingu myndefnis í gegnum vefsíðu eða samfélagsmiðil hefur möguleika á að leita til viðkomandi fyrirtækis og biðja um að efnið verði fjarlægt af viðkomandi svæði. Viðbrögð kunna þó að vera háð starfsemi aðila og því hvort háttsemin er óheimil samkvæmt skilmálum viðkomandi aðila. Mikilvægt er að gæta þess að net- og samfélagsmiðlar eru ekki allir eins hvað þetta varðar, ekki heldur hvað varðar tæknilega uppbyggingu og framsetningu efnis. Dreifing sem á sér stað í gegnum samfélagsmiðla sem takmarka aðgang að efni sem deilt er í gegnum þá, til að mynda með dulkóðun samskipta eins og Whatsapp, krefst annars konar viðbragða en dreifing sem á sér stað með því að hlaða efni inn á vefsíðu sem er öllum aðgengileg á borð við spjallborð 4chan. Þá hafa vefsíður og samfélagsmiðlar mismunandi skilmála og viðmið um háttsemi sem getur vafist fyrir fólki með takmarkaða tækniþekkingu að setja sig inn í. Slíkir skilmálar geta hins vegar verið gagnlegir fyrir þolendur sem leggja áherslu á að takmarka frekari dreifingu efnis. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að ráð um þær aðgerðir sem einstaklingar geta sjálfir gripið til séu aðgengileg og skýr og hvernig sé best að haga samskiptum við mismunandi net- eða samfélagsmiðla. Í þeim tilvikum sem einstaklingar vilja leita til réttarvörslukerfisins er einnig mikilvægt að gæta þess að gögn sem skipt geta máli í tengslum við sönnun mála séu varðveitt með fullnægjandi hætti.

---

[265] Ari Brynjólfsson. 'Hræðilega erfitt að vita ekkert.' *Fréttablaðið* (18. maí 2019). <https://www.frettabladid.is/lifid/hraedilega-erfitt-ad-vita-ekkert/> Síðast sótt 15. nóvember 2019.

[266] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen (n 43).

Reynsla endurgjaldslausrar lögfræðiaðstoðar við Queen Mary-háskólann í London og Revengeporn-helpline í Englandi er sú að fólk á öllum aldri leiti til þeirra eftir aðstoð. Mikilvægt er að hafa hugfast að það er ekki aðeins ungt fólk sem á í stafrænum kynferðislegum samskiptum. Í tilfellum eldri brotaþola er ákveðin hætta á að efnið geti orðið enn þá meira stjórntækni í höndum gerenda ef samfélagslegt viðhorf til háttseminnar er á þá leið að þetta sé eitthvað sem unglingar gera þegar staðreyndin er sú að fólk á öllum aldri á í stafrænum kynferðislegum samskiptum. Gæta þarf að því að þrátt fyrir að fólk á öllum aldri noti tæknina til samskipta og sé fært til þess sem neytendur þá er færni þess misjöfn eftir aldurshópum þegar kemur að því að grípa til úrræða, tilkynna óviðeigandi hegðun eða ráðast í einhvers konar sjálfstæða skoðun á tæknilegum úrlausnarefnum á borð við hvernig fjarlægja eigi myndir eða fara fram á að þær verði fjarlægðar af vefsíðum. Tæknileg ráðgjöf getur verið grundvallaratriði, til dæmis hvernig fara eigi fram á að myndir séu fjarlægðar af samfélagsmiðli. Í því samhengi geta einfaldar upplýsingar á vefsvæði, rétt eins og á Instagramsíðu Kripos, haft mikið að segja.

### 4.2.2 Uppbygging með víðtækri aðkomu

Í flestum ríkjum sem hafa sett á laggirnar einhvers konar ráðgjafar- eða hjálparlínur fyrir einstaklinga, sem verða fyrir broti gegn kynferðislegri friðhelgi, hefur verið greint á milli ráðgjafar fyrir fullorðna brotaþola annars vegar og börn hins vegar. Þetta kemur að því er virðist ekki síst til vegna þess að starfsemi sem lýtur að forvörnum, fræðslu og úrræðum varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í gegnum netið hefur verið starfrækt um nokkurt skeið í mörgum ríkjum í Evrópu og í nokkrum tilvikum hefur úrræðum og ráðgjöf fyrir þolendur verið bætt við þá starfsemi. Þá eru úrræði og aðstoð sem standa til boða fyrir börn annars vegar og fullorðna hins vegar oft ólík, auk þess sem lagaumgjörðin er önnur. Enn fremur skiptir framsetning upplýsinga máli og skilar sér oft með mismunandi hætti til barna annars vegar og fullorðinna hins vegar.

Við mótun úrræða á Íslandi er mikilvægt að læra af reynslu annarra ríkja og nýta þá innviði sem þegar eru til staðar. Í því er ekki síst mikilvægt að horfa til samsetningar og baklands starfseminnar. Þegar kemur að úrræðum fyrir fullorðna einstaklinga er ljóst af reynslunni frá Danmörku og Englandi að það skiptir miklu máli að virkni úrræða til þess að fjarlægja efni af netinu eða takmarka dreifingu þess er háð því að tryggja gott samstarf við alþjóðleg tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla. Af reynslu samtakanna sem aðstoða fullorðna þolendur í Danmörku og Englandi er ljóst að bein tengsl við fulltrúa tæknisamfélagsins og helstu samfélagsmiðla eru afar mikilvæg fyrir virkni starfseminnar. Fyrirsvarsfólk ensku hjálparlínunnar telur þetta samstarf lykilþátt í velgengi hennar, enda feli góður aðgangur að helstu leikendum í sér skjótari viðbrögð, styttri boðleiðir og betri úrlausnir fyrir

þolendur, en að auki eigi ráðgjafarlínan með samstarfinu hauk í horni hvað varðar tæknilega ráðgjöf sem oft komi að góðum notum í ráðgjafastarfseminni. Á Íslandi eiga þolendur kynferðisofbeldis möguleika á að leita ráðgjafar og aðstoðar á vegum samstarfsverkefnisins Bjarkarhlíðar sem er gott dæmi um öfluga samvinnu frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila. Þá hafa samtök á borð við Stígamót og Drekaslóð leikið lykilhlutverk í stuðningi við þolendur kynferðisbrota, þar á meðal stafrænna kynferðisbrota. Þessi úrræði varða þó ekki lögfræðilega og tæknilega ráðgjöf nema að litlu leyti. Þó væri mikilvægt að horfa til hugsanlegrar samþættingar í þessu samhengi.

Reynsla af starfsemi sem gengur út á að miðla úrræðum til þess að takmarka dreifingu á kynferðislegu efni af börnum á netinu, bæði í Englandi og í Danmörku, bendir til þess að víðtæk aðkoma margra aðila sé lykillinn að velgengi starfseminnar. Í báðum ríkjum er um að ræða samþætta starfsemi sem rekin er af aðildarfélögum alþjóðlegu InHope-samtakanna og sinnir forvarnar- og fræðslustarfi og ráðgjöf og aðstoð við að finna hentug úrræði. InHope hefur í krafti skipulags síns verið samstarfsvettvangur fyrir frjáls félagasamtök, landsbundin lögregluyfirvöld og tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla sem starfa á heimsvísu. Samtökin byggjast á hugmyndafræði um samstarf aðila og telja samtökin slíkt fyrirkomulag heppilegast til þess að ná markmiðinu um að tryggja vernd og friðhelgi barna á netinu.[267] Barnaheill – Save the children á Íslandi eiga aðild að InHope í tengslum við sérstaka ábendingarlínu sem samtökin hafa rekið í samstarfi við ríkislögreglustjóra frá árinu 2001. Frá árinu 2010 hefur ábendingarlínan verið hluti af samstarfsverkefni Barnaheilla – Save the children á Íslandi, SAFT – verkefnis Heimilis og skóla og Lýðheilsustöðvar undir merkjunum „Safer Internet Center“ sem er þáttur í samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins.[268] Í gegnum ábendingarlínuna er hægt að senda ábendingar, undir nafni eða nafnlaust, um ólöglegt efni á netinu, þar á meðal um barnaníð, einelti og haturstal.[269] Þrátt fyrir að verkefnið byggist á því að virkja almenning til þess að benda á ólögmætt efni á netinu svo að hægt sé að fjarlægja það skjótt hefur takmarkað reynt á starfsemina í tengslum við stafrænt kynferðisofbeldi sem beinist að íslenskum ungmennum. Í starfseminni eru hins vegar innviðir og góður aðgangur að alþjóðlegu samstarfsneti sem öflugt væri að virkja við útfærslu

[267] Nánari upplýsingar eru á heimasíðu samtakanna: <http://www.inhopefoundation.org/> Síðast sótt 12. október 2019.

[268] Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir (n 256).

[269] Ábendingahnappurinn er á slóðinni: <https://www.barnaheill.is/is/abendingalina> Síðast sótt 11. desember 2019.

á íslenskri starfsemi sem miðaði að því að aðstoða barnunga þolendur stafræns kynferðisofbeldis.

### 4.2.3 Endurgjaldslaus þjónusta fyrir þolendur

Í samnorrænni úttekt á upplifun brotaþola af því að fylgja málum eftir í gegnum réttarvörslukerfið komu upp dæmi um að íslenskir þolendur hefðu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við að fylgja máli sínu eftir í gegnum kerfið. Það hafi meðal annars komið til af kostnaði við lögfræðilega og tæknilega aðstoð við framgang málsins, en þolendur upplifa þetta sem mikið óréttlæti.[270] Mikilvægt er að huga að því að aðstoð og frumráðgjöf til þolenda sé endurgjaldslaus.

Á vegum Queen Mary-háskólans í London er, sem fyrr segir, rekin endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fyrir þolendur stafræns kynferðisofbeldis þar sem nemendur veita fólki ráðgjöf á starfsstöð sinni undir handleiðslu starfandi lögmanna. Á vegum lagadeildar Háskóla Íslands og lagadeildar Háskólans í Reykjavík er starfrækt endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fyrir almenning. Hugsanlega mætti koma sérhæfðri ráðgjöf um stafræn brot í farveg á öðrum hvorum staðnum. Þannig mætti samhliða þjálfa laganema í að fást við stafræn lagaleg álitaefni og veita um leið almenningi leiðbeiningar og ráð um hvernig leita á réttar síns, hvort heldur sem er í gegnum refsivörslukerfið eða á grundvelli einkamáls eða sáttaumleitana.

## 4.3 Meðferð mála innan réttarvörslukerfisins

### 4.3.1 Þjálfun réttarvörslukerfisins

Þegar horft er til tölfræði á vegum Stígamóta um fjölda þeirra sem leita aðstoðar samtakanna vegna stafrænna kynferðisbrota og tölfræði um fjölda mála sem fá framgang innan réttarvörslukerfisins kemur í ljós nokkuð misræmi. Það virðist vera sem þolendur veigri sér við að leita til lögreglu, sem er í samræmi við það sem almennt hefur verið talið um kynferðisbrot. Eins og rakið er hér að framan, í umfjöllun um samnorræna úttekt á upplifun þolenda af því að fara með mál er varða stafræn brot gegn kynferðislegri friðhelgi í gegnum réttarkerfið, reyndist erfiðast á Íslandi að fá viðmælendur til að lýsa upplifun sinni.[271] Ástæður þess voru þær að þeir þolendur sem rannsakendur komust í samband við höfðu ekki leitað réttar síns í gegnum réttarvörslukerfið og gátu því ekki lýst upplifun sinni af meðferð málanna. Þolendur greindu frá því að þeir hefðu ekki leitað til

[270] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen (n 43).

[271] Ibid.

réttarvörslukerfisins vegna vantrausts á kerfinu og möguleikum þess til að vinna úr málinu.[272] Vísbendingar úr tölfræðiupplýsingum um umfang brota, tilkynningar þeirra til lögreglu og fjölda mála sem fara til meðferðar réttarvörslukerfisins styðja við þá ályktun að afstaða þolenda sem rætt var við í úttektinni sé til marks um viðhorfið almennt í samfélaginu. Með hliðsjón af því veigamikla hlutverki sem löggæsluyfirvöld gegna við framgang refsimála má ætla að ástæða sé til að bregðast við og tryggja að viðsnúningur verði í viðhorfi þolenda til lögreglunnar.

Í sömu úttekt var afstaða lögreglu til brotanna jafnframt könnuð. Niðurstöðurnar voru þær að í Danmörku og á Íslandi væri stafrænt kynferðisofbeldi ekki tekið jafn alvarlega og önnur brot og að verulegra úrbóta væri þörf hvað varðaði viðhorf og viðbrögð lögreglu til brotanna.[273] Sama var ekki upp á teningnum í Noregi þar sem sérstaklega var fjallað um Manglerud-deild lögreglunnar sem hefur tekið á ýmiss konar félagslega flóknum brotum á borð við hatursbrot og getið sér gott orð. Lögregluþjónar sem rætt var við þar taldi mikilvægt að sýna upplifun brotaþola skilning, taka reynslu þeirra alvarlega og taka brot af þessum toga föstum tökum. Það kom þó fram í máli þeirra að þetta verklag væri ekki endilega viðhaft í öllum lögregluembættum landsins.[274] Viðhorf íslensku og dönsku lögreglunnar virðast þó ekki einangraður vandi. Af rannsóknum frá Ástralíu má ráða að viðhorf lögregluþjóna til myndræns kynferðisofbeldi hefur haft neikvæð áhrif á framgang mála innan refsivörslukerfisins. Í viðtalsrannsókn við fulltrúa réttarvörslukerfisins og aðra hagsmunaaðila í Ástralíu kom fram að þrátt fyrir lagasetningu um refsinæmi háttseminnar hefði sakfellingum ekki fjölgað sjálfkrafa. Þau fimm atriði sem talin voru halda aftur af framgangi málanna innan réttarvörslukerfisins voru:

- Ósamræmi í lagaumgjörð.
- Skortur á aðföngum.
- Erfiðleikar við öflun sönnunargagna.
- Lögsöguvandi.
- Þolendaskömm og neikvæð viðhorf innan réttarvörslukerfisins.[275]

Henry, Flynn og Powell leggja til að til þess að bregðast við þessu verði refsilöggjöf skýrð, valdheimildir lögreglu til þess að fara fram á að efni

[272] Ibid, bls. 13.

[273] Ibid bls. 21.

[274] Ibid, bls. 21.

[275] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23).

verði fjarlægt af tilteknum vefsvæðum tryggðar og ráðist verði í heildstæða þjálfun og endurmenntun lögregluþjóna. Þjálfunin miði að því að lögregluþjónar öðlist bættan skilning á þessari tegund brota og þeim lagalegu úrræðum sem séu tæk til þess að bregðast við þeim. Þá þurfi þjálfunin að taka til viðeigandi viðbragða og viðmóts þegar stafrænt kynferðisofbeldi er tilkynnt og á meðan meðferð málanna stendur. Þetta þurfi að gera með styðjandi viðmóti gagnvart brotaþolum og sérstaklega þurfi í því samhengi að taka mið af þörfum minnihlutahópa á borð við hinsegin fólk og fatlað fólk.[276] Sambærileg sjónarmið komu fram í viðtölum við fulltrúa réttarvörslukerfisins, sem allir voru sammála um mikilvægi þess að tryggja öfluga þjálfun og símenntun lögregluþjóna í tengslum við brot sem eiga sér stað með stafrænum hætti. Einn viðmælandi sagði: „Það verða allir sem koma að rannsókn svona mála, ákæruvaldið og lögregla, að hafa ákveðna þekkingu. […] Það verða allir að vita hver forritin eru og hvernig þau virka." Þá verður ráðið af reynslu af framkvæmd laga í Bretlandi að lagasetning ein og sér dugi ekki til þess að ná fram breytingum á réttarframkvæmd. Eitt af hverjum þremur málum varðandi hrelliklám, sem tilkynnt eru til lögreglunnar, eru felld niður. Meginástæður þess virðast vera tvær. Annars vegar njóta kærendur ekki nafnleyndar við meðferð máls og í dómsniðurstöðu vegna þess að þessi brot flokkast ekki undir kynferðisbrot í laganna skilningi og það veldur brotaþolum ótta um að efnið komist í frekari dreifingu eða athygli verði vakin á málinu.[277] Hins vegar er skortur á stuðningi og skilningi innan réttarvörslukerfisins og þolendur upplifa þolendaskömm í samskiptum við fulltrúa lögreglunnar.[278] Þetta eru svipuð sjónarmið og komu fram í samnorrænu úttektinni.

Hluti af rannsóknum mála sem hafa fyrst og fremst átt sér stað í gegnum netið lýtur að því að upplýsa um stafræn samskipti. Þetta krefst sérhæfingar lögregluþjóna, nokkuð sem hefur verið unnið að innan lögreglunnar. Sérhæfingin snýr meðal annars að geymsluaðferðum, endurheimt efnis og upplýsinga, miðlun gagna og virkni samskiptaforrita.[279] Mikilvægt er að tryggja að rannsakendur hafi yfir að ráða reynslu og sérþekkingu til þess að annast rannsóknir á þessu sviði. Með hliðsjón af aukinni netvæðingu samskipta má einnig ljóst vera að mikilvægt er að tryggja að til staðar sé grundvallarþekking á þeim stafrænu miðlum sem í notkun eru hverju sinni og innsýn í gangverk stafrænna samskipta. Þetta á við um alla þá sem koma að framgangi málanna, ekki einvörðungu sérhæfða rannsakendur. Þá

[276] Nicola Henry, Asher Flynn & Anastasia Powell (n 23, bls. 576).

[277] North Yorkshire Police, Fire & Crime Commissioner (n 133).

[278] 'Revenge porn. One in three allegations dropped.' (n 132).

[279] Stefán Eiríksson (n 236).

eru það ekki aðeins lögregluþjónar sem hafa aðkomu að framgangi mála innan réttarvörslukerfisins. Því skiptir máli að tryggja að ákærendur og dómarar hafi yfir að ráða nýjustu þekkingu og færni til þess að takast á við mál er snúast um stafrænt kynferðisofbeldi. Þetta kom sterkt fram í svörum viðmælenda í viðtalsrannsókninni en þeir töldu mikilvægt að þjálfa fleiri en þá sem sinna rannsóknum á tölvubúnaði innan lögreglunnar. Þetta birtist meðal annars í svari eins viðmælanda sem sagði: „Í fyrsta lagi þarf að þjálfa lögreglumennina í svona „basic", í öllum málum nánast þarf að spegla síma eða tölvu. [...] það verða allir að kunna að tryggja gögnin. Hvaða gögn þurfum við og hvernig tryggjum við þau. Og ef allir geta gert þessi „basic" atriði þá er sönnunin betri í málunum. [...] það er ekki þannig núna." Í þessu samhengi má vísa til reynslu frá Bandaríkjunum þar sem talið hefur verið mikilvægt að gæta að því að gefa málum sem þessum vægi í rannsókn og saksókn og tryggja að til staðar sé þekking hjá ákæruvaldinu á sérstöðu þeirra.[280] Af reynslu Ástrala, Breta og Bandaríkjamanna má ráða að til þess að lagasetning skili tilætluðum árangri um bætta meðferð og skýran framgang mála sem varða rof á kynferðislegri friðhelgi þurfi að tryggja að bæði lögregluþjónar og ákærendur fái þjálfun og endurmenntun til þess að koma í veg fyrir að viðhorf sem markast af þolendaskömm eða álíka sjónarmiðum hafi neikvæð áhrif á framgang málanna innan refsivörslukerfisins. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur enn fremur í niðurstöðum sínum í málum sem varða kynbundið ofbeldi gegn konum talið aðildarríki skuldbundin til þess að tryggja meðal annars að viðhorf innan réttarvörslukerfisins komi ekki í veg fyrir að mál fái framgang innan kerfisins.[281]

Skortur á eftirfylgni með framkvæmd laga getur grafið undan gildi lagasetningar. Mikilvægt er að rannsakendum sé ljóst hvaða háttsemi um ræðir, hver þröskuldurinn sé og hvað þurfi að sanna. Markviss fræðsla fyrir lögregluþjóna um þessa þætti, til að mynda með útgáfu upplýsingabæklings til innanhússnota, hefur reynst vel í Skotlandi. Lögreglan þar telur að fjölgun í útgáfu ákæra vegna tilkynntra brota um „cyberflashing", í framhaldi af sérstakri lagasetningu sem gerði háttsemina refsiverða árið 2010, megi meðal annars rekja til þess að lögregluþjónar hafa fengið skilmerkilegar upplýsingar um hvaða sannanir þyrftu að liggja fyrir.[282] Mikilvægt er að

[280] 'When the internet turns violent and abusive' (n 94).

[281] Sjá umfjöllun um M.C gegn Búlgaríu í Björg Thorarensen. 'Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar.' *Mannréttindasáttmáli Evrópu, meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* 2017. Bls. 281-334. María Rún Bjarnadóttir, 'Heimilisofbeldi í Strassburg' Lögmannablaðið, 22 (3) 2016. Bls. 34-35.

[282] Sophie Gallagher (n 254).

upplýsa starfandi lögregluþjóna um lagabreytingar sem fela í sér eða kalla á endurskoðað verklag eða efnislegar breytingar sem varða framkvæmd laga. Þetta kemur jafnframt fram í viðtölum við starfandi lögregluþjóna sem tóku sem dæmi breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um brottvísanir af heimilum í tengslum við heimilsofbeldismál árið 2011. Ákvæðið komst hægt til framkvæmda og í viðtölum kom fram sú afstaða að það væri vegna þess að lagabreytingin og afleiddar breytingar á verklagi hefðu ekki verið nægilega vel kynntar fyrir starfandi lögregluþjónum. Regluleg fræðsla og endurmenntun myndi alfarið koma í veg fyrir slíkt. Þetta verður að telja sérstaklega mikilvægt í tengslum við brot sem eru að meginstefnu til stafræn, enda taka stafrænir miðlar og samskiptaleiðir reglulega breytingum sem mikilvægt er fyrir lögregluþjóna að hafa innsýn í.

### 4.3.2 Endurskoðað verklag

Meðal aðgerða sem dönsk stjórnvöld gripu til til þess að bregðast við stafrænu kynferðisofbeldi var að endurskoða verklagsreglur varðandi stafræn sönnunargögn þar sem reynslan sýndi að nokkur misbrestur væri á því að samhæfðu verklagi væri fylgt við vinnslu mála.[283] Hugsanlega væri gagnlegt að horfa til þessarar reynslu Dana á Íslandi, en viðtöl við fulltrúa réttarvörslukerfisins benda til þess að samhæft verklag við öflun stafrænna sönnunargagna væri gagnlegt fyrir úrvinnslu mála varðandi stafrænt kynferðisofbeldi. Þannig komu fram ábendingar um að ekki væri samhæft á hvaða formi upplýsinga væri aflað, eða þær vistaðar, og að samræmt verklag myndi hraða rannsókn mála. Þá hefur komið fram í formlegum yfirlýsingum á vegum einstakra lögregluembætta að til þess að bregðast við stafrænu kynferðisofbeldi þurfi heldur að leggja áherslu á að skýra og bæta verkferla innan réttarvörslukerfisins og uppræta skaðleg viðhorf en að ráðast í lagasetningu.[284]

Þá er ljóst af viðtölum við fulltrúa réttarvörslukerfisins að öflun sönnunargagna frá alþjóðlegum tæknifyrirtækjum og samfélagsmiðlum sé ekki í nægilega góðum farvegi. Þannig séu boðleiðir ekki nægilega opnar og verkferlar óljósir og jafnvel ekki fyrir hendi í einhverjum tilvikum. Þá sé málsmeðferðartími réttarbeiðna gríðarlega langur, sem valdi því að oft nýtast þau gögn sem aflað er ekki við meðferð refsimáls. Í þessu samhengi gæti verið gagnlegt að horfa til reynslu Svía sem hafa á umliðnum árum lagt nokkuð í að tryggja opnar samskiptaleiðir við helstu starfandi

---

[283] Regeringen (n 105).

[284] Valgeir Örn Ragnarsson. 'Vantar ákvæði um hefndarklám.' *ruv.is* (18. nóvember 2015) <https://www.ruv.is/frett/vantar-akvaedi-um-hefndarklam> Síðast sótt 12. október 2019.

samfélagsmiðla í landinu. Þetta hefur skilað verulega bættu upplýsingaflæði og aukinn aðgangur hefur haft í för með sér verulegar úrbætur á málsmeðferðartíma. Einnig mætti líta til samstarfs danskra lögregluyfirvalda við alþjóðleg tæknifyrirtæki og samfélagsmiðla sem komst í skýran farveg í framhaldi af hinu umfangsmikla umbrella-máli sem fjallað var um hér framar. Þar sem oft reynir á alþjóðlega samvinnu í málum sem varða stafræna háttsemi, vegna eðli og uppbyggingar internetsins, getur alþjóðleg samvinna í gegnum Europol skipt miklu máli fyrir vinnslu mála. Hins vegar virðist vera tækifæri til þess að bæta verkferla með hliðsjón af gagnavinnslu þó svo að það hafi reynst gríðarlega mikilvægt fyrir lögregluyfirvöld að hafa nægilega sterk tengsl við erlend lögregluembætti til þess að geta einnig átt óformleg samskipti í tengslum við rannsóknir. Meiri hluti viðmælenda í viðtalsrannsókn taldi mikilvægt að tryggja formlegt tengsl, en einnig óformleg tengsl við lögreglu í erlendum ríkjum, enda gætu slík samskipti verið mjög gagnleg við greiningu fyrstu skrefa í meðferð mála sem teygðu sig út fyrir landsteinana.

Verklag við rannsókn stafrænna brota hefur einnig verið þýðingarmikið við meðferð einstakra mála og haft áhrif á umfang þeirra. Í hinu umfangsmikla umbrella-máli í Danmörku, þegar um eitt þúsund manns sættu ákæru fyrir að dreifa stafrænu kynferðisofbeldi, telur lögreglan að árangurinn sé meðal annars að þakka því verklagi sem viðhaft var við rannsóknina. Þannig var lagt upp með að finna alla sem dreifðu efninu áfram og ákæra þá líka, en verklagið tryggði að öflun gagna ætti sér stað með svipuðum hætti og að þau yrðu vistuð á sambærilegu sniði. Þetta rannsóknarverklag virðist ekki vera lagt til grundvallar í þeim málum sem ratað hafa til íslenskra dómstóla. Í þessu samhengi má sérstaklega vísa til dóms Landsréttar í máli nr. 79/2018 frá 22. júní 2018 varðandi margþætt kynferðisbrot manns gegn öðrum manni sem hann hafði átt í flóknu sambandi við. Í málinu komu fram játningar annarra aðila um að hafa dreift efninu sem ákært var fyrir áfram í gegnum samfélagsmiðla, en þrátt fyrir það sætti það engum afleiðingum fyrir viðkomandi og framburðurinn var notaður sem vitnisburður. Af málsatvikalýsingu má ljóst vera að hinir aðilarnir tveir sem settu fram hótanir um frekari dreifingu játuðu með vitnisburði sínum háttsemi sem ætti að teljast sjálfstætt refsibrot.

### 4.3.3 Aðföng

Þess skal jafnframt getið að til þess að tryggja viðunandi meðferð mála innan réttarvörslukerfisins þurfa að koma til fullnægjandi aðföng; fjármagn, starfsfólk, búnaður og aðstaða sem tekur mið af þeim stafrænu áskorunum sem geta falist í meðferð mála er varða stafræn kynferðisbrot. Í þessu samhengi má einnig líta til þess að í samnorrænni úttekt um meðferð stafrænna kynferðisbrota kom í ljós að fulltrúar dönsku og íslensku lögreglunnar töldu verulega skorta mannafla og fjármagn til þess að geta

tekist á við brotin.[285] Frá því að úttektin fór fram hafa dönsk stjórnvöld gripið til þess ráðs að bæta aðföng lögreglunnar í því skyni að styrkja réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi í framkvæmd. Þetta er nokkuð sem einnig mætti huga að á Íslandi.

[285] Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen (n 43).

# 5. Niðurstaða og tillögur

Meginniðurstöður greinargerðarinnar eru þær að þörf sé á lagasetningu til þess að tryggja heildstæða og fullnægjandi réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga í íslenskum rétti og að henni ætti að fylgja eftir með þríþættum stefnumótandi aðgerðum sem lúta að forvörnum og fræðslu, úrbótum á meðferð mála innan réttarvörslukerfisins og stuðningi við þolendur. Það stafar af því að gildandi löggjöf veitir ekki fullnægjandi réttarvernd fyrir kynferðislega friðhelgi einstaklinga, sem birtist meðal annars í óskýrri dómaframkvæmd og neikvæðri upplifun þeirra sem farið hafa í gegnum réttarvörslukerfið með mál af þessum toga. Þá er ljóst af samfélagsumræðu, viðtölum við fulltrúa réttarvörslukerfisins og framlagningu frumvarpa á Alþingi að skýr lagasetning um háttsemina væri til þess fallin að koma til móts við samfélagslega þörf fyrir skýrari réttarvernd friðhelgi einstaklinga sem skapast hefur með aukinni tæknivæðingu í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að heimfærsla brota undir refsiákvæði sé skýr og fyrirsjáanleg og að ákvæðin taki mið af alvarleika háttseminnar sem til umfjöllunar er. Þá verður að teljast mikilvægt að samhljómur sé í heimfærslu brota í dómaframkvæmd frá sjónarhóli réttaröryggis.

Af reynslu annarra ríkja má ráða að mikilvægt er að stjórnvöld grípi til heildstæðra aðgerða sem styðji hver við aðra í því skyni að bæta vernd kynferðislegrar friðhelgi. Með hliðsjón af þessu er lagt til að forvarnar- og fræðsluefni haldist í hendur við lagasetningu, en um leið verði leitast við að bæta meðferð mála innan réttarvörslukerfisins og aðstoða einstaklinga að bregðast við og vinna úr brotunum. Þá er verðmætt tækifæri fólgið í lagasetningu til þess að ná fram sameiginlegum skilningi réttarvörslukerfisins og almennings um inntak og mörk kynferðislegrar friðhelgi á sífellt stafrænni tímum.

Enn fremur hefur skoðunin leitt í ljós mikilvægi þess að huga að lagabreytingum sem ekki falla innan þess ramma sem greinargerð þessari er markaður. Þar er annars vegar um að ræða samræmi refsimarka í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, en eins og fjallað er um er nokkuð ósamræmi í refsiramma brota sem reynt hefur á í tengslum við rof á kynferðislegri friðhelgi. Að mati höfundar er rétt að stjórnvöld ráðist í heildstæða skoðun á refsingum fyrir kynferðisbrot. Hins vegar er það mat höfundar að rétt sé að huga að refsivernd friðhelgi einkalífs með heildstæðum hætti í íslenskum rétti. Með hliðsjón af þeim miklu tækniframförum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru á næstu árum verður að telja tímabært að hugað sé að refsivernd friðhelgi einkalífs með víðtækum og heildstæðum hætti í íslenskum rétti. Hér er lagt til að

stjórnvöld ráðist í slíka vinnu. Í því samhengi mætti byggja á þeirri ígrunduðu vinnu sem sænsk stjórnvöld hafa ráðist í og meðal annars er byggt á í þeim lagabreytingatillögum sem hér eru settar fram.

## 5.1 Tillaga um lagabreytingar

Þegar um er að ræða heimildarlausa töku og birtingu kynferðislegs eða nærgönguls efnis, hvort heldur sem er með stafrænum eða hliðrænum hætti, veita gildandi ákvæði almennra hegningarlaga ófullnægjandi vernd. Þrátt fyrir að ákvæði laganna dugi til í einhverjum tilvikum leiðir skoðun lagaákvæðanna og dómaframkvæmdar í ljós að nokkuð vantar upp á til þess að tryggja heildstæða og þar af leiðandi fullnægjandi réttarvernd fyrir kynferðislega friðhelgi. Þetta helgast annars vegar af því að ekki er sérstaklega gert ráð fyrir háttseminni í ákvæðum laganna og hins vegar af því að dómaframkvæmd, sem er í þróun, er ekki nægilega samræmd. Svo að refsivernd laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi og áhrifum þess á kynferðislega friðhelgi einstaklinga þurfa að koma til breytingar á þeim köflum almennra hegningarlaga sem kveða á um kynferðisbrot og brot gegn friðhelgi einkalífs. Nokkrar leiðir eru færar í þessu skyni, en engin þeirra er gallalaus. Hér er lagt til að ráðist verði í eftirfarandi lagabreytingar:

### 5.1.1 Nýtt ákvæði 199. gr. a hgl. um kynferðislega friðhelgi

*199. gr. a almennra hegningarlaga:*
*Hver sem í heimildarleysi útbýr, dreifir eða birtir ljósmynd, kvikmynd, texta eða annað sambærilegt efni, sem sýnir nekt eða kynferðislega háttsemi annarra og sanngjarnt er og eðilegt að fara eigi með sem einkamál, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, en 2 árum sé brotið stórfellt.*
*Ef brot skv. 1. mgr. er framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi í allt að 1 ári.*
*Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar háttsemin er réttlætanleg*

Lagt er til að bætt verði sérstöku ákvæði við 199. gr. a í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga sem taki til kynferðislegrar friðhelgi. Meðfylgjandi tillaga að ákvæði sækir fyrirmynd til nýlegrar sænskrar löggjafar, en tekur mið af þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram við setningu og framkvæmd laga í Englandi og Wales, Skotlandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Við orðalag er hugað að samræmi við hugtakanotkun í almennum hegningarlögum og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ákvæðið tekur mið af þeim álitaefnum sem hér hefur verið fjallað um. Það er til þess fallið að skýra réttarframkvæmd og bæta réttarvernd kynferðislegrar friðhelgi einstaklinga á Íslandi. Með tillögunni er tekinn úr sambandi siðferðislegur grundvöllur refsinæmis og réttindamiðuð nálgun styrkt. Þá er komið til móts við þær áskoranir sem áhrif tækniframfara á samskipti hafa haft á vernd friðhelgi einstaklinga.

Þegar horft er til þeirra röksemda sem styðja við þessa nálgun má vísa í greinargerð með frumvarpi því er sneri að breytingum á kynferðisbrota-kaflanum árið 1992. Sjónarmiðið sem lá að baki því að breyta heiti kaflans úr *skírlífisbrot* í *kynferðisbrot* var að leggja fremur áherslu á einkenni háttseminnar en þau áhrif sem hún hefði á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola. Þá var markmiðið með setningu lagaákvæðisins um kynferðislega áreitni að vernda persónulegt frelsi, mannhelgi og kynfrelsi einstaklingsins, en einnig var með setningu þess stefnt að því að „beina athyglinni að þessum brotum í ríkari mæli en verið hafi og taka harðar á brotunum".[286] Sömu sjónarmið eiga enn við, en nú um kynferðislega friðhelgi einstaklinga sem sérstaklega er sótt að með þeim samfélags- og tæknibreytingum sem orðið hafa á síðustu árum. Því er rétt að orðalag laganna taki mið af þeim hagsmunum sem til skoðunar eru og í því samhengi verði einblínt á áhrif á brotaþola fremur en hið siðræðna viðhorf almennings til brotsins og brotaþola. Þá er öflugt markmið með lagabreytingu sem ætlað er að styrkja refsivernd kynferðislegrar friðhelgi að vernda þá grundvallarhagsmuni sem persónulegt frelsi, mannhelgi og kynfrelsi einstaklinga er og veita brotunum meiri athygli en gert hefur verið og taka harðar á þeim. Þannig sendir löggjafinn skýr réttarpólitísk skilaboð um þau markmið sem átti að vernda með lagabreytingu – rétt eins og gert var með breytingum á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga árið 1992.

Hér er lögð til sú leið að setja nýtt ákvæði sem hefur áhrif á flokkun kynferðisbrota sem þegar er fjallað um í regluverkinu og fjallað hefur verið um sem skala kynferðisbrota. Aðrar leiðir eru færar að því marki að styrkja refsivernd kynferðislegrar friðhelgi, sem gætu haft minni áhrif á þann skala. Í stað þess að leggja til nýtt ákvæði mætti ráðast í endurskoðun á 209. gr. hgl. um blygðunarsemi og leggja grundvöll að skýrari mörkum þess í réttarframkvæmd, sérstaklega gagnvart 199. gr. hgl. um kynferðislega áreitni. Skoðun á dómaframkvæmd leiddi í ljós veikleika á blygðunarsemisákvæðinu sem gera að verkum að það nýtist ekki fyllilega til þess að veita kynferðislegri friðhelgi refsivernd á tímum stafrænna

[286] Ragnheiður Bragadóttir (n 177, bls. 354 og 360).

